Boltaleikur fyrir Maríu

FALLEG JÓLASAGA FYRIR UNGA SEM ALDNA EFTIR RITHÖFUNDINN PAULO COELHO



30

Ég veit vel að Hann heyrir

SIGURBJÖRN EINARSSON BISKUP SEGIR AÐ SANNLEIKUR JÓLABOÐSKAPARINS SÉ ENN ÓHAGGANLEGUR.

26

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. desember 2007 — 350. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Bjargar jólunum

Siggi Hall sest síðastur niður á aðfangadagskvöld.

FÓLK 66

Fæddur undir heillastjörnu

Heimir Sindrason tannlæknir á afmæli á aðfangadag. Hann hefur þó aldrei liðið fyrir.

TÍMAMÓT 22

Topp tíu listinn klár

Nú er ljóst hvaða tíu íþróttamenn urðu efstir í kjöri Íþróttamanns ársins 2007.

ÍÞRÓTTIR 58

VEÐRIÐ Í DAG



STREKKINGUR VESTAN TIL

- Í dag verður sunnan strekkingur vestan til, annars hægari. Snjó- eða slydduél sunnan til og vestan en bjart með köflum norðanlands og austan. Frostlaust með ströndum sunnan og vestan til, annars frost.

VEÐUR 4

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gleðileg jól!

Laddi og Björgvin vinsælastir:

Velta 385 milljónum á árinu

SKEMMTANIR Skemmtikraftarnir Laddi og Björgvin Halldórsson hafa samanlagt velt um 385 milljónum króna á rúmu einu ári með geisladiskasölu sinni, tónleikahaldi og leiksýningum.

Laddi hefur selt tæp sautján þúsund eintök af plötum sínum auk þess sem yfir fjörutíu þúsund manns hafa séð leiksýningu hans Laddi 6-tugur. Björgvin hefur selt plötur sínar í tæpum tuttugu þúsund eintökum og haldið sex tónleika í Laugardalshöll fyrir níu þúsund manns. Þótt þeir fái ekki nema hluta af veltunni í eigin vasa ættu þeir að eiga fyrir salti í jólagrautinn og rúmlega það.

Sjá síðu 66 / -fb

El Clásico á Spáni í gærkvöldi:

Eiður Smári sat á bekknum

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen var settur út úr byrjunarliði Barcelona fyrir leikinn á móti Real Madrid og fékk ekkert að koma við sögu í risaleik spænska boltans í gærkvöldi.

Barcelona tapaði leiknum 0-1 á heimavelli og er nú sjö stigum á eftir erkifjendum sínum frá Madríd. - óój / Sjá íþróttir bls. 60

Sannkölluð jólahús:

Myrkratjöldin mikilvæg

JÓL Landsmenn leggja mismikið upp úr því að skreyta hús sín yfir hátíðarnar og óhætt er að segja að sumir gangi lengra en aðrir.

Húsbændur í helstu „jólahúsum“ landsins taka sér frí í vinnu til að setja upp ljósin sem gjarnan er kveikt á allan sólarhringinn. „Þá skiptir máli að vera með góð myrkratjöld,“ segir Grétar Ólason á Týsvöllum í Reykjanesbæ. - vig / sjá síðu 42



Tæpar fimm milljónir hafa safnast við sölu sérstakra gjafabréfa Hjálparstarfsins:

Geitur vinsælastar fyrir jólin

HJÁLPARSTARF „Fólki þykir afskaplega gott að geta gefið jólagjöf sem gefur af sér,“ segir Jónas Þórir Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar. Tæpar fimm milljónir króna hafa safnast á sölu sérstakra gjafabréfa fyrir jólin, sem nýtast bágstöddum meðal annars í Úganda og á Indlandi.

„Gjafabréf upp á geitur eru mjög vinsæl þessi jól. Fólk er líka að gefa vatn, grænmetisgarða og skóglendi. Svo er hægt að kaupa gjafabréf upp á að barn verði leyst úr skuldaánauð,“ segir Jónas.

Auk hagnaðs af sölu gjafabréfa hafa safnast um sextán milljónir í hefðbundinni söfnun Hjálparstarfsins, sem stendur fram í janúar. En Jónas er sérstaklega ánægður með gjafabréfin, sem fólk getur meðal annars keypt á vefnum www.gjofsemgefur.is.

„Fólk getur keypt kamra, uxa, hjól, saumavélar og hvað sem það kann að vera,“ segir Jónas. „Hér koma heilu fjölskyldurnar að kaupa gjafabréf, annað hvort til að láta fylgja með jólapakkanum eða til að gefa ömmu og afa eða einhverjum sem á allt.“

- sgj

SPURNING DAGSINS

Stefán, mokaðir þú þeim út?

„Nei, ég kastaði þeim út."

Síbrotamenn á fíkniefnum rændu Litlu-kaffistofuna á laugardagsmorgun vopnaðir hníf og kylfu. Stefán Þormar Guðmundsson, eigandi staðarins, varðist þeim með skóflu.

Einkaaðilar sem annast innheimtu opinberra gjalda Reykjavíkurborgar:

Samningar ekki boðnir út

REYKJAVÍK Samningar um innheimtuþjónustu á vegum borgarinnar hafa hingað til ekki verið boðnir út, þrátt fyrir að fjölmörg ákvæði í almennri stefnu hennar gefi til kynna að svo skuli gert.

Fréttablaðið hefur greint ítarlega frá samningagerð borgarinnar við innheimtuna Momentum.

Í röksemdafærslu Birgis Finnbogasonar, þáverandi fjármálastjóra, fyrir beinum samningum um innheimtu vangoldinna fasteignagjalda, taldi hann upp fyrir borgarráði fordæmi svipaðra samninga.

SPRON, Intrum og Óskar Norðmann, einn stjórnarmanna Momentums, hafa í gegnum tíðina séð um ýmsa innheimtu fyrir borgina og „ekki er sýnilegt [...] að þeir byggi á útboði," eins og Birgir orðar það. Útboð hafi ekki þekkst.

Önnur röksemd Birgis fyrir samningnum við Momentum er sú að með því að „hvetja" gjaldendur til að greiða skuldir sínar, sé ólíklegra að vanskilafólk hafi „hag" af því að borga aðrar skuldir fyrst.

Umrædd hvatning getur hækkað skuldina um 43 prósent.

Nýr borgarstjóri hefur kallað þessa innheimtu „blóðuga" en kveður borgina bundna af samningum. Einnig vill hann að útboð séu reglan og beinir samningar undantekning í viðskiptum borgarinnar. - kóþ

MOMENTUM Fyrirtækin Spron og Intrum, ásamt Óskari Norðmann, einum stjórnanda Momentums, hafa einnig séð um innheimtu fyrir borgina. Þeir samningar voru heldur ekki boðnir út. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fangageymslur lögreglu fullar:

Fjórtán teknir í fíkniefnaeftirliti

LÖGREGLUMÁL Fangageymslur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu voru fullar í gærmorgun eftir nóttina. Fjórtán fíkniefnamál komu upp, fjórar líkamsárásir voru tilkynntar, einn var tekinn ölvaður undir stýri og annar undir áhrifum fíkniefna.

Að sögn varðstjóra voru fíkniefnamálin afrakstur eftirlits lögregluhóps á skemmtistöðum borgarinnar. Um neysluskammta var að ræða í öllum tilfellum.

Þar að auki voru níu handteknir fyrir brot á lögreglusamþykkt, flestir fyrir ólæti og að kunna ekki fótum sínum forráð. - sþs

JENNIFER GOOCH, STOFNANDI SÍÐUNNAR Vefsíðan fékk 55.000 heimsóknir fyrstu tíu dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjögur hanskapör sameinast:

Vefsíða fyrir týnda hanska

BANDARÍKIN, AP Íbúar Pittsburgh í Bandaríkjunum sem týna hanska þurfa ekki lengur að henda hinum og fjárfesta í nýju pari.

Fyrir mánuði opnaði bandarískri listneminn Jennifer Gooch vefsíðuna www.onecoldhand.com þar sem hún birtir myndir af týndum hönskum sem hún viðar að sér í Pittsburgh þar sem hún býr. Hefur hún sameinað fjögur hanskapör frá opnun síðunnar.

Gooch áætlar að setja upp svipaðar síður í fleiri löndum og hafa síður þegar verið opnaðar í öðrum bandarískum borgum, í Kanada og á Ítalíu. - sdg

Sjúkraflug frá Húsavík:

Maður fluttur á Landspítala

HEILBRIGÐISMÁL Maður var fluttur með sjúkraflugi frá Húsavík og til Reykjavíkur í gær. Flug mannsins var sett í mesta forgang, enda var hann talinn vera mjög hjartveikur.

Hann liggur að öllum líkindum inni á hjartadeild Landspítalans. Þaðan fengust hins vegar engar upplýsingar um líðan mannsins, spítalinn hefði ekki mannafla til að sinna upplýsingaþjónustu.

Beiðni um flugið barst slökkviliði Akureyrar klukkan 11.20 og lenti vélin með manninn í borginni klukkan 13.00. - kóþ

Fréttablaðið yfir hátíðirnar:

Næsta tölublað á fimmtudag

JÓL Næsta útgáfa Fréttablaðsins verður fimmtudaginn 27. desember, en netsíðan Visir.is mun halda úti öflugri fréttavakt allar hátíðarnar.

Auglýsingadeild Fréttablaðsins verður opin í tvo daga milli jóla og nýárs; fimmtudaginn 27. og föstudaginn 28. desember.

Lokað verður aðra daga, svo sem á aðfangadag, annan í jólum og á gamlársdag.

Draga má lærdóm af Móðuharðindum

Tímaritið The Economist fjallar ítarlega um Skaftárelda í jólablaði sínu. Móðuharðindin hafi valdið uppskerubresti og dauða milljóna manna um allan heim. Tímaritið segir að læra megi um loftslagsbreytingar af atburðunum.

VÍSINDI „Hörmungarnar á Íslandi voru aðeins upphafið að mun stærri slóð eyðileggingar sem teygði sig hálfa leið kringum heiminn, frá Altai-fjöllum í Síberíu til Mexíkóflóa," segir í umfjöllun um Skaftárelda í jólatölublaði tímaritsins The Economist.

Skaftáreldar hófust með gosi í Laka 8. júní árið 1783. Það sem fylgdi er gjarnan kallað Móðuharðindin, vegna gríðarlegs magns gass sem kom upp með gosinu og barst með veðri og vindum víða um heim.

„Menn hafa verið að rannsaka áhrif Lakagossins á samfélög víða um heim í nokkurn tíma," segir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur. „Úr Laka var gasið þungt, barst með yfirborðinu og fór mjög víða. Það drakk í sig geislun sólar svo að yfirborð jarðar hitnaði ekki og uppskera brast."

Í greininni í The Economist eru atburðirnir tengdir við ógnir hlýnunar jarðar sem talin er yfirvofandi. Sagt er að viðbrögð mannanna við veðurfarsbreytingum valdi sjálf miklum skaða. „Sumir halda að loftslagsbreytingar skelli á okkur eins og hver önnur hitabylgja, en þær verða á áratugum," segir Einar. „Veðursveiflur, eins og í kjölfar flestra eldgosa, hafa ekkert að segja um þessa yfirvofandi hnattrænu hlýnun."

Sagt er frá því í grein tímaritsins hvernig móðan breiddist yfir Evrópu. Tveimur dögum eftir upphaf gossins varð hennar vart í Danmörku og í Noregi. Sex dögum seinna vofði hún yfir Prag og degi seinna Berlín. Undir lok júní hafði móðan borist til Rússlands, Sýrlands og Írak.

Í Evrópu þykknaði móðan og skemmdi uppskeru. Um 23 þúsund Englendingar létust umfram það sem venjulegt gæti talist á þessum tíma og fimm prósent frönsku þjóðarinnar lést um sumarið. Segir í greininni að þetta megi rekja beint til Skaftárelda.

Hitastig um allan heim lækkaði næsta árið. Á Íslandi var þremur gráðum kaldara en venjulega og í Evrópu að meðaltali tveimur gráðum kaldara en á venjulegu ári. Í Bandaríkjunum var fimm gráðum kaldara en meðallagið og kuldinn í Japan var svo mikill að hrísgrjónauppskeran brast. Er talið að dauða milljón manns megi rekja til þessa. steindor@frettabladid.is

LAKAGÍGAR Vatn og mosi hylja nú hraunið sem rann úr Lakagígum á átjándu öld.

Árangursríkt eftirlit á Siglufirði:

Hundur fann fíkniefnaþef

LÖGREGLUMÁL Þrír karlmenn voru handteknir vegna fíkniefnamáls á Siglufirði í fyrrinótt. Nokkurt magn fíkniefna fannst þegar leitað var í húsum þeirra í kjölfarið, segir á fréttavef lögreglunnar á Akureyri. Einnig var leitað í bifreið í eigu mannanna.

Lögreglan á Siglufirði naut aðstoðar fíkniefnahunds lögreglunnar á Akureyri við eftirlitið. Mennirnir voru yfirheyrðir og sleppt að því loknu. - sþs

Sauma þurfti þrjátíu spor:

Grýtti glasi í andlit gests

LÖGREGLUMÁL Maður henti glasi í andlitið á öðrum í Reykjanesbæ aðfaranótt laugardags. Sá var fluttur á sjúkrahús þar sem sauma þurfti í hann þrjátíu spor. Árásarmaðurinn fannst ekki þegar lögregla reyndi að ná af honum tali í fyrradag, en hann átti að yfirheyra í gær.

Árásin átti sér stað inni á staðnum Mamma Mía í Sandgerði. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu varð mönnunum sundurorða, og endaði rifrildið með því að annar henti glasi framan í hinn. Líðan fórnarlambsins er sögð góð eftir atvikum. - sþs

LÖGREGLUFRÉTTIR

Líkamsárás á Akranesi

Ráðist var á mann aðfaranótt laugardags á Akranesi. Kæra hefur verið lögð fram vegna árásarinnar. Maðurinn var með verulega áverka á andliti þegar lögregla kom að honum, en ekki alvarlega slasaður. Að öðru leyti verst lögreglan á Akranesi fregna af málinu meðan það er í rannsókn.

Okkur langar að bjóða upp á smá tilbreytingu, segir organisti og söngstjóri Lindarsóknar:

Guðsþjónusta með ekta kúrekablæ

HÁTÍÐARHÖLD Heldur óvenjuleg messa verður annan dag jóla í Lindarsókn en þar verða þekkt jólalög leikin í kántrístíl. Ekki er nóg með það heldur verða tónlistarmennirnir uppáklæddir í fullum kúrekaklæðum.

„Við erum bara nokkuð vissir um að fólk verði búið að fá nóg af hátíðleikanum svo okkur langar að bjóða upp á smá tilbreytingu," segir Keith Reed, organisti og söngstjóri Lindarsóknar. „Það verður eflaust forvitnilegt fyrir fólk að heyra jólalögin leikin á fiðlu og banjó með kúrekastíl. Það verður enginn línudans að þessu sinni en ef þetta fer nú allt vel er hugsanlegt að við setjum hann inn í dagskrána á næsta ári," segir Keith kankvís.

Þar sem byggingu Lindarkirkju er ekki lokið fara guðsþjónustur sóknarinnar fram í Salaskóla og hefst hún klukkan ellefu á miðvikudag en um næstu jól er fyrirhugað að Lindarkirkja verði tilbúin.

„Ég er frá Bandaríkjunum og ég hef svolítið gaman af kántrí, svona endrum og eins að minnsta kosti. Þetta er svona eins og með Íslendinga og skötuna, menn myndu ekki vilja hafa hana á borði alla daga en hún er góð einstaka sinnum."

Meðal laga á dagskrá er Heims um ból og segir Keith að eflaust þyki mörgum forvitnilegt að heyra hvernig það kemur út í túlkun þeirra kántrímanna. - jse

KEITH REED TILBÚINN Í KÚREKAMESSU Söngstjóri Lindarsóknar segir að bjóða verði sóknarbörnum upp á tilbreytingu og hann situr ekki við orðin tóm heldur býður til kúrekamessu á annan dag jóla.

ÍSLENSKA/SÍA.IS/ TOY 40166 12/07

Gleðileg jól

Við óskum landsmönnum, nær og fjær, gleðilegra jóla og árs og friðar. Þökkum viðskiptavinum ánægjuleg samskipti og traustið sem þeir hafa sýnt okkur á árinu sem er að líða.

Starfsfólk Toyota

GENGIÐ 21.12.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	63,64	63,94
Sterlingspund	126,32	126,94
Evra	91,4	91,92
Dönsk króna	12,248	12,32
Norsk króna	11,386	11,454
Sænsk króna	9,683	9,739
Japanskt jen	0,5615	0,5647
SDR	99,39	99,99

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,4348
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kári Stefánsson um dóm siðanefndar fyrir ummæli í sjónvarpi árið 2005:

Fer fram á 30 merkur silfurs

LÆKNAMÁL Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, ætlar að láta kanna möguleikana á því að fá úrskurð siðanefndar Læknafélags Íslands dæmdan ómerkan og fara fram á fjárbætur þar sem úrskurðurinn hafi valdið sér skaða. Siðanefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að Kári hafi brotið gegn siðareglum lækna með þeim ummælum sínum í sjónvarpi árið 2005 að Jóhann Tómasson læknir hefði sig á heilanum.

„Þeir halda því fram að ég hafi í orðum mínum lítillækkað Jóhann Tómasson sem er ekki rétt. Jóhann sagði fullum fetum að ég væri óhæfur til að sinna störfum sem læknir, ég hefði ekki lækningaleyfi og svo framvegis. Það er ekki skoðun hvort maður hafi lækningaleyfi. Annað hvort hefur maður það eða ekki. Ég hafði það og hef það. Þegar ég segi um mann sem er búinn að skrifa um mig tugi greina að hann hafi mig á heilanum þá er ekki þungt til orða tekið. Þetta hljómar næstum því eins og siðanefndin sé ekki bara að banna mér að bera hönd fyrir höfuð mér, hún sé að banna mér að beygja mig þegar skít er kastað í mig," segir Kári.

KÁRI STEFÁNSSON

Hversu miklar fjárbætur muntu fara fram á? „Ég reikna með að krefjast þess að fá þrjátíu merkur silfurs," svarar hann og kveðst ekki vita hve mikið það er í krónum og aurum. „Það er aukaatriði. Hitt hefur táknræna merkingu," segir hann og bendir á að annars staðar í heiminum taki menn úrskurð siðanefnda alvarlega. Í því felist skaðinn. „Og brotið sem ég framdi er að hafa sagt í sjónvarpi að maður sem hafði skrifað um mig tugi greina hefði mig á heilanum." - ghs

Reyndi að stinga lögreglu af:

Tekinn tvisvar sama kvöld

LÖGREGLUMÁL Ökumaður var stöðvaður tvisvar undir áhrifum fíkniefna á Akureyri á laugardagskvöld. Í seinna skiptið reyndi hann að stinga lögregluþjóna af á hlaupum en náðist fljótt. Hann var handtekinn.

Maðurinn var stöðvaður í fyrra skiptið seint á laugardagskvöld vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna. Tekin voru úr honum sýni á lögreglustöð, og honum sleppt.

Síðar um nóttina komu lögreglumenn auga á hann á ferð, og gáfu honum stöðvunarmerki. Þá reyndi hann að hlaupa lögreglumennina af sér, en mistókst. - sþs

Ósáttur fyrir utan Sjallann:

Sparkaði í laganna vörð

LÖGREGLUMÁL Maður réðst á lögregluþjón fyrir utan skemmtistaðinn Sjallann á Akureyri í fyrrinótt. Lögreglumaðurinn slasaðist ekki alvarlega, en hlaut mar á fótum og baki. Árásarmaðurinn fékk að gista fangageymslur en var sleppt að loknum yfirheyrslum í gær.

Lögreglan var kölluð á staðinn vegna þess að maðurinn hafði ráðist á dyraverði staðarins og skallað einn þeirra í andlitið. Þegar lögregla hafði afskipti af manninum réðst hann á lögregluþjónana og sparkaði í fætur og bak eins þeirra, samkvæmt fréttavef lögreglunnar. - sþs

Fengu að gista fangageymslu:

Ölvaðir flæktust í BYKO-girðingu

LÖGREGLUMÁL Tveir menn voru handteknir í Reykjanesbæ í fyrrinótt eftir að bifreið þeirra hafnaði á girðingu við verslun BYKO við Víkurbraut. Ökumaðurinn er grunaður um ölvun við akstur.

Samkvæmt fréttavef lögreglunnar á Suðurnesjum voru þeir báðir færðir í fangageymslur, og átti að yfirheyra þá þegar áfengisvíman væri runnin af þeim.

Sömu nótt voru þrír menn kærðir fyrir að kasta af sér þvagi á almannafæri í miðbæ Reykjanesbæjar. - sþs

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bílslys í Mosfellsbæ

Minniháttar slys urðu á fólki þegar tvær bifreiðar skullu saman á Vesturlandsvegi við Hjarðarland í Mosfellsbæ klukkan hálf níu á laugardagskvöld. Tækjabíl lögreglu þurfti til að losa einn úr bílnum.

Verktakar lána fyrir húsnæðiskaupunum

Byggingaverktaki hyggst bjóða íbúðakaupendum lán fyrir tíu prósentum af kaupverði til viðbótar við önnur lán. Brugðist við erfiðleikum þeirra sem ekki eiga stóra útborgun. Verður algengara breytist ástandið ekki segir fasteignasali.

VIÐSKIPTI Byggingaverktakinn Gissur og Pálmi ehf. ætlar eftir áramót að bjóða þeim sem kaupa íbúðir í fjölbýlishúsi félagsins í Norðlingaholti lán fyrir allt að tíu prósentum af kaupverði til viðbótar við lán Íbúðarlánasjóðs eða banka.

„Við ætlum að gera þetta til að örva söluna. Við höfum orðið varir við að fólk vantar upp á útborgunina," segir Gissur Jóhannsson, framkvæmdastjóri og annar eigenda Gissurs og Pálma.

„Fólk sem hefur að öllu jöfnu góðar tekjur, en er kannski nýkomið úr námi, vantar gjarnan stofnfé," segir Gissur. Hann segir að þeir sem komist í gegnum greiðslumat fái að taka lán hjá félaginu.

Spurður hvernig standi til að fjármagna lánin segir Gissur: „Það er ekki alveg búið að negla það, við gerum það væntanlega sjálfir til að byrja með."

Ásett verð á þriggja til fjögurra herbergja íbúð er á bilinu 25-28 milljónir króna. Gissur reiknar með að lána allt að tíu prósent til 25 ára, á sjö prósenta föstum vöxtum, án uppgreiðslugjalds.

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Gissur og Pálmi grípa til þess að lána sjálfir. Fyrir rúmlega áratug var lánað fyrir hluta íbúða í Grafarvoginum. Gissur segir að þar hafi allt gengið vel, sem auki á bjartsýni nú.

„Staðan er þannig að fólk vantar orðið svolítið upp á til að geta keypt með bara áttatíu prósenta fjármögnun," segir Þórarinn Friðgeirsson, löggiltur fasteignasali hjá fasteignasölunni Valhöll.

„Gissur og Pálmi eru þokkalega sterkir, og geta boðið upp á að lána mismuninn frá áttatíu upp í níutíu prósent, og eru að bjóða þetta á þokkalegustu kjörum," segir hann.

Lánin verða veitt með veði í fasteigninni, og segir Þórarinn að með því sé verktakinn að lýsa því yfir að hann treysti því að verðmæti íbúðanna muni halda sér.

„Ég veit til þess að byggingameistarar hafa einhverjir verið að bjóða upp á þennan möguleika, maður heyrir það alltaf öðru hvoru," segir Þórarinn.

Hann segir að það eigi eftir að verða algengara að byggingameistarar, í það minnsta þeir sterkari, hjálpi til við fjármögnun ef það ástand sem nú ríkir á fasteignamarkaði heldur áfram. brjann@frettabladid.is

UPPBYGGING Mikið hefur verið byggt í Norðlingaholti undanfarin ár. Nú þegar staðan er að verða erfiðari á húsnæðismarkaði grípa sumir verktakar til þess að hjálpa til við fjármögnun húsnæðisins.

ELÍSABET II BRETADROTTNING Skoða má myndskeiðið á www.youtube.com/theroyalchannel.

Nýtir sér nútímatæknina:

Bretadrottning notar YouTube

LONDON, AP Elísabet II Bretadrottning opnaði sína eigin konunglegu síðu á myndbandavefnum YouTube í gær. Mun drottningin nýta sér síðuna til að senda út 50. árlega jólaávarp sitt sem hún flutti fyrst í beinni sjónvarpsútsendingu til þjóðar sinnar og nýlendna 25. desember árið 1957.

„Drottningin hefur ávallt fylgst með nýjum leiðum til samskipta við almenning," sagði í tilkynningu um síðuna frá Buckinghamhöll. „Þetta mun gera jólaávarpið aðgengilegra ungu fólki og þeim sem eru erlendis." - sdg

Sextán farþegar drukknuðu:

Mannskaði þegar rúta féll í Níl

EGYPTALAND, AP Sextán farþegar létust þegar lítil rúta með þá innanborðs rann fram af ferju og sökk í ánni Níl í suðurhluta Egyptalands á laugardag. Sex börn voru á meðal farþega rútunnar.

Orsök slyssins er talin sú að bílstjóri rútunnar notaði ekki neyðarhemla til að koma í veg fyrir að rútan hreyfðist úr stað á þilfari ferjunnar. Bílstjórinn komst lífs af með því að hoppa út úr rútunni á síðustu stundu en allir farþegarnir fórust. Bílstjórinn gaf sig fram við lögreglu af ótta við hefndaraðgerðir ættingja farþeganna sem fórust. - sdg

Munum eftir útiljósunum !
Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.
Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins
Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VEÐRIÐ UM JÓLIN

Á morgun jóladag: Suðlægar áttir sunnan til en austlægari fyrir norðan, víða strekkingur, einkum vestan til. Slydda að deginum syðra, él á Vestfjörðum en þurrt nyrðra framan af. Fer að snjóa þar undir kvöld. Frostlaust með ströndum að deginum.
Annar í jólum: Rólegheitaveður af suðri með éljum sunnan og vestan til en skýjað með köflum og þurrt norðan- og austanlands. Hiti um eða undir frostmarki. GLEÐILEG JÓL !

VEÐURSPÁ

um hádegi »



» á morgun



» miðvikudagur



um hádegi »

Kaupmannahöfn	4°C heiðskírt	London	10°C heiðskírt	Friedrichshafen	4°C heiðskírt
Billund	3°C heiðskírt	París	5°C heiðskírt	Lúxemborg	2°C heiðskírt
Osló	2°C hálfskýjað	Amsterdam	4°C heiðskírt	Alicante	16°C skúrir
Stokkhólmur	2°C heiðskírt	Frankfurt	1°C hálfskýjað	Róm	14°C rigning
Gautaborg	5°C heiðskírt	Berlín	1°C hálfskýjað	Las Palmas	21°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 40396 12/07

GÓÐ HUGMYND
FRÁ ÍSLANDI

ÓSKUM LANDSMÖNNUM ÖLLUM, NÆR OG FJÆR,
GLEÐILEGRAR JÓLAHÁTÍÐAR.

WWW.ICELANDAIR.IS

KJÖRKASSINN

Borðar þú skötu?

Já	52,1%
Nei	47,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG?

Borðar þú rjúpur í jólamatinn í ár?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Maður dæmdur í héraðsdómi fyrir að fara ránshendi um Suðurland:

Stal endurskinsvesti og gisti í virkjun

DÓMSMÁL Héraðsdómur Suðurlands hefur dæmt karlmann á þrítugsaldri í átta mánaða fangelsi fyrir sólarhringslanga afbrotahrinu í lok nóvember síðastliðins.

Maðurinn stal bíl í Reykjavík að næturlagi og ók til Hveragerðis. Þar braust hann inn í gróðurhús og stal meðal annars gróðurhúsalömpum, blómapottum og úðakönnu. Þá stal hann sæþotu (e. jet ski) af lóð íbúðarhúss.

Þaðan ók hann á Selfoss þar sem hann braust inn í fimm bíla fyrir utan verkstæði og stal úr þeim lyklunum. Þá fór hann inn í bíl fyrir utan hús Vegagerðarinnar í bænum og stal endurskinsvesti.

GALLAÐAR KRÖFUR

- Landsvirkjun og Bifreiðaverkstæðið Klettur gerðu þrjár skaðabótakröfur á hendur manninum fyrir alls 172 þúsund krónur.
- Tveimur þeirra var vísað frá dómi því þær voru ekki studdar gögnum. Sú eina sem var samþykkt hljóðaði upp á 1.710 krónur vegna símkostnaðar.
- Þess utan var maðurinn látinn greiða 700 þúsund í sakarkostnað.

Jafnframt braust hann inn í einbýlishús og stal raftækjum.

Síðan ók hann um nærsveitir Selfoss, braust inn í hús og bíl og stal tölvubúnaði, peningum, straumbreyti og bláum kraftgalla.

Ferð sína endaði hann á því að brjótast kaldur og hrakinn inn í inntaksmannvirki Búrfellsvirkjunar með því að brjóta upp hurð. Hann hafðist þar við yfir nóttina og notaði síma Landsvirkjunar á staðnum í eigin þágu morguninn eftir. Maðurinn bar við að síðastnefnda innbrotið hefði verið neyðarúrræði, en dómurinn taldi að hann hefði sjálfur komið sér í þær hraklegu aðstæður.

Maðurinn rauf þriggja mánaða skilorð frá því í október og var það dæmt með. Hann var því dæmdur í átta mánaða fangelsi og til að greiða allan málskostnað. - sh

Mænuskaðastofnun styrkt:

Styrkur í stað korta og gjafa

FÉLAGSMÁL Mænuskaðastofnun Íslands, sem nýlega var stofnuð að frumkvæði Auðar Guðjónsdóttur hjúkrunarfræðings, hlýtur styrk frá FL Group.

Segir í yfirlýsingu sem Jón Sigurðsson, forstjóri FL Group, undirritar að barátta Auðar, hennar óeigingjarna starf og árangur sem hún hefur náð með viljastyrk sínum og þrautseigju sé þeim hjá FL Group mikill innblástur.

Kemur styrkurinn í stað jólakorta og gjafa sem FL Group myndi annars senda um þessi jól.

- ovd

Hoover vildi handtaka tólf þúsund borgara

Árið 1950 bað J. Edgar Hoover, forstjóri FBI, Harry S. Truman Bandaríkjaforseta að fella úr gildi reglu sem verndar borgara gegn fangelsun án dóms og laga svo unnt væri að handtaka tólf þúsund Bandaríkjamenn til að „vernda landið“.

BANDARÍKIN, AP Fyrrverandi forstjóri FBI, alríkislögreglu Bandaríkjanna, J. Edgar Hoover, vildi fella úr gildi reglur sem vernda borgara gegn ólöglegri fangelsun og handtaka tólf þúsund Bandaríkjamenn sem hann taldi mögulega ógn við þjóðaröryggi. Þetta kemur fram í leyniskjali frá árinu 1950 sem nýverið var létt leynd af.

Hoover lagði áætlunina fram fyrir Harry S. Truman Bandaríkjaforseta 7. júlí árið 1950, innan við tveimur vikum eftir að Kóreustríðið hófst.

Engar sannanir benda til þess að Truman eða nokkur eftirmanna hans í embætti hafi viljað hrinda áætluninni í framkvæmd.

Hoover vildi að Truman heimilaði fjöldahandtökurnar til að „vernda landið gegn landráðum, njósnum og skemmdarverkum“, að því er vefútgáfa New York Times greindi frá.

Hoover hafði árum saman haldið lista yfir það fólk sem átti að handtaka og hann taldi hættulegt. „Á listanum eru nú nöfn um það bil tólf þúsund einstaklinga, þar af eru um það bil 97 prósent bandarískir ríkisborgarar,“ skrifaði Hoover í leyniskjalið.

Í skjalinu sagði Hoover að til að af handtökunum mætti verða þyrfti Truman að afnema regluna um „habeus corpus“, sem verndar almenna borgara fyrir fangelsun án dóms og laga. Ætlun Hoovers var að Alríkislögreglan myndi sjá um að handtaka fólkið, sem yrði síðan fært í her- og alríkisfangelsi. Samkvæmt áætluninni hefði fólkið að lokum fengið réttarhald en dómarinn hefði ekki verið bundinn af lögum um sönnunargögn.

Upplýsingar um áætlun Hoovers voru á meðal leyniskjala í skjalasafni um leyniþjónustutengd mál frá tímum Kalda stríðsins sem innanríkisráðuneytið aflétti leynd af á föstudaginn.

sdg@frettabladid.is

J. EDGAR HOOVER, FYRRVERANDI FORSTJÓRI FBI Hoover var forstjóri FBI í 48 ár og mótaði stofnunina eins og hún starfar ennþá í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ungir jafnaðarmenn:

Skipan dómara pólitísk spilling

STJÓRNMÁL Ungir jafnaðarmenn, ungliðahreyfing Samfylkingarinnar, segja skipan Þorsteins Davíðssonar sem héraðsdómara vera spillingu og pólitíska skipun.

Ungir jafnaðarmenn segja þetta ekki vera í fyrsta skiptið sem dómarar séu pólitískt skipaðir. Í þessum pólitísku skipunum Sjálfstæðisflokksins felist „alvarleg valdníðsla og aðför að þeirri kröfu sem gerð er í stjórnarskrá lýðveldisins, um óháða og óhlutdræga dómstóla“.

Ungir jafnaðarmenn skora á fulltrúa sína að „láta pólitíska spillingu við embættisveitingar ekki líðast í nýju ríkisstjórnarsamstarfi“.

Þórlindur Kjartansson, formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, segir eðlilegt að fjallað sé um embættisskipanir ráðherra með gagnrýnum hætti. Sjálfur þekki hann ekki til allra umsækjenda og treysti ákvörðun ráðherra. - sgj

Björn Ingi Hrafnsson:

Ráðherra skýri mál sitt betur

STJÓRNMÁL Varaformanni Sjálfstæðisflokksins ber að skýra mál sitt, þegar hún segir ákveðna menn úti í þjóðfélaginu ætla að vinna ríkisstjórninni ógagn það sem eftir lifir kjörtímabils, að mati Björns Inga Hrafnssonar, oddvita Framsóknar í Reykjavík. Hann vill vita um hverja hún tali.

Varaformaðurinn, Þorgerður Katrín Gunnarsdótttir, lét þessi orð falla í Fréttablaðinu 22. desember. Í því viðtali, sem Björn Ingi segir fela í sér pólitísk tíðindi, gagnrýnir hún einnig framsóknarmenn. - kóþ

SÚKKULAÐISTYKKI Samkeppniseftirlit Kanada rannsakar súkkulaðistykkjaiðnaðinn. NORDICPHOTOS/AFP

Súkkulaðifyrirtæki í Kanada:

Sömdu um súkkulaðiverð

KANADA, AP Yfirmenn kanadískra útibúa súkkulaðiframleiðenda áttu með sér samráð um verð á súkkulaðistykkjum frá árinu 2002 þar til fyrir nokkrum vikum, samkvæmt nýbirtum dómsskjölum.

Fram kemur að stjórnendur fyrirtækjanna Hershey Canada Inc., Mars Canada Inc. og Nestlé Canada Inc. hittust leynilega til að ákvarða verð.

Kanadíska samkeppniseftirlitið upplýsti um þetta eftir leit í fyrirtækjunum. - sdg

Þriðja gagnatapið á árinu:

Bresk stjórnvöld tapa gögnum

BRETLAND, AP Persónulegar upplýsingar um sjúklinga í almannaheilbrigðiskerfinu í Bretlandi hafa týnst, að því er heilbrigðisráðuneytið greindi frá í gær. Er þetta í þriðja skipti á þessu ári sem stjórnvöld týna gögnum um almenning.

Ekki var ljóst hve margra gögnin náðu til en sagði ráðuneytið að samband hefði verið haft við alla og að ekkert benti til þess að upplýsingarnar hefðu fallið í rangar hendur. - sdg

SKAUTA HÖLLIN REYKJAVÍK

Opnunartímar
um jól og áramót 2007-2008

23. des.	kl. 13:00 - 16:00
24. des.	Lokað
25. des.	Lokað
26. des.	kl. 13:00 - 18:00
27. des.	kl. 13:00 - 18:00
28. des.	kl. 13:00 - 20:00
29. des.	kl. 13:00 - 18:00
30. des.	kl. 13:00 - 18:00
31. des.	kl. 10:30 - 15:00
1. jan.	Lokað
2. jan.	kl. 13:00 - 18:00

Upplýsingar skautaholl.is s.5889705

Dósent í heimspeki segir fjölhyggjusamfélagið gera kröfu um hlutleysi:

Grunnurinn sé ekki trúarlegur

SIÐFRÆÐI „Grunnur siðferðis ætti að vera hlutlausari en svo að hann sé brennimerktur ákveðnum trúarbrögðum,“ segir Svavar Hrafn Svavarsson, dósent í heimspeki.

Deilt hefur verið um lagaákvæði sem segir að starfshættir skóla skuli mótast af kristilegu siðgæði.

Svavar bendir á að nútímasamfélög einkennist af fjölhyggju, „að því leyti að fólki leyfist að hafa þær siðferðishugmyndir sem það kýs, innan marka almenns siðferðis og laga“.

Því sé þörf á sanngjarnri undirstöðu sem allir geti sætt sig við. Þetta geti verið vandasamt, enda sé íslenskt þjóðfélag sögulegt fyrirbæri með kristnar hefðir.

„Vandinn er þessi: Hvernig getur ein ákveðin siðfræði verið pólitísk undirstaða fyrir fjölhyggju? Þarna er togstreita milli siðfræðinnar og viðhorfanna sem hún á að leyfa,“ segir Svavar.

Kristilegt siðgæði sé að sönnu frábrugðið ýmsu öðru siðgæði og nefnir Svavar hugmyndir um náð guðs, fyrirgefningu og náungakærleika sem dæmi.

„En hugmyndin um að hægt sé að bola út siðgæði með lagasetningu er langsótt; ég held að það þurfi lúmskari krafta til. Þetta gæti því verið vísbending um að siðgæðið sé að breytast, frekar en atlaga að kristnu siðferði.“ - kóþ

SVAVAR HRAFN SVAVARSSON Þýðandi áhrifamesta siðfræðirits fornaldar telur óþarft að óttast að kristilegu siðgæði verði bolað út með breyttu orðalagi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA
Gleðileg jól
MasterCard

VEISTU SVARIÐ?

1 *Í hvaða bandarísku borg eru Íslendingar meðal helstu viðskiptavina Bang & Olufsen-hljómtækjaverslunarinnar?*

2 *Hvað eru leikir Real Madrid og Barcelona kallaðir?*

3 *Hvað heitir útrásararmur Landsvirkjunar?*

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 66

Evrópudómstóllinn telur aðgerðir Svía stríða gegn þjónustufrelsi yfir landamæri:

Dómurinn hefur engin áhrif hér á landi

SVÍÞJÓÐ Evrópudómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að aðgerðir sænska byggingamannasambandsins Byggnads, frá því í nóvember 2004, brjóti reglur Evrópusambandsins um frelsi til að veita þjónustu yfir landamæri. Forsvarsmenn Byggnads stöðvuðu vinnu hjá lettneska byggingafyrirtækinu Laval til að knýja á um að félagið greiddi lettneskum starfsmönnum, sem bjuggu og störfuðu við byggingu skóla í bænum Växholm, laun samkvæmt sænskum kjarasamningum en ekki lettneskum.

„Dómurinn hefur enga þýðingu á Íslandi," segir Magnús Norðdahl, lögfræðingur ASÍ. „Í Svíþjóð er ekkert kerfi á vinnumarkaði sem tryggir það að allt launafólk njóti verndar kjarasamninga sem lágmarkskjara. Verkalýðshreyfingin verður að ná kjarasamningi við hvern og einn atvinnurekanda fyrir sig ef þeir eru utan samtaka atvinnurekenda. Þetta metur Evrópudómstóllinn sem ófullnægjandi kerfi. Dómurinn hefur engin áhrif á Íslandi því að okkar kerfi uppfyllir þessa reglu tilskipunarinnar," segir hann.

MAGNÚS NORÐDAHL.

ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, bendir á að íslensk lög kveði á um að kjarasamningar gildi sem lágmarkslaun fyrir alla starfsgreinar, hvort sem fyrirtæki séu í samtökum atvinnurekenda eða ekki. Þannig sé ekki löggjöfin í Svíþjóð og þar liggi munurinn. Svíana vanti lagalega tengingu.

Á vefsíðu ASÍ segir að dómurinn valdi ákveðnum vonbrigðum. Magnús telur að Svíarnir þurfi nú að íhuga breyttar reglur og kveða skýrar á um lágmarkslaunaákvæði og lágmarksréttindaákvæði á sænskum vinnumarkaði.

- ghs

TIL AFGREIÐSLU FYRIR ÁRAMÓT!

Réttu vélamar í verkið!

TIL AFGREIÐSLU STRAX AF LAGER
AFAR HAGSTÆTT KYNNINGARVERÐ!
NEW HOLLAND

NEW HOLLAND D180 jarðýta

TIL AFGREIÐSLU STRAX AF LAGER
AFAR HAGSTÆTT KYNNINGARVERÐ!
NEW HOLLAND

NEW HOLLAND E305LC beltagrafa

TIL AFGREIÐSLU STRAX AF LAGER
AFAR HAGSTÆTT KYNNINGARVERÐ!
NEW HOLLAND

NEW HOLLAND LB115 traktorsgrafa

Áratuga frábær reynsla af NEW HOLLAND vinnuvélum á Íslandi eru bestu meðmælin! Eigum fyrirliggjandi úrval af stórvirkum vinnuvélum sem og fjölvirkum smávélum - Veldu vél sem hentar þínu verki!

STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími. 412 3000
Sölum.New Holland S. 899 5549
www.sturlaugur.is

DREPIÐ Í Minnkandi sala á sígarettum er í takti við þróun undanfarinna ára, þó að þróunin hafi verið hraðari síðustu sex mánuði en meðaltal undanfarinna ára.

NORDICPHOTOS/AFP

Heldur dregur úr tóbakssölu

Hver landsmaður 15 ára og eldri keypti að meðaltali 110 sígarettur á mánuði frá því reykingabann á veitingastöðum tók gildi 1. júní síðastliðinn. Þetta er 1,8 prósenta samdráttur miðað við sama tíma í fyrra.

HEILBRIGÐISMÁL Heldur meira hefur selst af tóbaki síðustu sex mánuði, frá því reykingabann á veitinga- og skemmtistöðum tók gildi, en á sömu mánuðum í fyrra. Sé tekið tillit til mannfjölda hefur tóbakssala þó heldur dregist saman. Þetta kemur fram í sölutölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR).

„Það er stutt síðan bannið tók gildi, og þarna getur margt annað haft áhrif," segir Viðar Jensson, verkefnisstjóri tóbaksvarna hjá Lýðheilsustöð.

Hann bendir á að tilgangurinn með frumvarpinu hafi ekki verið að draga úr reykingum, heldur hafi lögum verið breytt vegna vinnuverndarsjónarmiða.

„Það er alltaf jákvætt að neysla á tóbaki dragist saman," segir Viðar. Neysla á tóbaki hafi verið að dragast saman undanfarin ár, en sú minnkun sem orðið hafi á þessu tímabili er þó meiri en meðaltal undanfarinna ára.

Frá 1. júní síðastliðnum hafa að meðaltali selst tæplega 135 þúsund karton af sígarettum á mánuði í verslunum ÁTVR. Á sama tímabili í fyrra seldust að meðaltali tæplega 134 þúsund karton. Aukningin mælist 0,7 prósent.

Það segir þó aðeins hálfa söguna, því fólksfjölgun hefur verið talsverð á tímanum. Þegar seldum sígarettupökkum er deilt niður á fjölda landsmanna, fimmtán ára og eldri, kemur í ljós að hver landsmaður kaupir að meðaltali aðeins færri pakka en áður.

Á þeim sex heilu mánuðum sem liðnir eru frá reykingabanninu hefur hver landsmaður, 15 ára og eldri, að meðaltali keypt 5,5 pakka af sígarettum, eða 110 sígarettur. Til gamans má geta þess að þetta samsvarar því að meðalmaðurinn reyki 3,6 sígarettur á dag. Á sömu sex mánuðum síðasta árs var meðaltalið 5,6 pakkar, eða 112 sígarettur. Samdráttur í kaupum á tóbaki frá ÁTVR er því 1,77 prósent.

Rétt er að benda á að inni í þessum tölum er ekki sala í Fríhöfninni og tóbak sem ferðamenn og aðrir taka með sér til landsins.

brjann@frettabladid.is

SALA ÁTVR Á SÍGARETTUM

Seldir sígarettupakkar á hvern mann 15 ára og eldri að meðaltali.

Mánuður	2006	2007	Breyting
Júní	5,7	5,5	-2,2%
Júlí	5,5	6,0	9,4%
Ágúst	6,0	5,7	-4,3%
September	5,5	4,8	-13,9%
Október	5,4	5,5	1,4%
Nóvember	5,3	5,3	-0,5%
Meðaltal	5,6	5,5	-1,8%

Heimild: ÁTVR og Hagstofa Íslands

Gleðileg jól!

Við óskum viðskiptavinum okkar og öðrum landsmönnum **gleðilegra jóla** með von um gæfu og gott gengi á komandi ári.

Bestu þakkir fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

Starfsfólk SPRON

75 ára | spron

07-0946 - argus

Jól á Laugavegi

Góð stemning myndaðist á Laugaveginum í gær, eins og jafnan á Þorláksmessu. *Vilhelm Gunnarsson* ljósmyndari skrásetti það sem fyrir augu bar, meðal annars friðargöngu, fiðluleik og auðvitað gjafakaup.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Björgunarfólk á Íslandi vinnur oft við erfiðar og hættulegar aðstæður við að bjarga fólki og verðmætum. Sjóvá er stolt af því að vera aðalbakhjarl Slysavarnafélagsins Landsbjargar því starf þess eykur öryggi og lífsgæði okkar allra.

SJÓVÁ

INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2007

Farsælt samband eða skyndikynni?

Þingkosningar voru á árinu og Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir náðu saman á Þingvöllum. *Benedikt Jóhannesson* fer yfir kosningamálin, fylgissveiflurnar og stóru málin sem gufuðu upp.

Í upphafi árs 2007 blasti við að löngu stjórnarsamstarfi sjálfstæðismanna og framsóknar lyki fljótlega. Framsóknarflokkurinn var enn í sárum eftir mikið tap í sveitarstjórnarkosningunum vorið 2006. Jón Sigurðsson hafði tekið við flokknum eftir að ljóst var að Finni Ingólfssyni yrði ekki tekið sem glataða syninum og Halldór Ásgrímsson gat ekki hugsað sér að Guðni Ágústsson yrði formaður.

Þróun fylgis flokksins var athyglisverð. Halldór hefur bersýnilega komist að þeirri niðurstöðu að það yrði að nútímavæða flokkinn því að gömlu framsóknarhagsmunirnir væru orðnir svo fáum kærir. Það sem gerðist hins vegar var að engir nýir kjósendur vildu framsókn „light“ og þeim gömlu fækkaði eins og Halldór hafði búist við.

Jón Sigurðsson er hinn ágætasti maður en hann er ekki fjölmiðlavænn og virðist breytast í allt annan mann framan við sjónvarpsmyndavélarnar. Hann hefur heldur ekki áratuga þjálfun í stjórnmálum eins og fyrirrennarar hans. Allt leit út fyrir að gamli flokkur Hriflu-Jónasar væri í útrýmingarhættu. En hvert áttu kjósendur hans að fara?

Kjósendur vilja ekki málfundaræfingar

Samfylkingin hefði átt að vera í óskastöðu. Enginn þeirra flokka sem að henni stóðu upprunalega hafði komið nálægt stjórnarstólum í tólf ár. Sagan bendir til þess að á endanum þreytist kjósendur jafnvel á hinum bestu stjórnum.

En dómgreind þingmanna flokksins var ekki góð. Allur kraftur var settur í langt málþóf út af málefnum RÚV. Enginn vissi samt hvort glæpur stjórnarinnar með frumvarpinu var að RÚV yrði svo sterkt að það bolaði keppinautum af markaðinum eða svo veikt að það veslaðist upp.

Gamli Messías Samfylkingarinnar Jón Baldvin gat ekki orða bundist: „Ef Samfylkingin ætlar að klúðra sínum málum þá er mikil alvara í því. Það er fólk hérna sem bara líður það ekki. Það er óbærileg tilhugsun að hafa þessa sömu ríkisstjórn hérna áfram. Og ef það þarf að stofna nýja hreyfingu sem fókuserar á aðalatriðin og býður upp á menn sem vekja traust en ekki málfundaæfingar í málþófi – nú, þá bara gera menn það.“ Hvort sem menn hafa tekið þetta alvarlega eða ekki hætti málþófið. Kannski vegna þess að fylgi flokksins fór undir 20 prósent og, það sem verra var, undir fylgi Vinstri grænna.

Stóra náttúruauðlindamálið gufar upp

Forsetinn hélt áfram að vera sameiningartákn þjóðarinnar, þótt hann gleymdi því í miðri kosningabaráttunni að það er munur á völdum forsetans í Bandaríkjunum og á Íslandi. Í Silfri Egils sagði hann: „Það er miklu frekar að líta á þetta stjórnskipulega séð þannig að ráðuneyti sé deild í forsetaembættinu vegna þess að það er forsetinn sem skipar ráðherrana, ef menn vilja fara í einhvern orðhengilsleik“. Enginn tók eftir þessu enda þjóðin upptekin við að hneykslast á einhverri ráðstefnu klámframleiðenda sem átti að vera á Hótel Sögu áður en bændaforystan greip í taumana og bannaði ófögnuðinn.

Allt í einu kom líf í Framsóknarflokkinn og hann krafðist þess að náttúruauðlindir yrðu sameign þjóðarinnar og það yrði stjórnarskrárbundið. Einstakir þingmenn og ráðherrar flokksins sögðu að þetta væri slíkt stórmál að ef ekki yrði á þessu tekið strax yrði stjórnarsamstarfinu slitið. Formenn flokkanna hurfu undir feld, settu saman einhverja moðsuðu sem enginn skildi, enda ekki ætlast til þess. Málið gufaði upp eins og RÚV ohf. og önnur stórmál.

Geir vann kosningarnar og eftirleikinn

Sjálfstæðisflokkurinn naut þess að Geir Haarde er mjög viðkunnanlegur maður og farsæll stjórnmálamaður. Hann er heimsborgaralegur forsætisráðherra sem getur auðveldlega talað bæði ensku, frönsku og norsku svo sómi er að. Kannski er það bæði styrkur hans og veikleiki að engum er illa við hann. Í kosningunum vann flokkurinn þrjú þingsæti sem er mikið afrek eftir sextán ára samfellda stjórnarsetu. Hann hafði öll spil á hendi.

VG tókst einhvern veginn að klúðra mikilli fylgisaukningu í skoðanakönnunum þannig að þó að flokkurinn bætti við sig fjórum þingmönnum kom hann út sem „lúser“. Hreyfingin hafði séð að margir litu á hana sem þjóðlegt íhald eins og framsókn hafði áður verið. Í auglýsingum fyrir kosningarnar bauð hún kjósendum upp á „zero“ framsókn.

Framsóknarmenn svöruðu með því að birta Steingrím J. sem netlöggu, en VG hafði ályktað um að eftirlit þyrfti að auka með notkun á Netinu. Hvort tveggja nægilega beitt til þess að maður man enn eftir auglýsingunum, en varla svo að kallaði á afsökunarbeiðni eins og Steingrímur heimtaði af framsókn eftir kosningar.

Samfylkingarfólk gat ekki hamið sig þegar fyrstu tölur á kosninganótt bárust, en þær bentu til þess að stjórnin væri fallin og Samfylkingin hefði haldið sínum þingmannafjölda. Fréttablaðið fagnaði með því að prenta frumútgáfu blaðsins með forsíðufyrirsögn: Stjórnin fallin.

Í raun hélt stjórnin með meirihlutanum 32 á móti 31. Öllum var þó ljóst að það var ekki starfhæfur meirihluti. Nýir framsóknarþingmenn komu með gáleysislegar yfirlýsingar daginn eftir kjördag og sjálfstæðismenn hefðu þurft að reiða sig á Árna Johnsen. Framsókn sleit stjórnarmyndunarviðræðum en varð svo æf þegar Sjálfstæðismenn hófu þá viðræður við Samfylkinguna. Meira að segja Jón Sigurðsson sem alla jafna talaði í gátum hreytti einhverju ljótu út úr sér um Geir.

Morgunblaðið hafði í aðdraganda kosninganna helst lagt það til mála að lýsa yfir stuðningi við ungar konur á aldrinum 35 ára og upp úr. Jafnframt vildi blaðið helst að stjórn VG og Sjálfstæðisflokks tæki við. Ef ég skil blaðið rétt er það enn draumastjórnin bæði á þingi og í borginni.

Verður Geirs minnst sem tímamótaleiðtoga?

Allir vita að stjórnarmyndun fór öðruvísi. Samfylkingin fór í stjórn sem hefur mikinn meirihluta. Hún gæti setið lengi, sérstaklega ef traust skapast milli foringjanna, Geirs og Ingibjargar. Aðalvandi ríkisstjórnarinnar til þessa hefur verið að einstakir þingmenn og ráðherrar Samfylkingarinnar átta sig ekki á því að þeir eru ekki lengur í stjórnarandstöðu. Það er kannski ekki skrítið eftir langa fjarvist. Það væri þó mjög miður ef samstarfið spilltist, því að ef vel er á spilum haldið gæti stjórnin stigið stór spor í áttina að því að festa velferð og frelsi í sessi hér á landi.

Foringjarnir verða að gera upp við sig hver framtíðarstaða landsins verður í samfélagi þjóðanna. Þar skiptir sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna engu, en afstaðan til Evrópu og evrunnar miklu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur borið gæfu til þess að leiða þjóðina til farsælla ákvarðana í alþjóðamálum til þessa. Nú reynir á Geir hvort hann vill taka forystuna eða bíða og sjá hvert straumur tímans ber okkur. Hann hefur styrk til þess að taka tímamótaákvarðanir í þeim efnum án þess að festast í fortíðarkreddum.

Auðvitað veikir það Geir að sjálfstæðismenn töpuðu meirihlutanum í Reykjavík þegar Björn Ingi faðmaði Vilhjálm Þ. en var með lygaramerki. REI-málið er þannig vaxið að í hvert sinn sem maður heyrir eitthvað nýtt af því verður það verra. Dagur á auðvelt með að vera með nýja skoðun daglega, en af Staksteinum Moggans að dæma hélt ég að Svandís og Margrét Sverris væru ungar prinsippkonur. Svo eru þær bara valdapólitíkusar eins og gömlu karlarnir.

Upphafið að borgarstjórnarskiptunum var að Guðlaugur Þór rak Alfreð úr byggingarnefnd sjúkrahússins. Var þessi brottrekstur kannski of dýru verði keyptur? Í fljótu bragði gæti virst svo, en ef menn hugsa sig vel um held ég að þeir komist að því að hann var vel þess virði.

> Meira að segja Jón Sigurðsson sem alla jafna talaði í gátum hreytti einhverju ljótu út úr sér um Geir.

VINALEGUR KOSS Það var að minnsta kosti gott á milli þeirra Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttir og Geirs H. Haarde í upphafi samstarfsins á Þingvöllum.

Benedikt Jóhannesson er framkvæmdastjóri ráðgjafafyrirtækisins Talnakönnunar og Útgáfufélagsins Heims. Hann er jafnframt ritstjóri Vísbendingar og skrifar reglulega pistla á vefsvæðið heimur.is.

Innlendir vendipunktar 2007
Fréttablaðið gerir nú upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir landskunna Íslendinga. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir á árinu, sem eiga það sammerkt að vera fréttir um eitthvað nýtt sem gerðist eða breytingar sem hafa áhrif til frambúðar.



Starfsfólk Kaupþings óskar landsmönnum gleðilegrar hátíðar

KAUPÞING
Hugsum lengra

Stærsta jólagjöf Kaupþings í ár er til mæðrastyrksnefndanna í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, á Akranesi og Akureyri.
Með því vill bankinn sýna í verki stuðning við það góða starf sem unnið er á vettvangi þeirra.

GOTT FÓLK / Myndskreyting: Halldór Baldursson

Fljótur Siggi!

Óskum landsmönnum gleði og hamingju um jólin.

HLÆLAND

KLAPPLAND

STAPPLAND

Landsbankinn

ERLENDIR VENDIPUNKTAR 2007

Borgríkið: Veröld sem verður

Á næsta ári mun meira en helmingur jarðarbúa búa í þéttbýli. ***Suketu Mehta*** útskýrir hvers vegna fátækrahverfin í heimaborg hans Múmbaí og öðrum risaborgum eru vonarglæta fyrir fólk sem streymir þangað úr sveitunum. Hann segir að ef styrkir til bænda í þróuðum ríkjum væru afnumdir myndi það hvetja ungt fólk í þróunarlöndum til að snúa vörn í sókn í sveitunum.

Mikil vegferð stendur fyrir dyrum – fólksflutningar úr sveitum í borgir eru meiri en nokkru sinni fyrr. Við erum á vendipunkti. Í júní 2007 spáðu Sameinuðu þjóðirnar að á næsta ári munu fleiri búa í borgum – 3,3 milljarðar – en í dreifbýli í fyrsta sinn í sögunni. Í Kína einu saman flytja átján milljónir í þéttbýlið á ári hverju. Við erum á barmi þess að verða borgartegund. Hvers konar heimur verður það? Hvernig breytir það okkur?

Talið er að fimm milljarðar jarðarbúa muni búa í borgum árið 2030 og að 81 prósent borgarbúa heims búi í þróunarlöndum. Fólksflutningar og fólksfjölgun verður til þess að fjöldi borgarbúa tvöfaldast í Afríku og Asíu frá 2000 til 2030. Og það er himinn og haf á milli lífskjara í borg og sveit. Alþjóðabankinn telur að 75 prósent fátækra í þróunarlöndum búi í dreifbýli. Íbúar í dreifbýli eru hins vegar aðeins 58 prósent íbúa þróunarlanda.

REYNT AÐ TROÐAST Í GEGN UM MANNÞRÖNGINA Þrátt fyrir þrengslin kýs fólk að búa í borgum. Þegar fólk flytur í borgina hækka tekjur á mann í kjölfarið. MYND/RICHARD PERRY

Gluggi að heimi hinna ríku

Fyrr á öldum kýldu hinir ríku vömbina í hallarsölum fjarri sveitunum og lifðu lífi sem var baðað dýrðlegum ljóma og utan seilingar almúgans. Nú hefur vefurinn og sjónvarpið opnað glugga að heimi hinna ríku. Meðan nefið á þorpsbúum er límt við skjáinn læðist sú tilfinning að þeim að þeir geti líka eignast tískuföt og hraðskreiða bíla ef þeir aðeins flytja. Hlýnun jarðar hnykkir enn frekar á þessari þróun; flóttinn úr sveitum hrjáðum af þurrki og flóðum gæti breyst í örtröð.

Fólksflutningar þessir eiga eftir að valda feikimiklum pólitískum vandamálum í mörgum löndum þegar þau reyna að aðlagast breyttum aðstæðum. Í Kína þarf sveitafólk sérstakt leyfi frá yfirvöldum til að flytja í þéttbýlið. Slík leyfi eru af skornum skammti. Í borgum á borð við Sjanghæ, Peking og Shenzen er því fjöldinn allur af ólöglegum innflytjendum, sem hírast í skugga nýrisinna stórhýsa. Ef yfirvöld um allan heim ákveða að vísa ólöglegum innflytjendum úr landi er mikil hætta á félagslegum glundroða. Víða um Evrópu sækja hægri öfgaflokkar í sig veðrið. Þeir þrífast aðallega á útlendingaandúð, sérstaklega í garð arabískra, afrískra og austur-evrópskra innflytjenda, sem flestir koma frá fátækum sveitahéruðum heimalands síns.

Eitt sinn sagði arkitekt í Múmbaí mér að það væri vita gagnslaust að reyna að skipuleggja borgina. Væri borgin gerð vistlegri með því að fjölga vegum, lestarteinum og húsakosti laðaði það aðeins fleira fólk að úr nærliggjandi sveitum sem áður en langt um liði myndi fylla lestirnar, vegina og húsin. Eina varanlega lausnin er að gera það að fýsilegum kosti fyrir bændur að vera um kyrrt á býlum sínum. Að leysa vandamál dreifbýlisins hefur þau ánægjulegu aukaáhrif að leysa vandamál borganna.

> Hví skyldi nokkur vilja búa í risaborgum þróunarlanda? Hver dagur er eins og árás á skilningarvitin. Útblásturinn er svo mikill að andrúmsloftið sýður eins og súpupottur og göturnar troðnar fólki.

Og vandamálin verða ekki leyst fyrr en landbúnaður verður hagkvæmur í þróunarlöndum; það gerist ekki nema með auknu jafnræði í tollum og í alþjóðlegri verslun með landbúnaðarvörur.

Árið 2005 styrktu OECD-ríkin bændur um ríflega sautján þúsund milljarða króna. Frá því á 9. áratugnum hafa styrkirnir hækkað um tæplega tvö þúsund milljarða króna, þrátt fyrir mótmæli þróunarríkja.

Þegar heimsmarkaðsverð á indverskri og afrískri bómull er hærra en á bandarískri bómull – því bandarísk yfirvöld styrkja bómullarframleiðendur um 130 milljarða króna – segja indverskir og afrískir bændur sonum sínum að flytja í borgina, finna sér vinnu (oft við ömurlegar aðstæður) og senda fjölskyldunni pening heim. Árið 2005 styttu sautján þúsund bændur sér aldur á Indlandi, að sögn stjórnvalda þar í landi. Margir buguðust undan landbúnaðarlánum, sem sífellt fleiri bændur þurfa að taka því verð á erfðabreyttum fræjum og vinnuvélum er orðið hærra en þeir ráða við.

MÚMBAÍ Í INDLANDI Í þessari stóru borg er munurinn á milli fátækrahverfanna og betur megandi hverfa afar áberandi.

Hví flytur fólk?

Sama hvar við búum eigum við öll mikið undir því að koma íbúum risaborga á borð við Múmbaí til hjálpar. Örbirgðin í fátækrahverfum þróunarlanda getur haft bein áhrif á efnahagsleg og pólitísk afdrif í New York og París. Innflytjendurnir sem streyma til þessara borga flytja með sér menningu, metnað og togstreitu að heiman. Það er jafn mikilvægt fyrir London að skilja Múmbaí og það er fyrir Múmbaí að skilja London, þótt ekki sé nema af þeirri ástæðu einni að næsta kynslóð Lundúnabúa fæðist í Múmbaí. Og miðað við hinn ótrúlega hagvöxt í Indlandi – sem var næstum tíu prósent í ár – er jafn líklegt að næsta kynslóð Múmbaíbúa fæðist í London.



Hví skyldi nokkur vilja búa í risaborgum þróunarlanda? Hver dagur er eins og árás á skilningarvitin. Útblásturinn er svo mikill að andrúmsloftið sýður eins og súpupottur og göturnar troðnar fólki. Þótt maður búi í hafnarborg kemst maður ekki að sjónum nema kannski á skítuga strönd í klukkustund á sunnudagskvöldi. Ekki batnar ástandið á nóttunni, þegar glæpagengin fara á stjá og moskítóflugurnar, sem bera með sér malaríu úr mýrunum. Í þorpinu átti maður þó ef til vill steinhús, með tveimur mangótrjám í garðinum og hafði útsýni yfir fjöllin. Hví að yfirgefa það fyrir borgina?

Því dag einn getur elsti sonur manns keypt litla kytru í jaðri borgarinnar. Sá yngri nær kannski enn lengra, jafnvel til Evrópu eða Ameríku. Óþægindin sem maður leggur á sig eru fjárfesting. Rétt eins og í maurabúi eru íbúar fátækrahverfanna reiðubúnir til að fórna eigin þægindum í þágu fjölskyldunnar. Elsti sonurinn vinnur kannski og sér fyrir hinum og fyllist djúpri gleði yfir að bróðursonur hans hefur áhuga á tölvum og fer líklega til Bandaríkjanna í nám. Borgir eru knúnar áfram af ósýnilegu stoðneti. Í fátækrahverfunum eru engir einstaklingar, aðeins gangvirkið.

Kostir borgarvæðingar

Þrátt fyrir fylgifiska á borð við eyðingu skóga og mengun hefur borgarvæðing heimsins sína kosti. Þegar fólk flytur í borgina hækka tekjur á mann í kjölfarið. Þeir sem flytja á milli landa eru staðráðnir í að komast áfram; þeir hafa meira að vinna og tapa en innfæddir. Margt bendir til þess að fólksflutningar milli landa séu eitt áhrifaríkasta vopnið í baráttunni gegn fátækt í heiminum.

Talið er að þær 150 milljónir innflytjenda sem unnu í ríkum löndum árið 2006 hafi sent nítján þúsund milljarða króna heim. Það er hærri upphæð en samanlagðir erlendir fjárstyrkir og fjárfestingar auðugu ríkjanna í þróunarlöndum sama ár. Í sumum löndum renna tveir þriðju hlutar þess fjár sem er sendur heim til sveitahéraðanna – frábært dæmi um hvernig hinir fátæku hjálpa sér sjálfir.

Sá sem hefur vaxið úr grasi í þorpi þar sem kvöldskemmtunin felst yfirleitt í alþýðuleikhúsi eða kirkjusamkomum lætur freistast af glaumi borgarinnar, rétt eins og New York-borg freistar unglinga í smábæjum Bandaríkjanna. Leigubílstjóri í Múmbaí sagði mér eitt sinn hvers vegna hann byggi í borginni. „Lata Mangeshkar fékk far hjá mér! Hún sat þar sem þú situr!“ Þegar hann sagði fólkinu í þorpinu hans að Lata Mangeshkar, „næturgalinn í Bollywood“, hafði heiðrað hann og litlu Fiat-bifreiðina hans með nærveru sinni, hélt það að hann væri að skrökva. Dásamleg augnablik á borð við þetta hvetja ófáa farandverkamenn til dáða.

Gæfunnar freistað

Það er því ekki að ástæðulausu sem fólk vill flytja til borga á borð við Múmbaí, þrátt fyrir öll vandamálin sem að þeim steðja. Maður úr fátækrahverfi, sem hafði misst bróður sinn í skotárás og bjó í kofa án rennandi vatns og klósetts, sagði eitt sinn við mig. „Múmbaí er fugl úr gulli.“ Gylltur lævirki: Gríptu hann ef þú getur.

Hann er snar í snúningum og eltingaleikurinn verður erfiður en festi maður hönd á honum er gæfan vís.

Þetta er ástæðan fyrir því að bændur kveðja víðátturnar og trén og halda á vit borgarinnar með öllum hennar glæpum, ólofti og mengaða vatni. Í borginni skiptir stétt manns og uppruni litlu máli, þar getur kona setið ein á veitingahúsi án þess að verða fyrir áreitni, þar sem fólk ræður hverjum það giftist. Í hugum ungra þorpsbúa í Kína, Indlandi og Afríku snúast fyrirheit borgarinnar ekki aðeins um peninga. Þau snúast um frelsi.

Suketu Mehta we höfundur bókarinnar „Maximum City: Bombay Lost and Found“ er fæddur á Indlandi, ólst þar upp og í New York, þar sem hann býr nú. Hann skrifar meðal annars um fólksflutninga, innflytjendur og fjölmenningu. Hann hefur skrifað í Time, National Geographic, Granta og fleiri rit.

Erlendir vendipunktar 2007
Líkt og fyrri ár birtir Fréttablaðið greinar eftir erlenda höfunda, í samstarfi við New York Times Syndicate, um markverða atburði þessa árs. Allar greinarnar eiga það sameiginlegt að fjalla um vendipunkta, nýja þróun sem á eftir að hafa veruleg áhrif á alþjóðasamfélagið

Orkuveita Reykjavíkur

Við erum til taks um jólin

Orkan er sjaldan mikilvægari en einmitt um jólin. Tugir starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur eru á vakt í stjórnstöð og í viðbragðsstöðu úti í hverfum á veitusvæðinu, reiðubúnir að bregðast við ef bilun verður. Við viljum tryggja ykkur birtu og yl um jólin.



ÍSLENSKA/SIA/S/ORK 39973 11/07

• Starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur óskar þér gleðilegra jóla

www.or.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Tíð kaupskapar og kristni:

Hlutfallið milli þess að þiggja og gefa

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Um sumt er þessi dagur táknrænn fyrir það sem sýnist vera þverstæða í fari manna. Hann markar lok árlegrar kauphátíðar og upphaf árlegrar kristnihátíðar. Ágóðavonin er á stundum sögð aflvaki kaupmennskunnar. Kærleikurinn er þar á móti kjarninn í boðskap kristinnar trúar.

Þessi þverstæða fléttast þó á sinn hátt í guðspjalli dagsins. Gjafirnar hafa þar alltént hlutverk og tilgang. Satt best að segja væri það öfugsnúinn kærleikur að afneita viðskiptum manna í milli. Það sem máli skiptir er þau gildi sem menn leggja til grundvallar í samskiptum sínum. Einu skiptir á hvaða sviði þau eru: Á heimilum, í verslunum, í skólum, á vinnustöðum eða þjóða í milli.

Á síðari tímum bregða menn vísitölumælikvarða á flest fyrirbrigði í mannlegu lífi. Íslendingar eru í fremstu röð hvort sem kaupmátturinn er mældur eða sjálf hamingjan. Sókn í auð og hamingju er hluti af mannlegu eðli. Peningar eru vel skiljanleg tilbúin mælieining. Hitt hefur vafist fyrir mönnum að skilja hvað felst í hamingjunni.

Prófessor Guðmundur Finnbogason segir á einum stað að hamingja hvers manns sé fremur öllu öðru komin undir meðvitundinni um hlutfallið milli þess er hann þiggur og þess er hann gefur. Öll barátta um réttlæti í heiminum miði aukheldur að því að gera hlutfallið milli þess sem veitt er og hins sem þegið er í staðinn eins nærri hófi og unnt er.

Þegar kauphátíðinni lýkur opnast ný hátíð í kirkjum og á heimilum. Sú hátíð snýst öðru fremur um mannhelgina. Það hugtak felur í sér samfélagslega ábyrgð. Það er að sönnu nokkurt tískutungutak. En í því felst sígild skírskotun til grundvallargilda. Þar getur leynst vegvísir til bæði hamingjubóta og auðnubóta.

Sú var tíð að fátækir íslenskir bændur áttu sér þann draum „að gera úr melnum gróandi teig“ og „að guðsríki íslenskan haga“. Í dag á fátækur vatnsberi í fjarlægu landi þann draum að fá hreint vatn og komast í skóla. Samfélagsleg ábyrgð getur verið fólgin í einstaklingsbundinni hvatningu til þess að rétta hlutfallið milli þeirra sem hafa séð drauma sína rætast og hinna sem bíða þess.

Stundum er talað um kirkjuna eins og hún sé hornreka í nútíma samfélagi. Ímynd hennar er vitaskuld önnur í þjóðfélagi fjölbreytileikans en fábreytileika fyrri tíðar. Það leiðir af sjálfu sér. Þá voru fáar aðrar þjóðfélagsstofnanir til. Umræður síðustu vikna sýna hins vegar að sú sögulega og menningarlega arfleifð sem kirkjan er sprottin úr stendur djúpum rótum í þjóðarsálinni og er síkvikur hluti hennar.

Eftir því sem mannfélagið verður auðugra og fjölbreyttara og hraðinn í öllum athöfnum manna vex reynir meira á þau gildi sem eru undirstaða kristnihátíðar við vetrarsólstöður. Að því leyti á kirkjan ríkara erindi við fólkið í landinu en áður. Þó að hún hafi ekki einkarétt á þeim mannlegu gildum sem um er að tefla dregur það ekki úr þýðingu erindisins.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fimmtugur REI-ari
Guðmundur Þóroddsson, forstjóri REI, fagnaði fimmtugsafmæli sínu á fimmtudaginn var í góðra vina hópi. Þar mátti sjá meðal annarra Ólaf Ragnar Grímsson forseta og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra sem og aðra Samfylkingarmenn. Eitthvað var færra um sjálfstæðismenn, en þó lét Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra og fyrrverandi stjórnarformaður Orkuveitunnar, sjá sig. Vera má að hinir hafi verið uppteknir í jólaboði flokksins sem haldið var sama kvöld.

REI, REI, ekki um jólin
Myndbandið „REI, REI, ekki um jólin“ fór sigurför um landið á dögunum, en það var þó ekki eina myndbandið sem starfsmenn Orkuveitunnar bjuggu til fyrir jólahlaðborð fyrirtækisins á dögunum. Öll myndböndin voru sýnd í veislu Guðmundar við góðar viðtökur gesta.

Neitunarvald
Bjarni Ármannsson, fyrrverandi stjórnarformaður REI, var veislustjóri og fór það vel úr hendi. Allar ræður höfðu verið afþakkaðar, en þó sagðist Bjarni ekki geta beitt forsetann neitunarvaldi, eins og hann kallaði það sjálfur, þegar Ólafur Ragnar kvaddi sér hljóðs. Ólafur fór fögrum orðum um afmælisbarnið og sagði hann og félaga hans úr orkubransanum hafa tekið við hlutverki víkinganna í Íslendingasögunum.

steindor@frettabladid.is

Jólum mínum unni ég einn

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Jólin og Jesús, trúin og allt hitt

Mig rámar í að hafa í síðustu viku séð haft eitthvað í blaði eftir Ásgeiri Jónssyni, hagfræðingi og sérfræðingi í Jóni Arasyni, um „raunhagkerfi heimsins“. Samkvæmt því er væntanlega til hagkerfi sem er ekki raunverulegt í hversdagsskilningi heldur ímyndað – hagkerfi þar sem fólk fæst ekki við raunverulega iðju í rauntíma á raunverulegum stöðum heldur samkomulag um heilaspuna.

En samt til – einhvers konar sýndarhagkerfi knúið áfram af væntingum og vonum, þrám og óskum og órum.

Skyldu vera samtök sem berjast gegn tilvist þess?

Við spyrjum: Er Guð til? og eitt svarið gæti verið: Auðvitað er hann til, það er alltaf verið að tala um hann.

Þó að Guð væri ekki nema hugmynd, táknmynd, líking – þá er Guð að minnsta kosti til sem slíkur. Og orðinn einhvers konar afl í lífi okkar sem slíkur. Margt fólk telur hann vera virkt afl í lífi sínu – nokkurs konar „raun-Guð“ – þó að margir séu hinir sem telja hann óvirkan, aðeins blekkingu, „sýndarguð“.

En Guð býr í...
En samt til. Spurningin snýst sem sé um það hvernig þeirri tilveru er háttað: er hann í mannsmynd eða steinn, fjall, fugl eða hestur? Er hann ósýnilegt afl? Er hann í auga barnsins, niði lækjarins, krunki hrafnsins? Er hann í garðslöngunni?

Í augum eins er Guð önuglynd og afskiptasöm karlvera með harðstjórahauga í hverju horni en aðrir líta á Guð sem frjósama gyðju sköpunar og eyðingar.

Guð sumra er reiður karl sem ekkert umber og verður fokvondur ef sést í nefbrodd á konu eða karlmenn fellla hugi saman, unnið á hvíldardegi eða ruglast á áttinni til Mekka.

Guð annarra er mildur og þótt hann skilji allt og þekki allt um breiskleika mannanna sem hann gaf frelsi til að bera ábyrgð á sjálfum sér þá er hann ætíð reiðubúinn að umbera allt og líkna öllu.

Guð enn annarra er samfélag sundurleitra goðmagna sem togast á um afdrif mannanna, snatta þeim til og frá eða bjarga þeim úr bráðum háska...

Mennirnir hafa sem sé löngum haft ríka þörf til að trúa því að til sé vitund í alheiminum, ráðagerð, handleiðsla og alltumfaðmandi kærleikur. Flestir menn hafa þörf fyrir tilbeiðslu æðri afla, átrúnað á einhverju sem ofar er talið mannlegum skilningi. Þetta er innbyggð tilfinning fyrir samhengi tilverunnar og stað mannsins í alheiminum, og mikilvægt að trúarlíf fái að vaxa fram í samfélögum í samhengi við staðhætti og náttúrufar á hverjum stað.

Ljós heimsins
Og nú er enn rætt um Jesú. Og okkur bent góðfúslega á að kannski hafi hann ekkert verið til. Þegar ég var ungur töluðu gáfaðir menn gjarnan um að hann væri einhver tiltekin tegund af ofskynjunarsvepp, svo fóru þeir að tala um að hann væri hugarburður postulans Páls og lærisveina hans, vakinn af sýnum.

Fólki nægir ekki að meðtaka boðskapinn um „endurlausnarann ljúfa“ sem tók syndir okkar á sig svo að við mættum öðlast eilíft líf, með réttri iðrun. Það leitar um allt að „Raun-Jesú“, rétt eins og hinn sé ekki til.

Kannski var hann upreisnarforingi eins og Dauðahafshandrit vitna um. Kannski var hann ástandsbarn. Ævaforn kjaftasaga er til um að hann hafi verið ávöxtur sambands Maríu við rómverska hermanninn Pantera og reynt hefur verið að tímasetja fæðingu hans árið 4 fyrir Krist. Hann var að minnsta kosti úthverfamaður eins og títt er um gott fólk, heimabær hans Nasaret var útbær hinnar frægu borgar Heródesar Seppóris: ástandsbarn úr úthverfi: það er skemmtileg tilhugsun. Hann er að minnsta kosti barn sem kemur skyndilega í hendur fólks á hrakningi, Maríu og Jóseps sem gengur því í föður stað, og eins og öll börn sem koma í heiminn verður þetta barn Ljós heimsins.

„Jólum mínum uni ég enn“, orti Jónas Hallgrímsson, Maður ársins, síðustu jólin sem hann lifði. Og hélt áfram: „og þótt stolið hafi / hæstum guði heimskir menn/ hef eg til þess rökin tvenn / að á sælum sanni er enginn vafi.“

Enginn vafi. Hjálpræðið tengir hann fæðingu og ljóssins líkn fremur en fórnardauða og myrkraverkum. Þann 22. desember síðastliðinn gerðist að minnsta kosti sama kraftaverkið og Jónas Hallgrímsson upplifði svo sterkt síðustu jólin sín. Þá urðu sólhvörf. Og sólin sem nú snýr heim úr suðri – hún er hvað sem öðru líður alveg áreiðanlega „raun-Guð“.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Hefur eitthvað breyst?

UMRÆÐAN
Ný fjárlög

GUÐBJARTUR HANNESSON

Það hefur heilmikið breyst með nýrri ríkisstjórn. Nýjar áherslur eru í nýsamþykktum fjáraukalögum 2007 og fjárlögum 2008. Byggðamál og þá einkum framlög til samgöngumála eru þar í forgrunni, þar sem hraðað er framkvæmdum úti á landi og áætlaðar umtalsverðar upphæðir til að laga tengivegi. Stór skref eru stigin til að bæta kjör aldraðra og öryrkja á næstu tveimur árum. Mótvægisaðgerðir til að vinna gegn áhrifum af þriðjungs þorskniðurskurði fá drjúgan skerf, en þar er stutt við ýmis ný störf á landsbyggðinni, gert ráð fyrir flutningsstyrkjum, dregið úr veiðileyfagjaldi og enn fremur gert ráð fyrir styrkjum til viðhalds opinberra bygginga og til sveitarfélaga sem verða illa úti vegna niðurskurðarins. Gert er myndarlegt átak til að hreinsa upp skuldir stofnana vegna vanáætlana eldri ríkisstjórnar í heilbrigðismálum, málefnum framhaldsskóla og löggæslu og því fylgt eftir með auknum fjárveitingum til heilbrigðisstofnana um leið og heimahjúkrun er aukin. Fjármagn er til að fylgja eftir aðgerðaráætlun í málefnum barna, gert er ráð fyrir átaki í jafnréttismálum og hagur foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna er stórbættur auk þess sem framkvæmdasjóður fatlaðra er styrktur um 225 milljónir í þessum lögum. Viðskiptaráðuneyti hefur nánast breyst í neytendaráðuneyti og samkeppnis- og fjármálaeftirlit eflt. Loks er aukið fjármagn til nýrra framhaldsskóla og til háskóla. Hér er fátt eitt talið en þrátt fyrir stórauknar fjárveitingar til ýmissa mála er þess gætt að fara ekki of geyst, því mikilvægt markmið er að slá á verðbólguna og ná niður vöxtum.

Fyrstu fjárlögin uppfylla eðlilega aðeins hluta af stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar. Mörg verkefni eru framundan svo sem úrbætur í húsnæðismálum, þar sem tryggja þarf að ungt fólk geti eignast þak yfir höfuðið. Mikil þensla og hækkun húsnæðisverðs hefur gert þetta erfitt fyrir marga og of hátt verð á leigumarkaði. Úrbætur í húsnæðismálum eru því nauðsynlegar á nýju ári. Þá er mikilvægt að sátt náist á vinnumarkaði um stórbætt kjör láglaunafólks og að staðið verði við áform ríkisstjórnarinnar að vinna gegn kynbundnu launamisrétti og að bæta kjör umönnunar- og uppeldisstétta sérstaklega.

Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar og fulltrúi í fjárveitinganefnd.

Fíton/SÍA

Laumaðu ævintýri í útlöndum undir jólatréð!

Jólagjafabréf Iceland Express hittir beint í mark

Langar þig að gleðja einhvern sérstaklega mikið um jólin? Jólagjafabréf Iceland Express gefur þeim sem þér þykir vænt um spennandi fyrirheit á nýju ári, hvert sem hugurinn leitar.

Opið fyrir sölu á www.icelandexpress.is til kl. 18.00 í dag!

Jólaglaðningur
10 heppnir kaupendur jólagjafabréfa vinna ferð fram og til baka til hvaða áfangastaðar Iceland Express sem er!

» Verð:

22.900 kr.

Gjafabréfið gildir sem flug fram og til baka með sköttum og öðrum greiðslum til eins af áfangastöðum Iceland Express í Evrópu. Bókunartímabil jólagjafabréfsins er frá 26. desember til 31. janúar 2008 og eftir það gildir gjafabréfið sem inneign í 2 ár. Jólagjafabréfið gildir í flug á tímabilinu 15. janúar til 30. júní 2008. Sætaframboð er takmarkað.

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is

Það kostar að halda lífi og lífslöngun í fólki

UMRÆÐAN
Heilbrigðismál

ELÍN G. ÓLAFSDÓTTIR

Hver grefillinn er að í þessu ríka landi – þessari valdamiklu ríkisstjórn – með fullar hendur fjár? Hver grefillinn er að fólki sem herðir ólina enn að þeim sem minnst mega sín, eru öryrkjar, að ekki sé nú talað um ef þeir eru gamlir og minnislausir í ofanálag?

Síðasta afrek hinna sterku í þjóðfélaginu eru fyrirmæli um 40 milljóna króna „hagræðingu" á öldrunardeildum Landakots á næsta ári. Með öðrum orðum – deildum heilabilaðra á Landakoti er gert að spara téða upphæð. Mér er spurn: Hvernig er hægt að spara í hjúkrun og vistun aldraðra og heilabilaðra sem þegar er í lágmarki? Verður það gert án þess að þrengja enn að gömlu, illa áttuðu fólki sem veit ekki hvaðan á það stendur veðrið. Eða á ef til vill að reka konurnar sem vinna nú á spítölum (á skítalaunum) og í annarri vinnu utan heimilis aftur inn á heimilin til að sjá um gamla fólkið?

Þegar upp kemur nær árviss umræða um að nú verði að draga úr kostnaði við heilbrigðiskerfið – að nú verði að hagræða, þar eð fjárhagsáætlanir hafi farið úr böndum, hugsa ég aftur í tímann. Ég hugsa til áranna þegar ég var húsmóðir á stóru heimili og allt þurfti að smella ella nægðu kennaralaunin ekki. Allur matur var heimalagaður, allt bakkelsi heimagert, nema brauðin, fötin voru flest heimasaumuð, bæði mín og barnanna, allt frá náttfötum upp í úlpur eða kápur.

Þegar ég svo tók þátt í að semja árlega fjárhagsáætlun borgarinnar með félögunum í borgarstjórn gættum við jafnan fyllstu varfærni „hinnar hagsýnu húsmóður" við áætlun næsta árs. Orðið fjárhagsáætlun segir í raun allt sem þarf. Það var einmitt málið eins og ég benti stundum á. Þarna var áætlun á ferð og hún var jafn áreiðanleg eða vitlaus og gefnar forsendur, lagðar voru til grundvallar.

Að lokum: Var tekið mið af raunkostnaði við úthlutun fjár til vistunar og hjúkrunar aldraðra og heilabilaðra á Landakoti eða var beitt slumpreikningi sem ekki stenst raunveruleikann? Var áætlað út frá raunverulegum eða ýmsum tölum sem ekki taka t.d. mið af æ fleiri umsóknum eða brýnum kjarabótum þeirra sem vinna á deildunum í næstu samningum? Hvernig ætla menn að spara 40 milljónir þar sem allt er þegar skorið inn að beini, eða á bara að hætta að púkka upp á þetta gamla fólk? Það man hvort eð er ekki hverjir ráða hverju sinni og er því afar slakur þrýstihópur? Þvert á móti. Það er heilög skylda okkar að taka upp vörn fyrir foreldra, afa og ömmur eða maka þegar líða fer á ævi þeirra og halla undan fæti. Við eigum að vera þeim brjóstvörn á ögurstundum.

Höfundur er kennari.

Klúður bæjaryfirvalda

UMRÆÐAN
Skipulagsmál

Í Fréttablaðinu 16. desember birtist grein eftir bæjarstjóra Akureyrar þar sem leiðréttar eru meintar rangfærslur í grein undirritaðs frá 13. desember. Bendir hann á að eignir Svefns & heilsu ehf. skerðist með engum hætti og að hagsmunir Svefns & heilsu hafi verið tryggðir í nýju deiliskipulagi.

Ummæli bæjarstjórans eru vart svaraverð og með ólíkindum þær fullyrðingar að Svefn og heilsa hafi ekki hagsmuni í málinu eftir það sem á undan er gengið. Í stað þess að eyða löngum tíma í að leiðrétta rangar fullyrðingar í grein bæjarstjórans þá vil ég reyna að skýra málið fyrir bæjarstjóranum með dæmi er endurspeglar samskipti Svefns og heilsu og bæjaryfirvalda. Til einföldunar er vettvangur atvikanna látinn vera í íbúðarhverfi:

Þú og nágranni þinn eigið parhús. Nágranninn kemur með teikningar sem sýna að hann vill rífa niður sameiginlega geymslu sem þú átt með honum og nýta sameiginlega lóð til stækkunar á húsnæði sínu. Þú ræðir við hann og útskýrir fyrir honum að þú hafir ekkert á móti stækkun húsnæðisins en þú viljir sjálfur nýta þér þinn eignarhluta til stækkunar á þínu eigin húsnæði. Best væri því að ná samkomulagi um hvernig þið gætuð best stækkað húsnæðin enda nóg pláss. Þú ert allur af vilja gerður til að ná samkomulagi vegna þess að þessi stækkun er einmitt það sem þú þarft. Nágranninn þinn vill hins vegar allan pakkann og hefur engan áhuga á að semja. Hann fer með teikningarnar til bæjaryfirvalda og kemur sér greinilega svona vel inn undir hjá þeim því bæjaryfirvöld samþykkja breytingarnar með nýju deiliskipulagi svo þær nái fram að ganga. Þegar þú sérð nýja samþykkta deiliskipulagið er búið að taka lóðina upp að húsinu þínu sem snýr að nágranna þínum, rífa geymsluna, taka af suðursvalirnar á efri hæðinni ásamt innkeyrslunni að bílskúrnum þínum. Sanngjarnt? Nei þetta er það sem kallast valdhroki bæjaryfirvalda þar sem hagsmunir nágranna þíns eru tryggðir, þó í því felist að réttindi þín séu fótum troðin – í því felst alvarleiki málsins öðrum þræði fremur. Á nágranni þinn sök á málinu? Nei, ákvörðunin er bæjaryfirvalda.

SIGURÐUR MATTHÍASSON

Deiliskipulagsbreytingin tekur síðar gildi og þá grípa bæjaryfirvöld til þess ráðs að gefa út byggingarleyfi er heimila nágranna þínum stækkunina á sameiginlegri lóð ykkar, án samþykkis þíns. Lögfræðingurinn þinn skýtur málinu til æðra stjórnvalds er fellir byggingarleyfið úr gildi, en telur þó að deiliskipulagsbreytinginhjábæjaryfirvöldum sé gild þó svo að ýmsu hefði mátt standa betur við gerð hennar. Skýrt er tekið fram að þú hafir lögvarða hagsmuni í málinu. Bæjaryfirvöld verða því að:

a) Semja við þig um þá eignarhluta sem nágranni þinn fær til umráða fyrir sínar byggingar.

b) Taka eignir þínar eignarnámi og fá matsnefnd eignarnámsbóta til að dæma þér bætur fyrir þann skaða sem þú verður fyrir vegna þessa framkvæmda.

Bæjaryfirvöld eru treg að semja við þig og vilja svo til ekkert gera til að bæta þér skaðann og telja að þú hafir enga hagsmuni því ekki sé verið að snerta á sjálfu húsinu. Þegar hér er komið við sögu nærð þú greinilega ekki samningum við bæjaryfirvöld. Þú getur ómögulega fellt þig við þær breytingar sem orðnar eru á deiliskipulaginu, né framkvæmdum nágranna þíns. Bæjaryfirvöldum er því nauðugur einn kostur í stöðunni að gera eignarnám. Þau taka svo lóðina, geymsluna og húsnæðið eignarnámi en vilja sleppa við að taka bílskúrinn eignarnámi sem er samfastur húsinu þínu. Þú getur hins vegar ekki sætt þig við það að þurfa sitja uppi með bílskúrinn og gerir kröfu um að bæjaryfirvöld taki allt eignarnámi, sem þau andmæla kröftuglega. Nú bíður þú eftir því að matsnefnd eignarnámsbóta ákveði fjárhæð bóta, sem og hvort fallist verði á að bæjaryfirvöldum verði skylt að taka bílskúrinn.

Er það skoðun bæjarstjórans að réttindi íbúa séu ekki talin vera fyrir hendi þó þeir þurfi að horfa á skerðingu lóðarréttinda sinna, niðurrif mannvirkja er þeir njóta réttinda yfir og breytinga á skipulagi er hefur áhrif á nánasta umhverfi þeirra? Telur bæjarstjóri að hagsmunum Akureyringa hafi verið best varið með þessu deiliskipulagi? Það liggur ljóst fyrir að Akureyrarbær mun eiga húsnæðið sem gistir Húsgögnin Heim eftir eignarnámið. Svefn & heilsa mun þess vegna hætta með Húsgögnin HEIM þar sem hún telur að búið sé að kippa fótum undan rekstri þess. Að okkar mati hjá Svefni & heilsu er Glerártorgsmálið ekkert annað en klúður bæjaryfirvalda.

Höfundur er eigandi Svefns og heilsu.

Hverfandi munur!

241.376 notendur á visir.is á meðan 276.498 notendur völdu mbl.is í 49. viku, það er varla höfðinu hærra í samanburði!*

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja visir.is.

VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is



*Samræmd vefmæling á modernus.is í viku 49

Gleðileg jól

Á hátíð ljóss og friðar sendum við
Austfirðingum og landsmönnum öllum
innilegar jóla- og nýárskveðjur um leið og við þökkum
samstarf og samfylgd á árinu sem er að líða.

Megi nýtt ár færa okkur öllum farsæld og framfarir.

Alcoa Fjarðaál



ÍSLENSKA SIA.IS ALC 40462 12.2007

VALBORG BENTSDÓTTIR SKRIFSTOFUSTJÓRI FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1911.

„Ég gekk á vit þess draums sem fjarlægðin gerði fagran.“

Valborg var kvenréttindakona og skáld.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 24. DESEMBER 1956

Ungverskt flóttafólk til Íslands

Á aðfangadag árið 1956 komu 52 flóttamenn til Íslands frá Ungverjalandi. Þeir voru af báðum kynjum og aðeins sjö yfir þrítugu. Fimm hjón voru í hópnum, þar af ein með tvö ung börn. Fyrsti áfangastaður flóttafólksins var Melaskólinn. Þar var það skoðað af hjúkrunarfólki og nýjan fatnað og var síðan flutt í samkomuhúsið Hlégarð í Mosfellssveit þar sem það dvaldi fram á nýársdag 1957.

Ástæða flótta ungversku þjóðarinnar til annarra landa var sú að blóðug átök höfðu brotist út í landinu eftir að stúdentar felldu Stalínsstyttu af stalli í október 1956 til að mótmæla yfirráðum Sovétríkjanna. Leitað var til Sameinuðu þjóðanna og Rauða krossins. Í byrjun desember 1956 ákvað íslenska ríkisstjórnin að taka við 50 til 60 flóttamönnum og framkvæmdaráð Rauða krossins á Íslandi var sama sinnis. Ungversku karlmönnunum gekk greiðlega að fá vinnu þrátt fyrir tungumálaörðugleika flestra. Nanna Snæland var ráðin í hlutastarf hjá Rauða krossinum við að aðstoða flóttafólkið. Hún átti ungverskan mann og þau hjón reyndust hópnum ómetanlegir tengiliðir frá byrjun.

MERKISATBURÐIR

1812 Stríði Breta og Bandaríkjamanna lýkur með friðarsamningi sem gerður var í Belgíu.

1871 Óperan Aida eftir Giuseppe Verdi er frumsýnd í Kaíró í Egyptalandi í tilefni af opnun Súesskurðarins.

1893 Henry Ford lýkur við smíði fyrstu bensínvélar sinnar. Hann og eiginkonan prófa hana í eldhúsinu þennan aðfangadag.

1920 Óperusöngvarinn Enrico Caruso syngur í síðasta sinn opinberlega í Metropolitan óperunni í New York.

1934 Jólakveðjur eru lesnar í fyrsta sinn í Ríkisútvarpinu, klukkan 20.30.

Óskum öllum vinum og vandamönnum
fjær og nær
gleðilegra jóla
og
góðs nýs árs.

Jólakveðja frá Spáni,
Hrefna og Gulli.

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og tengdamóðir, amma og langamma,

Guðríður Þórðardóttir

Heiðargerði 17, Vogum, Vatnsleysuströnd,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 18. desember. Útförin fer fram frá Kálfatjarnarkirkju fimmtudaginn 27. desember kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Kálfatjarnarkirkju.

Guðmundur Í. Ágústsson
Þórunn K. Guðmundsdóttir **John Hill,**
Lilja J. Guðmundsdóttir **Jón Ögmundur Þormóðsson,**
Andrés Ágúst Guðmundsson **Sædís Guðmundsdóttir**
Þórður K. Guðmundsson **María Gunnarsdóttir**
Guðrún Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Stefán Jóhann Jónatansson

Bifreiðasmíðameistari, Vallargerði 40,

varð bráðkvaddur að heimili sínu að kvöldi föstudagsins 14. desember. Útförin fer fram í Háteigskirkju fimmtudaginn 27. desember kl. 13.00.

Ása Benediktsdóttir
Sigrún Stefánsdóttir **Steinar Þór Kristinsson**
Sigurður B. Stefánsson **Anna Rósa Böðvarsdóttir**
Svanhvít Stefánsdóttir **Jón Þórðarson**
og barnabörnin Stefán Kristinn, Guðrún Katrín og Hlynur Kári.

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðfinna Lárusdóttir,

Miðtúni 72, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 27. desember kl. 13.00.

Inga Gunnarsdóttir **Gylfi Gíslason**
Gunnar Gunnarsson **Gerður Helgadóttir**
börn og barnabörn.

HEIMIR SINDRASON TANNLÆKNIR: Á AFMÆLI Á AÐFANGADAG

Fæddur undir heillastjörnu

Heimir Sindrason, tannlæknir, fæddist 24. desember árið 1944.

Hann kveðst aðspurður aldrei hafa liðið fyrir að eiga afmæli á aðfangadag. „Ég hef bara gaman af því þegar fólk segir: „Áttu afmæli á jólunum?“ þegar það sér kennitöluna mína. Sérstaklega þótti mér skemmtilegt að vera spurður um afmælisdaginn þegar ég var lítill. Aðfangadagurinn er sérstakur og enginn annar afmælisdagur, nema kannski 17. júní, vekur jafn mikla athygli. Mér þykir mjög vænt um þennan dag. En það verður varla sagt að ég hafi fengið mikla trúrækni í vöggugjöf þó ég hafi fæðst á aðfangadag. Samt má alls ekki túlka orð mín svo að ég vilji berjast móti kristninni.“

Kafnaði ekki afmælishaldið í jólahaldinu þegar þú varst lítill?

„Jú, biddu fyrir þér, en mér var alveg sama. Ég er svo mikið jólabarn. Svo var ég svo heppinn að Einar móðurbróðir minn átti afmæli 25. desember og hann vissi hvernig var að eiga afmæli á jólum. Ég var því öruggur um að fá eina afmælisgjöf frá mömmu og pabba og aðra frá Einari. Þau sáu til þess að ég gleymdist ekki og það dugði mér. Ég fékk alltaf tvo pakka umfram það sem hinir strákarnir fengu.“

En hefur þú getað haldið upp á afmælið þitt sjálfur?

„Nei, nei. Ég gerði það til gamans þegar fimmtugsafmælið nálgaðist að senda boðskort til vinafólks og bjóða í afmælisveislu milli fimm og sjö á aðfangadag. Tók samt fram neðanmáls að þetta væri djók. En mamma hafði hálfgerðar áhyggjur af því á sínum tíma að ég fengi aldrei að halda upp á afmælið mitt þannig að hún ákvað einu sinni að slá því saman við afmæli Einars bróður míns sem er 24. mars. Ég man enn eftir þeim degi því það var þrumuský yfir Einari. Ég var ánægður og kátur en ekki hann og mamma reyndi þetta bara einu sinni. Enda þurfti hún ekki að bæta mér neitt upp.“

En veistu eitthvað um aðstæðurnar þegar fæðingu þína bar að?

„Fjölskyldan bjó þá í kjallaraíbúð á Bollagötunni og samkvæmt upplýsingum frá móður minni voru hún og föðuramma mín að spóka sig á Laugaveginum á Þorláksmessu þegar mamma fór að fá verki. Hún sagði ömmu frá þeim þegar þær voru komnar niður á Lækjartorg og þær drifu sig í strætó vestur á Grímsstaðaholt til móðurömmu minnar. Ég fæddist svo á fæðingardeildinni undir morgun á aðfangadegi. Ég geri ráð fyrir að mamma hafi legið inni í að minnsta kosti viku. Það var síðar þá. Ég hef spurt hana hvort ég hafi ekki eyðilagt fyrir henni jólin en hún þvertekur fyrir það. Mér skilst það hafi verið dekrað við hana á spítalanum og hún minnist þess að yfirlæknir deildarinnar hafi gengið um í sparifötunum á aðfangadagskvöld og óskað öllum gleðilegra jóla.

Mér finnst ég hafa fæðst undir heillastjörnu. Hef verið svo lánssamur í lífinu og aftur og aftur tekið réttu beygjuna án þess að hafa hugmynd um það þá. Þetta hugsa ég oft um á jólum og er þakklátur fyrir.“

gun@frettabladid.is



JÓLABARNIÐ HEIMIR Bauð í afmælisveislu milli fimm og sjö á aðfangadag - en bara í djóki.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

---

†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Jóhann Ragnarsson

læknir,

sem lést að heimili sínu, Laufásvegi 62, mánudaginn 17. desember verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 27. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

Hanna Gunnarsdóttir,
Anna Jóhannsdóttir, **Ástráður Eysteinsson,**
Heiða Jóhannsdóttir, **Björn Þór Vilhjálmsson,**
Magnús Jóhannsson, **María Björg Sigurðardóttir,**
Stefán Þorri Magnússon,
Jóhann Ástráðsson,
Anna María Magnúsdóttir,
Eyja Ástráðsdóttir.

---

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristinn Enok Guðmundsson, Dengsi,

fyrrv. starfsm. Rafmagnsveitu Reykjavíkur,
hjúkrunarheimilinu Skógarbæ,
áður Lindargötu 57, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju fimmtudaginn 27. desember kl. 13.00.

Guðmundur Hanning Kristinsson Eyrún Þorsteinsdóttir
Magnús Birgir Kristinsson Jónfríður Loftsdóttir
Sigrún Ásta Kristinsdóttir Ragnar Wiencke
Sigurður Kristinsson Anna Jónsdóttir,
Ingólfur Kristinsson Jóhanna Ellen Valgeirsdóttir
Anna Guðrún Kristinsdóttir Jóhann Snorri Jóhannesson
barnabörn, og barnabarnabörn.

Andlát.is

Andlat.is er vettvangur til að minnast
látinna ættingja og vina

.....

Á andlat.is getur þú kveikt á kerti fyrir
þann sem þú vilt minnast

.....

Á andlat.is er hægt að koma á framfæri
dánarfregnum, jarðarfarartilkynningum
minningargreinum og minningarorðum

Við erum hér fyrir þig.

Þjónusta andlat.is er án endurgjalds.

Starfsfólk Ingvars Helgasonar

ÓSKAR LANDSM

GLEÐILEGRA

Rétti andinn

Þegar starfsmenn Ingvars Helgasonar setjast við jólaborðið heima hjá sér rétta þeir sósuna og rauðkálið og hlaupa fram til að fylla á jólaöllið og þeir strauja dúkana og elda jólagrautinn og útdeila pökkunum og fylgjast með kertunum. Þeir sækja konfekt meðan horft er á skaupið, þeir

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 79

ENNEMM / SÍA / NM31058

MÖNNUM

JÓLA

stilla upp flugeldunum í storminum, þeir fara til dyra, vökva jólatréð, þeir snara sér upp á þak ef slokknar á hreindýri. Starfsmenn Ingvars Helgasonar óska landsmönnum gæfu á komandi ári og hlakka til að veita viðskiptavinum sínum áfram þjónustu sem snýst um ánægju, öryggi og mannleg samskipti.

940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808

INGVAR HELGASON

Ég veit vel að Hann heyrir

Sigurbjörn Einarsson biskup segir að jól æsku sinnar og jól samtímans hafi alls engan snertiflöt á yfirborðinu. Ekkert sé eins og það var. Græðgi og verslun gangi nærri því að knésetja fólk yfir hátíðina miklu. Sannleikur jólaboðskapsins sé þó enn óhagganlegur. Hann tók á móti *Klemensi Ólafi Þrastarsyni* og fræddi hann um goðsögur, engla og evrópska móðursýki.

Sigurbjörn biskup er allt að því heilagur maður í huga margra landsmanna. Hann er holdgervingur kristinnar trúar. Maðurinn sem kemur í huga okkar þegar við hugsum orðið biskup, enda gegndi hann því embætti í 22 ár.

Þegar blaðamann ber að garði dettur honum fyrst í hug að nú sé tímabært að nýta þéringuna sem gamla Biblían kenndi. Ef maður þérar ekki Sigurbjörn biskup, hvern þá?

Biskup opnar dyrnar og réttir fram höndina vingjarnlega. Það þarf víst ekkert að þéra hann.

Við setjumst í stofuna uppi. Sigurbjörn lítur í kringum sig. Hann er 96 ára gamall og fæddist í öðrum heimi en þessum.

Hann rifjar upp jólin þegar steinolía var sett á lampann í fjósbaðstofunni heima. Lýsi var enn notað á hina lampana, bæði í fjósinu og í eldhúsinu.

Hann man sín fyrstu jól í þessari baðstofu. Þau hírðust þar sextán saman, Sigurbjörn var fjórtánda og yngsta barnið. Þá var lífið fábrotið og ríkti mikil fátækt á mælikvarða nútímans.

„Ef ég væri að vakna núna og kynnast nútímanum í fyrsta skipti, þá væri akkúrat ekki neitt sem ég gæti kannast við," segir hann.

Sigurbjörn er þakklátur fyrir þá breytingu sem orðið hefur á veraldlegum aðbúnaði þjóðarinnar. En hann hikar við, spurður um hinn andlega aðbúnað.

„Það er svo allt annar handleggur," segir hann. „Ég ólst upp við mjög sterkar guðræknisheðir. Það var hugvekja á hverju kvöldi í vökulok og húslestur þá sunnudaga sem ekki var farið til kirkju."

SIGURBJÖRN BISKUP Hann býr einn í gamla raðhúsinu í Kópavogi, eftir að kona hans Magnea fór á undan. Hann langar ekkert til að flytja. „Ekki fyrr en ég verð fluttur".
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Þá má segja að hvar sem þú heyrir sungið Heims um ból, að það sé trúboð. Við eigum það kannski fram undan að mega bara hvísla það innandyra og hvergi á opinberum vettvangi?

Ofurþungi á sálina

Biskup telur ásýnd jólaundirbúnings nútímans segja sitt um þær andlegu breytingar sem – því miður – hafi orðið með þjóðinni. Jólaundirbúningurinn einkennist nú af kaupmennsku og græðgi.

„Boðskapur þessarar hátíðar hefur laðað fram og kallað á það besta sem við geymum í okkur; gjafmildi, ástúð og kærleika. En svo er farið að nota þessar tilfinningar til að græða á þeim peninga. Á þessum velgengnistímum sem við lifum er þetta komið úr öllum böndum og hefur margar ískyggilegar afleiðingar.

Fólk fær ofurþunga á sál sína og huga, eða streitu sem það þolir ekki, af þessum gífurlega áróðri fyrir kaupum. Heimilislífið líður, hjónabönd bresta og hátíð hinnar miklu gleði veldur áverkum á börnunum, sem stundum búa við þá alla sína ævi."

Biskup hugsar sig um og bætir við: „Ég vildi óska þess að þetta væri lygi og ég vildi fá mitt straff út á að það gæti gert þetta að lygi. En svo er ekki, þetta er satt."

En á hverju sem gengur er boðskapur jólanna ætíð sannur, segir Sigurbjörn og fer með Jólavísu Jónasar Hallgrímssonar:

Jólum mínum uni ég enn,
og þótt stolið hafi
hæstum Guði heimskir menn
hef ég til þess rökin tvenn
að á sælum sanni er enginn vafi.

„Yður er frelsari fæddur, Guð er gestur hér! Þessi sannleikur jólanna er óhagganlegur og þá ósk á ég öllum til handa að hann fái að komast til skila í hvert hús og hvern hug," segir Sigurbjörn.

Goðsögn þess sanna

Erkibiskupinn af Kantaraborg tók upp á því nýlega að efast opinberlega um söguna af vitringunum þremur sem samkvæmt heilagri ritningu heiðruðu Jesúbarnið nýborið. Erkibiskup álítur þetta goðsögu, sem eigi sér litla sem enga stoð í raunveruleikanum.

Sigurbjörn furðar sig á þessum ummælum frá hámenntuðum erkibiskupnum og segir að sé rétt eftir haft skuli bent á að sagan um vitringana sé innblásin.

„Hún er til marks um innsæi af því tagi sem við tengjum ekki venjulegum annálaskrifum. Henni er skilað til okkar af fólki sem sá með augum trúarinnar og skildi meira en yfirborð veruleikans."

Finna megi margs konar goðsagnir. Þannig séu englar gjarnan taldir til goðsagna. „En ég er ekki í nokkrum vafa um að það eru englar í kringum okkur núna. Eins þegar ég tala við Guð minn, þá veit ég vel að Hann heyrir."

Goðsögn geti verið „sú djúpreynsla sem rýfur stakk tímans og veitir innsýn í annan veruleika en þann jarðneska. Það sem gerist í hugarheimi mannsins er staðreynd líka. Það er staðreynd sem ekki verður mæld, en staðreynd engu að síður."

Hamingjan sjálf sé gott dæmi um innri reynslu sem getur haft ytri orsakir. „En innri lífunin er annar – og engu minni – veruleiki."

Kristin trú hefur verið Sigurbirni ómetanlegt hjálpartæki til að nálgast hamingjuna. Hann varar við því að hamingjunni sé ruglað saman við upphafnar tilfinningar og annarlegt ástand. „Hamingjan er ekkert tilfinningasvall. Hún einkennist af innra jafnvægi og hugarró. Hamingjusamt fólk er þannig í sæmilegri sátt við sjálft sig, en þó ekki án sjálfsgagnrýni. Skorti hana verður einstaklingurinn hrokafullur sjálfbirgingur, skopskyni skroppinn."

Brúðkaup homma skammsýni

Meðan Sigurbjörn starfaði sem biskup ríkti að mestu sátt um starfsemi Þjóðkirkjunnar og var þá margt í þagnargildi sem nú kemst í hámæli. Síðustu árin hefur hins vegar verið deilt um Þjóðkirkjuna, jafnt innan hennar sem utan. Eitt helsta deiluefnið hefur verið hvort hommar og lesbíur megi giftast. Sigurbjörn segir ekki að undra að tekist sé á um þetta málefni.

„Nútíminn er marglyndur og mörgu skýtur upp. Það sjónarmið að samkynhneigðir skuli giftast er óþekkt í sögunni. Út af fyrir sig skaðar það ekki hjónabandið sem stofnun að þeir giftist. Það er bara algjör fjarstæða. Því þá er því afneitað sem er mergurinn málsins; þjónustan við lífið sjálft. Við verðum til í móðurlífi og það verður ekki frjóvgað nema af karli. Það kviknar hins vegar ekki líf í maga karlmanns."

Sigurbjörn minnir á að þótt vinur sinn Platón, sem hann kunni eitt sinn utanbókar, og aðrir heimspekingar Forn-Grikkja hafi fært ást milli karlmanna á æðra plan, hafi þeim aldrei komið til hugar að tala um hjúskap. Þannig sé þessi krafa samkynhneigðra ein tímans bóla, sem springi. Óskynsamlegt sé að vatna út hjónabandið með slíkri skammsýni.

Evrópska móðursýkin

Í gamla daga voru trúfélögin færri og undu sínum hag ágætlega, án þess að rekast hvert á annað.

„Það ríkti fullkominn friður milli Þjóðkirkjunnar og Fríkirknanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Það er nýlunda að kirkjan þurfi að þola svæsnar árásir úr þeirri átt," segir Sigurbjörn, sem undrast mjög heift þeirra sem standa utan Þjóðkirkjunnar og gagnrýna hana.

„Fólkið kýs að vera ekki í Þjóðkirkjunni og beitir svo sinni meginorku í að rífa hana niður í ræðu og riti."

Sigurbjörn hafnar því að Þjóðkirkjunni væri fyrir bestu að slíta á hin sérstöku tengsl við ríkisvaldið. Stjórnarskráin kveði ekki einungis á um tengsl ríkis við Þjóðkirkjuna. Ákvæðið um Þjóðkirkjuna hefði aldrei komist inn í stjórnarskrá ef ekki væri í húfi sjálf yfirlýsing ríkisins til kristindómsins.

„Og þetta er ekki ríkisrekið fyrirtæki, fjarri því. Ríkið hefur einfaldlega verið vörslumaður fjármuna kirkjunnar. Nú er þeirri vörslu lokið og ríkið afsalar sér ábyrgð á því með stuðningi sínum við Þjóðkirkjuna."

Því hefði lítið upp á sig að slíta þessi tengsl fyrir friðarsakir: „Það verður aldrei friður fyrir ólátamönnum."

Sigurbjörn bíður við stutta stund og horfir fram fyrir sig. Hann kveður Þjóðkirkjuna eiga svo mikinn stuðning meðal almennings, trausta vini og úrvalsstarfsfólk að hún þurfi ekki að óttast þetta óvildarfólk.

„Þjóðkirkjan þarf því ekki að einblína á fyrirbæri sem eru meira og minna óeðlileg," segir hann og vísar meðal annars til samtakanna Vantrúar.

„Ég vildi ekki meina neinum að hafa skoðanir en menn verða þó að virða þá lágmarkskröfu að koma fram við aðra af sæmilegri sanngirni og væna menn ekki um óheiðarlegar tilfinningar eða vanþroska eða skort á mannviti. Fólk á ekki að afflytja málstað náungans."

Gamla manninum hugnast alls ekki nýleg lagabreyting, þar sem sérákvæði um kristilegt siðgæði í skólastarfi fékk að fjúka. Engu skiptir þótt löggjafarvaldið beri fyrir sig að hafa farið eftir Mannréttindasáttmála Evrópu.

„Auðvitað er evrópsk móðursýki líka til og hefur aldrei verið keppikefli Íslendinga né æskilegt hlutverk okkar að skríða eftir allri evrópskri sérvisku. Varasamur eða spilltur tíðarandi er alls ekkert betri þótt hann sé evrópskur."

Aðförin að kristindómsfræðslu endi með því að bannað verði að syngja Heims um ból.

„Þeir vilja ekki hafa litlu-jólin og ekki neitt sem minnir á kristindóminn. Þeir heimfæra allt undir trúboð. Þá má segja að hvar sem þú heyrir sungið Heims um ból, að það sé trúboð. Við eigum það kannski fram undan að mega bara hvísla það innandyra og hvergi á opinberum vettvangi?"

Í BÓKAHERBERGINU Sigurbjörn biskup skoðar nýja Biblíuþýðingu. Hann er feykilega hrifinn af útliti hennar og framsetningu, en leyfir sér að efast um nauðsyn þess að taka út þéranir.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gleðileg jól

Við óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári
með þökk fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.

Sími

Netið

Sjónvarp

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn



KVEIKT Á KERTUM Jólahald verður varla nokkurs staðar hátíðlegra en einmitt í fæðingarkirkjunni í Betlehem. Þessi tveggja ára snáði, sem heitir Yakubto, fær þarna aðstoð frá föður sínum við að kveikja á einu af kertunum í kirkjunni, sem kristnir menn trúa að hafi verið reist nákvæmlega á þeim stað þar sem jatan stóð fyrir tvö þúsund árum. NORDICPHOTOS/GETTY

MÚRINN Í BETLEHEM Aðskilnaðarmúrinn milli Ísraels og herteknu svæðanna á Vesturbakkanum hlykkjast meðfram litla bænum Betlehem. Hinum megin múrsins búa Ísraelsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN ARNÓRSSON

Ferðamenn hópast til Betlehem

Undanfarin ár hefur verið dauft yfir jólahaldi í Betlehem, litla bænum sunnan við Jerúsalem þar sem sagan segir að frelsari mannkyns hafi fæðst. Þrúgandi hernámsástand og harðvítug átök hafa fælt ferðamenn frá, en í ár virðast horfurnar betri.

Ef Jósef og María kæmu til Betlehem núna fyrir jól má búast við að þau ættu erfitt með að finna gistingu. Öll hótel eru uppbókuð og ferðamennirnir streyma til bæjarins helga sem Ísraelar hafa haldið í heljargreipum áratugum saman af ótta við illvirki heimamanna.

Ísraelsk og palestínsk stjórnvöld reikna með að 60 þúsund ferðamenn leggi leið sína til Betlehem og annarra helgra staða í landinu núna í jólamánuðinum. Þetta verða þrisvar sinnum fleiri ferðamenn en á síðasta ári.

Ísraelar og Palestínumenn hafa í ár unnið saman að því að skipuleggja móttökurnar sem þetta fólk fær. Meðal annars hafa Ísraelar að nokkru aflétt þeim ströngu ferðahömlum sem Palestínumenn hafa búið við undanfarin ár. Auðveldara hefur verið að fá ferðaleyfi til Betlehem en þekkst hefur um langa hríð.

Hápunktur ferðarinnar verður tvímælalaust heimsókn í Fæðingarkirkjuna sem stendur við torg sem heitir Jötutorg. Kirkjan er reist á þeim stað þar sem talið er að Jesú Kristur hafi fæðst fyrir tvö þúsund árum. Undir kirkjunni er lítil hellishvelfing og þar niðri hefur gyllt stjarna verið lögð í marmaragólfið nákvæmlega þar sem trúaðir telja vera fæðingarstað frelsarans.

Kirkja var fyrst reist á þessum stað á fjórðu öld eftir Krist, en sú sem nú stendur þar er frá sjöttu öld og er ein af elstu starfandi kirkjum heims.

Bæði ísraelskir og palestínskir ráðamenn ætla að taka þátt í helgiathöfnum í kirkjunni nú um jólin, þeirra á meðal bæði Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, og Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar.

Kirkjunni sjálfri hefur oftast verið hlíft við átökum Ísraela og Palestínumanna, en vorið 2002 flýðu um 200 Palestínumenn inn í kirkjuna undan ísraelska hernum, sem hafði ráðist inn í Betlehem til að leita þar herskárra Palestínumanna. Umsátur Ísraela um kirkjuna stóð vikum saman og féllu þar tíu Palestínumenn, þar á meðal hringjari kirkjunnar.

HIÐ ALLRA HELGASTA Í fæðingarkirkjunni bíða menn í röðum eftir því að fá að krjúpa við hið allra helgasta, litla hellisskútann þar sem kristnir menn telja að Jesús Kristur hafi fæðst. NORDICPHOTOS/GETTY

JÓLATRÉÐ SKREYTT Palestínumaður skreytir jólatré við fæðingarkirkjuna í Betlehem. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

JÓLASVEINNINN MÆTTUR Jólasveinn þessi, sem er af palestínskum ættum, sýndi heldur betur af sér kæti þegar hann fór framhjá fæðingarkirkjunni í Betlehem nú í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gleðileg Jól

Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

OPIÐ í dag til kl. 14:00*
SMÁRALIND til kl. 15:00

LOKAÐ
25. og 26. desember

Þú færð jólagjafirnar hjá okkur

Loðdýr 25 cm
- frábært úrval

Vinsælustu spilin fyrir alla fjölskylduna
- færðu hjá okkur. Frábært úrval

Ítalskir réttir Hagkaupa

* Njarðvík og Borganes til kl. 12:00

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Boltaleikur fyrir Maríu

Jólasaga

eftir PAULO COELHO

Brasilíski rithöfundurinn Paulo Coelho er fæddur árið 1947. Hann er einn vinsælasti og áhrifamesti rithöfundur sinnar samtíðar. Bækur hans hafa verið þýddar á meira en 56 tungumál og hafa verið á metsölulistum víða um heim. Þekktasta verk hans er líklega Alkemistinn þó að margar bækur hans aðrar séu einnig vel kunnar. Coelho hefur ákveðið að gefa lesendum sínum þessa hugljúfu jólasögu sem birtist í dagblöðum víða um heim í dag, meðal annars í Fréttablaðinu.



MYNDSKREYTING: BJÖRK BJARKADÓTTIR

Þjóðsaga ein frá miðöldum segir frá Buckhard-hjónunum og syni þeirra, sem bjuggu í landi þar sem Austurríki er nú. Fjölskyldan skemmti á jólahátíðum, þar sem þau fóru með ljóð, sungu fornar ballöður og héldu boltum á lofti. Vitaskuld höfðu þau aldrei nóg milli handanna til að kaupa jólagjafir handa hvert öðru en bóndinn sagði við son sinn:

„Veistu hvers vegna poki jólasveinsins tæmist aldrei, þrátt fyrir öll þessi börn í heiminum? Því þótt skjóðan sé ef til vill full af barnagulli, hefur hann margt mikilvægara að færa. Við köllum það „ósýnilegar gjafir“. Sundruðum heimilum reynir hann að færa sátt og frið. Þar sem ástina skortir sáir hann fræjum trúarinnar í hjörtu barnanna. Þeim sem horfa svartsýnir til framtíðar færir hann von. Sjálf erum við alltaf glöð daginn eftir að jólasveinninn heimsækir okkur. Við gleðjumst yfir að vera enn á lífi og stunda okkar vinnu, sem er að færa öðrum gleði. Gleymdu því aldrei.“

Tíminn leið og drengurinn óx úr grasi. Dag einn gekk fjölskyldan fram hjá hinu tilkomumikla klaustri í Melk, sem þá var nýrisið.

„Pabbi, manstu fyrir mörgum árum þegar þú sagðir mér frá ósýnilegu gjöfum jólasveinsins? Ég held að ég hafi fengið slíka gjöf: köllunina til að gerast prestur. Má ég stíga fyrsta skrefið í átt að draumi mínum?“

Þótt hjónin þörfnuðust sonar síns sýndu þau honum skilning og urðu við ósk hans. Þau börðu að dyrum klaustursins og var vel tekið af munkunum, sem féllust á að taka drenginn að sér sem klaustursvein.

Senn leið að aðfangadegi og einmitt þann dag gerðist kraftaverk í Melk. Heilög guðsmóðir steig niður til jarðar með Jesúbarnið í fanginu og heimsótti klaustrið. Munkarnir mynduðu röð fyrir framan hina heilögu jómfrú og vottuðu henni og syni hennar stoltir virðingu sína. Einn sýndi þeim fallegu málverkin sem klaustrið prýddu, annar sýndi þeim Biblíu sem hafði tekið heila öld að skrifa og myndskreyta en sá þriðji þuldi nöfn allra dýrlinganna.

Aftast beið Buckhard hinn ungi í ofvæni eftir að röðin kæmi að honum. Foreldrar hans voru fábrotið fólk og það eina sem þau höfðu kennt honum var að halda boltum á lofti. Þegar röðin kom að honum vildu prestarnir binda enda á lofgjörðina, þar sem fjöllistamaðurinn fyrrverandi hafði engu merkilegu við að bæta og gæti jafnvel spillt orðstír klaustursins.

Engu að síður fann hann hjá sér sterka þörf til að gefa Jesú og Maríu eitthvað. Undir þóttafullu augnaráði munkanna teygði hann sig skömmustulegur eftir nokkrum appelsínum í vasa sínum. Hann henti þeim upp í loft og greip aftur og myndaði laglegan hring í loftinu rétt eins og þegar hann skemmti á farandhátíðunum í nágrenninu.

Jesúbarnið, sem hvíldi í kjöltu móður sinnar, byrjaði samstundis að klappa saman höndum af kátínu. Og heilög guðsmóðir teygði arma sína í átt að hinum unga Buckhard og leyfði honum að halda á brosandi barninu í nokkur andartök.

Þjóðsögunni lýkur á þá leið að út af þessu kraftaverki berji nýr Buckhard að dyrum klaustursins í Melk á tvö hundruð ára fresti og ylji þeim sem hann hittir um hjartarætur.

NÝ SÝN
NÝTT FORYSTUAFL

Háskólinn í Reykjavík kynnir, í samvinnu við McGill háskólann í Montreal og Henry Mintzberg, Columbia háskólann í New York og Mayo Clinic í Rochester, nýtt alþjóðlegt meistaranám fyrir brautryðjendur í heilbrigðisþjónustu. Námið hentar öllum sem starfa við nýsköpun, rekstur, þjónustu, stjórnun og forystu á sviði heilbrigðismála og lýðheilsu og er boðið upp á nám bæði heima og erlendis.

Heilbrigðisþjónusta framtíðarinnar þarf brautryðjendur sem:

- Sýna frumkvæði og búa yfir bestu og nýjustu þekkingu sem völ er á.
- Hafa getu til að leiða saman ólík sjónarmið og komast að sameiginlegri niðurstöðu, öllum til hagsbóta.
- Búa yfir þeirri áræðni og þekkingu sem þarf til að taka réttar ákvarðanir á réttum tíma.

Náminu er ætlað að veita þátttakendum nýja sýn á forystu og nýsköpun í heilbrigðisþjónustu 21. aldar og stuðla að því að skipa Íslendingum í fremstu röð framsækinna þjóða á sviði heilbrigðismála og lýðheilsu.

NÁM VIÐ MCGILL HÁSKÓLANN: ÞÁTTTAKENDUR FRÁ YFIR 20 ÞJÓÐLÖNDUM

Vorönn 2008: Þátttakendum gefst kostur á að hefja nám við McGill háskólann í mars 2008. Hægt er að sinna fullu starfi með námi, en gert er ráð fyrir að nemendur komi saman 5 sinnum í 12 daga í senn á 16 mánaða tímabili.

„Meistaranámið okkar í heilbrigðisstjórnun er einstakt og afar metnaðarfullt. Við ætlum okkur að bylta, ekki einungis menntun í heilbrigðisstjórnun, heldur sjálfu heilbrigðiskerfinu. Það gerum við með því að kveikja stöðuga, lifandi umræðu á milli fremstu stjórnenda allra geira heilbrigðiskerfisins, alls staðar að úr heiminum."

Henry Mintzberg, prófessor í stjórnun og forstöðumaður meistaranáms í heilbrigðisstjórnun við McGill háskólann í Montreal. Mintzberg er á nýjum lista yfir 20 helstu hugsuði heims. Á þessum lista eru m.a. Bill Gates, Alan Greenspan, Jack Welch og Michael Porter.

NÁM VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK: PRÓFESSORAR FRÁ MCGILL, MAYO CLINIC OG COLUMBIA KENNA VIÐ HR

Haustönn 2008: Þátttakendum gefst kostur á að hefja nám í Háskólanum í Reykjavík á haustmisseri 2008 og innritast í MPH Executive nám sem er meistaranám í forystufræðum og nýsköpun á heilbrigðissviði. Kennslufyrirkomulag tekur mið af því að þátttakendur sinni starfi samhliða náminu sem fer fram að mestu leyti hér á landi. Auk innlendra sérfræðinga kenna prófessorar frá McGill, Columbia University og Mayo Clinic.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Háskólans í Reykjavík, www.hr.is/mphe og hjá **Guðjóni Magnússyni, MD, Ph.D., prófessor við kennslufræði- og lýðheilsudeild HR (gma@ru.is).**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Á vaktinni á aðfangadagskvöld

Ekki eru allir svo lánsamir að verja aðfangadagskvöldi í faðmi fjölskyldunnar. Stór hópur fólks í þjóðfélaginu innir af hendi störf sem krefjast þess að unnið sé á þessu kvöldi sem í huga flestra er það hátíðlegasta ár hvert. Störf þessa fólks tryggja okkur hinum öryggi yfir hátíðarnar og að jólin komi einnig til þeirra sem enga eiga að. Margir þeirra sem eru að störfum í kvöld hafa valið sér það sjálfir og í sumum tilvikum er vinnan jafn órjúfanlegur hluti hátíðarhaldanna og jólaölið, steikin og brúnuðu kartöflurnar fyrir okkur hin.

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

„Ætli við verðum ekki sjö á vakt í Skógarhlíð í dag og svo 21 í heildina," segir Stefnir Snorrason slökkviliðsmaður og segir ekki vanþörf á því oftast sé mikið um útköll á þessum degi. „Það er mikið um sjúkraflutninga, sérstaklega á fólki sem fer heim af endurhæfingarstofnunum til fjölskyldna sinna. Svo er talsvert um útköll vegna slysa og veikinda og eldsvoða," segir Stefnir, sem er ekki óvanur því að verja aðfangadegi í vinnunni. „Maður sinnir bara sínu hlutverki og fjölskyldan aðlagast því. Við höldum jólin bara aðeins fyrr, áður en ég fer á vakt, svo allir hinir geti átt gleðileg jól."

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

LAUGASKJÓL Sigrún Jónsdóttir sjúkraliði verður á vakt í kvöld í Laugaskjóli, sambýli fyrir eldra fólk með minnissjúkdóma sem er rekið af Skjóli, og segir það leggjast vel í sig. „Um leið og maður tekur þessa ákvörðun sættir maður sig við það," segir hún. „Dagurinn er annasamari en kvöldið því þá fara flestir til fjölskyldna sinna. Það verður fámennt á heimilinu milli klukkan fimm og níu. Svo fer fólkið að tínast heim aftur en það er gaman að fá það aftur brosandi frá sínum nánustu. Þá er sest í stofuna. Við fáum okkur kannski sérrístaup, heitt kakó og smákökur. Allt verður svo rólegt, hátíðlegt og yndislegt." Hér er Sigrún til vinstri ásamt Elsu Jónsdóttur sem vinnur með henni á vaktinni í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

NEYÐARLÍNAN

Elva Björk Björnsdóttir varðstjóri hjá Neyðarlínunni hefur yfirleitt unnið um áramót til að geta átt frí á aðfangadag. Í ár ætlar hún hins vegar að breyta út af vananum og vinna á þessum annasama degi. „Mér finnst það í lagi þar sem krakkarnir eru uppkomnir," útskýrir Elva hress í bragði, en hún hefur búið sig undir að allt mögulegt geti komið upp á. „Það skapast mikil læti úti í þjóðfélaginu og allt sem fer úrskeiðis endar hjá okkur. Allt dettur í dúnalogn milli klukkan sex og átta um kvöldið þegar fólk borðar. Svo hefst örtröðin á ný," segir hún og hlakkar til að hitta fjölskylduna þegar vaktaskipti verða seinna um kvöldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

HJÁLPRÆÐISHERINN

Aðfangadagur á heimili Anne Marie Reinholdtsen er með heldur óvenjulegu sniði en þá er hefð fyrir því að öll fjölskyldan sameinist til að taka þátt í starfi Hjálpræðishersins. „Við erum öll í þessu á aðfangadag og höfum gert það frá því að börnin voru lítil. Þegar við fluttum tímabundið til Noregs fannst krökkunum alveg ömurlegt að þurfa að halda jólin heima, þar sem við vorum þá bara ein. Við urðum að finna fólk sem var einsamalt til að bjóða heim. Fyrir þeim voru það jólin," segir Anne, sem hlakkar til að takast á við verkefni dagsins, ekki hvað síst undirbúninginn fyrir kvöldið. „Þá snæðum við með fólkinu á gistiheimilinu, venju samkvæmt," segir hún.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



SLYSA- OG BRÁÐADEILD LANDSPÍTALANS

Áætlað er að 165 manns að meðaltali leiti til slysa- og bráðadeildar Landspítalans á aðfangadag, jóladag og annan í jólum ár hvert, þar sem mælst er til að fólk með bráðavanda leiti aðstoðar en fólk með viðvarandi vandamál fari frekar á heilsugæslustöðvar. Umferðin er meiri um hátíðarnar en á virkum dögum. Venju samkvæmt verður þar því fjöldi fólks að störfum, þar á meðal Skúli Bjarnason læknir sem vinnur nú í fyrsta sinn á aðfangadegi. „Þetta leggst vel í mig og ég hef ekki undan neinu að kvarta, enda sloppið við að taka vakt síðustu sjö ár," segir læknirinn hlæjandi og bætir við að hann hafi á móti unnið um hver áramót og því orðið tímabært að skipta á vöktum. „Ég hef það þá bara gott um áramótin í staðinn," segir hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Óskum landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári,
grósku og gleði á öllum sviðum mannlífs.

Um leið þökkum við ánægjuleg viðskipti
á átttugasta og fimmta starfsári fyrirtækisins.

ORMSSON

FRAMSÝNI OG METNAÐUR SÍÐAN 1922

Langar að sjá norðurljósin

Ástralska leikkonan **Nicole Kidman** á glæsilegan leik í jólabíómyndinni Gyllta áttavitanum, The Golden Compass, þar sem hún fer með hlutverk hinnar margslungnu Mariu Coulter. Í viðtali við *Þóru Karítas Árnadóttur* segist hún vonast til þess að allar þrjár ævintýrabækur Philips Pullman verði festar á filmu í framtíðinni og að hún muni einhvern tímann sjá norðurljósin.

FERTUG OG ENN Á UPPLEIÐ Nicole Kidman segir það forréttindi að vera orðin fertug en fá samt betri og betri hlutverk í kvikmyndum. Hún þykir fara á kostum í kvikmyndinni Gyllta áttavitanum sem frumsýnd verður hérlendis á annan dag jóla. NORDICPHOTOS/GETTY

Þegar kemur að því að velja kvikmyndahlutverk laðast ég að sálfræðilegum fléttum og verð að viðurkenna að ég hef sjaldnast gaman að því að horfa á ævintýramyndir. Ég ólst þó upp við góðar bókmenntir og mamma las fyrir mig meðal annars bækurnar eftir Roald Dahl og Narníu-bækurnar sem eru í uppáhaldi.

Þegar Chris Weitz (leikstjóri Gyllta áttavitans) hafði samband við mig verð ég að viðurkenna að ég þráði að taka mér frí frá störfum og því hafnaði ég verkefninu í fyrstu. Ég var í Tennessee og var löt," segir Nicole Kidman þegar hún er spurð út tilurð þess að hún kom að myndinni. Gyllti áttavitinn verður frumsýnd í íslenskum kvikmyndahúsum á annan dag jóla.

„Þegar ég tek að mér hlutverk lít ég á það sem meira en fullt starf. Það þarf að gefa meira en það besta sem maður á og ég var á þannig tímapunkti í lífinu að mig langaði bara til þess að hanga og njóta lífsins í stað þess að vinna.

En svo las ég bækurnar og leikstjórinn Chris Weitz og höfundurinn Philip Pullman skrifuðu mér bréf og þessi tvö bréf samanlögð voru nóg til að tæla mig og núna er ég mjög glöð yfir því. Persónurnar í bókunum eftir Philip eru ótrúlega safaríkar og gefa leikurum tækifæri á að sýna sterkan leik. Mér finnst jafnframt æðislegt að taka þátt í kvikmynd sem er byggð á bókum sem fólk þekkir og hefur svona mikla ástríðu fyrir og ég er líka glöð að fá að taka þátt í ævintýramynd sem inniheldur alvöru leikara en ekki bara teiknimyndapersónur."

Forréttindi að fá enn góð hlutverk

Ertu þá í fríi núna í staðinn og nýturðu þess?

„Ég er reyndar í miðju kafi núna við tökur á bíómyndinni Ástralía (eftir Baz Luhrmann) og sú mynd hefur tekið meira en níu mánuði af árinu. Satt best að segja er það aðeins of erfitt og ég hlakka til að taka mér frí á næsta ári. En að sama skapi er ég svo heppin því ég er fertug og nú er ég að fá sum bestu hlutverkin sem ég hef hingað til fengið að leika. Ég nýt forréttinda," segir Nicole sem er hæstánægð með að hafa tekið þátt í Gyllta áttavitanum. „Ég vona innilega að við getum klárað að kvikmynda allar bækurnar þrjár því ég elska að leika fröken Coulter og í þessari fyrstu mynd birtist aðeins agnarlítið brot af því sem hún er. Hún springur út í síðari hluta sögunnar og það er svo spennandi að fá að túlka öll lögin í karakternum. Það er púls í Coulter sem rífur hana áfram og ég er þakklát Chris (leikstjóranum) fyrir að hafa gefið mér tækifæri til að láta þennan púls skína í gegn.

Coulter er persóna sem er mjög margbreytileg og flókin. Á tímum má setja spurningarmerki við siðferði hennar en ég vil þó alls ekki segja of mikið um hana til að eyðileggja ekki plottið fyrir áhorfendum. Það er gaman að fletta ofan af henni með leikstjóra og höfundi en Philip Pullmann sá alfarið um sálfræðilega förðun. Ég gleypti í mig bækurnar hans og notaði meira að segja yfirstrikunarpenna þegar ég las þær og skrifaði allt niður sem sagt var um fröken Coulter. Þannig raðaði ég sögunni hennar saman og það er yndislegt að geta gengið á þennan hátt að fortíð persónu því sem leikkona þarf maður vanalegast að semja fortíðina upp á eigin spýtur."

Einstakur mótleikari

Kvikmyndin Gyllti áttavitinn hefur verið gagnrýnd af kaþólikkum fyrir trúarvillu. Hvað hefurðu um það að segja?

„Amma mín er kaþólsk og ég myndi ekki vilja taka þátt í að búa til kvikmynd sem myndi hryggja hana. Fyrir mitt leyti er ekki hægt að finna neitt í bíómyndinni sem talar gegn kaþólskri trú."

Aðalhlutverkið í Gyllta áttavitanum er í höndum hinnar ungu Dakota Blue Richards sem er að stíga sín fyrstu spor á hvíta tjaldinu. Hvernig gekk samstarfið?

„Ég hef unnið ótrúlega mikið með börnum að undanförnu, nánast í hverri einustu mynd upp á síðkastið. Reyndar er Dakota Blue Richards svo þroskuð að það var næstum eins og að vinna með fullorðnum leikara. En af því að fröken Coulter er óvæginn karakter fannst Dakota ég svolítið ógnvekjandi fyrst. Því var ég alltaf að biðja leikstjórann um að útskýra vel fyrir henni hvað var í gangi ef ég þurfti til dæmis að rífa harkalega um úlnliðinn á henni eða vera vond við hana á einhvern hátt. Og ég var alltaf að spyrja hana hvort allt væri í lagi. Mér finnst svo mikilvægt að það sé útskýrt vel fyrir börnum út á hvað leikaravinnan gengur. En Dakota er einstök og hefur meðal annars þann fágæta hæfileika að geta látið tilfinningarnar skína í gegnum húðina. Fyrir leikkonur er það stórkostlegur hæfileiki Hún roðnar í alvörunni og það er eins og húðin geisli. Kvikmyndavélin nær því og það bætir glans við leikinn."

Spennt fyrir Íslandi

Í þeim heimi sem Philip Pullman skapar í bókum sínum prýða norðurljós himininn og brynjubirnir eru konungar íssins og nornir kljúfa loftið. Hefurðu séð norðurljósin eða ferðast til Íslands þar sem hægt er að sjá þau berum augum?

„Nei ég hef aldrei séð norðurljósin en það væri dásamlegt að koma til Íslands," segir leikkonan að lokum.

Þess má geta að Nicole Kidman hefur nýlega gerst góðgerðarsendiherra UNIFEM, þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna. Hún setti af stað herferðina „Segjum nei við ofbeldi gegn konum" til að ljá konum og stúlkum sem þurft hafa að sæta ofbeldi og misnotkun rödd og hægt er að lýsa yfir stuðningi við verkefnið á unifem saysnotoviolence.org.

GYLLTI ÁTTAVITINN Nicole Kidman og Dakota Blue Richards í hlutverkum sínum.

> Mér finnst æðislegt að taka þátt í kvikmynd sem er byggð á bókum sem fólk þekkir og hefur svona mikla ástríðu fyrir.

→ KVIKMYNDIN UMDEILD HJÁ KAÞÓLSKUM



Philip Pullman er einn þekktasti guðleysingi Breta og er meðal annars meðlimur í bresku húmanistasamtökunum auk þess að vera heiðursfélagi í Landssamtökum um trúlaust samfélag. Hann hefur ekki farið leynt með skoðanir sínar á trúarbrögðum, hvorki í viðtölum né bókum sínum, enda segir fyrrverandi nunna í einni bókanna við aðalpersónuna: „Kristnin er mjög valdamikil og sannfærandi mistök," og sjálfur lét Pullman hafa eftir sér að hann vildi gera lítið úr grunnstoðum kristninnar. Og engan skyldi undra að bæði mótmælendur og kaþólikkar líti bækur Pullmans hornauga, í bókinni heitir hið illa til að mynda „The Church" eða Kirkjan. Bækur Pullmans um ferðalag Lyru og Wills Parry milli ólíkra heima njóta mikilla vinsælda hjá smáfólkinu sem drekkur í sig fantasíuveröldina. Og það er kannski helst sú staðreynd sem veldur kristnum samtökum hvað mestum áhyggjum, það að börnin skuli vera „fórnarlömb" guðleysingjastefnu Pullmans. Og nú þegar Hollywood, með allar sínar markaðsmaskínur á milljón, hefur hoppað um borð í skip Pullmans er draumaverksmiðjan að mati kirkjunnar manna að matreiða veröld ofan í börn þar sem öll trúarbrögð eru vond. Aðkoma kvikmyndaborgarinnar féll í það grýttan jarðveg hjá íhaldssömum armi kaþólsku kirkjunnar í Bandaríkjanna að hún sá sig tilneydda til að hvetja alla fylgismenn sína til að sniðganga The Golden Compass. Aðrir hafa sagt Pullman vera að ráðast gegn ævintýrum hins rammkristna C.S Lewis um Narníu. Og vissulega eru þar hliðstæður. Báðar bækurnar fjalla um börn sem þurfa að taka siðferðislega erfiðar ákvarðanir; þarna eru talandi dýr, stórir og miklir bardagar að ógleymdum fataskáp sem kemur víst við sögu í báðum bókaflokkunum.

Uppruni kerta er óljós en vísbendingar eru um að býflugnavax hafi verið notað í Egyptalandi og Krít allt aftur til um 3000 fyrir Krist. Býflugnavaxið varð að flytja inn frá útlöndum og var það mjög dýrt en ein mörk af vaxi kostaði sama og þrjár lambsgærur.

Fram undan eru jólalegar stundir í Hallgrímskirkju. Í dag, aðfangadag, verður aftansöngur klukkan 18.00 og jólaguðsþjónusta klukkan 23.30. Á morgun, jóladag, verður hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00 og á annan í jólum verður fjölskyldu-guðsþjónusta kl. 14.00.

Jólasveinn nokkur sem lengi hefur haldið til í verslunarmiðstöð í Edinborg hefur ákveðið að leggja sitt lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn offitu barna. Hann neitar að bera púða innanklæða til að virðast feitari og segir börnum sem spyrja að jólasveinninn hafi einfaldlega farið í megrun.

allt

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

D&G JEWELS
ALORKA
ALDO
MOSFELL
Accessorize
Ræstivörur
SAGA MEDICA
VOGABÆR
AFS á Íslandi
DIESEL FOR SUCCESSFUL LIVING
FJALLABÍLAR Stál og stansar ehf.
JÁRN & GLER
Verkfæralagerinn
Rauði kross Íslands
Jói Fel
Ingimar H. Guðmundsson hf heildverslun
Kjarnagluggar
Olympia
heimilið í heild
Rita
Monsoon
S.Gunnbjörnsson ehf
DKNY
maður lifandi
CASIO
La SENZA
HYNDAI
FOSSIL
Vefta Tískuföt Hólagarði
ICEFIN Vörulisti 06/07
Salka
Húsgagna Lagersalan Dugguvogi 2
Bílahúð Benna
EMPORIO ARMANI
SUBWAY
ARCTIC TRUCKS

Linda veltir fyrir sér jólunum dreymin á svip. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Júbb, jebb og neibb

Linda Bachmann Ívarsdóttir er þriggja ára dugleg dama sem segist vera stór og þykir Grýla fyndin en Leppalúði hræðilegur.

Allt er þá þrennt er og nú er Linda að fara að upplifa sín þriðju jól en hún varð þriggja ára í október. Við ætluðum að fá hana til að spjalla aðeins um jólin við okkur en hún er ekkert sérstaklega áhugasöm um það til að byrja með og sýnir nýju Barbídúkkuna sína. Henni er þó Grýla ofarlega í huga þar sem hún er nýbúin að heimsækja leikskólann.

„Grýla sagði að ég væri með kind á húfunni minni. Hún burstar ekki tennurnar, bara ég. Svo var hún með bólu á nefinu með hári og öskraði alltaf hátt," segir Linda og grettir sig. „Jólasveinarnir voru bara að leika sér. Þeir eiga heima í fjöllunum langt í burtu," útskýrir Linda og litar með litunum sem Stúfur gaf henni í skóinn. „Jólasveinninn kann ekki að fara í strætó en við fórum einu sinni í strætó að gefa öndunum brauð," segir Linda brosandi og bætir við: „En öndin fær ekki Barbí í jólagjöf og ekki strákurinn. Hann vill bara Súpermann," og þarna á Linda við ljósmyndarann sem smellti af henni þessari fínu mynd fyrir viðtalið. Auk þess fræðir hún okkur um að Jesús eigi heima í kirkjunni, jólasveinninn hafi fæðst á jólunum og að englarnir geri ekki neitt.

En hver er uppáhalds jólasveinninn? „Ég veit það ekki. Þeir eru bara allir góðir." Þegar Linda er spurð hvort hún hafi fengið mikið í skóinn segir hún „Júbb!". Það svar kemur nokkrum sinnum aftur ásamt hinu góða svari „neibb". Blaðamanni þykir það dálítið fyndið en þá biður litla daman vinsamlega um að ekki sé hlegið að sér, enda háalvarlegt viðtal hér á ferð. Linda segist ekki borða neitt á jólunum en það þykir okkur ólíklegt og á endanum viðurkennir hún að sér þyki gott að fá nammi. „Piparkökur eru líka góðar en ég baka þær með ömmu. Ég kann líka að elda jólakjöt," segir Linda og ljóst er að hér er framtakssöm lítil dama á ferð.

hrefna@frettabladid.is

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

BÍLAR & FARARTÆKI

Lincoln Navigator 4WD, árg. 2001, ek. 89 þús. km. Filmur, fjarlægðarskynjarar, DVD, leður og fl. Verð 2900 þús. kr, áhv. 1200 þús. kr. Stórglæsilegur bíll!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Nýr 2008 Toyota Highlander. Slær Landcruiser út með kraft, sparneytni og lægra innkaupsverði. 270 hö, 7,5L/100km. 2008 frá 4490þús. Einnig 2007 tilboðsbílar. Frá 3500þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Dodge Caliber fólksbíll/jepplingur. Frá aðeins 1990þús. Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! Við gerum þér betra tilboð í fólksbíl, jeppa, pallbíl eða sendibíl. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Bens ML 500. árg. '02, ek. 72 þús. 150 þ + yfirtaka. Áhv. 2,7. S. 897 0934.

TILSÖLU VWGOLF HIGHLINE 2002 79'1090 VW PASSAT2000 97'690 VW POLO 99'105 ,290 895 9066

1-2 milljónir

Tæknibylting! Hybrid gefur aukinn kraft með minni eyðslu. Allt að 70% aukin sparneytni! HYBRID tvinnbílar frá Toyota, Ford, GMC, Lexus og Honda á islandus.com. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

VW Bora '05 Highline Nýyfirfarinn af Heklu. Verð 1,7m, Lán 1,2m Uppl. í s: 8973227

2 milljónir +

M. Benz 240C '01 ek. 90þ. Nýkominn úr skoðun hjá Öskju. Verð: 2.6m. Lán 1,5 Uppl. í s: 8973227

TIL SÖLU: LANDCR 100 DIS ,04, 80 ÞÚS, 5950 LANDCR 100 BENS 99,139 ÞÚS, 2100 895-9066

Jeppar

Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. 2007/08 Jeppar frá 2500þús og pallbílar frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Musso '99 diesel, tdi. Sjálfsk. ek. 180þ. Verð: 490þ. Upplýsingar í s: 8973227

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Pallbílar

Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! 2007/08 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Einnig stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á útsölu. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Vinnuvélar

Lyftarar

Varahlutir

Bílapartar ehf
S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.

Grænumýri 3 Mosfellsbæ

www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Einnig airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Jólaskemmtanir

Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S. 692 6020 & 692 6010, gryla@jolasveinarnir.is

Hreingerningar

Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Garðyrkja

Málarar

Íslenskir málarar ehf. Öll málningarþjónusta. www.mala.is S. 517 7335. Löggildir málarameistarar.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

Húsaviðhald

Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Magnhús ehf
Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

Tölvur

Tölvuþjónusta
Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

Spádómar

Englaljós S. 908 5050 & 863 1987
Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 11-01.
Lára spámiðill. Visa/Euro.

Alspá
445 5000 & 823 8280
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Visa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Opið yfir jól og áramót.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Skemmtanir

Hljóðkerfi fyrir ræður, diskótek, jólasveininn og hljómsveitir. Góð verð og uppsetning. S. 866 6386. Hljodkerfi.is. fender57@simnet.is

KEYPT & SELT

Til sölu

ICEBIKE auglýsir
Opið á laugardögum í desember.

Jólagjöf hjólamannsins fæst hjá okkur.

Mikið úrval : Mótorhjól - Fjórhjól - Hlífðarfatnaður - Skór - Hjálmar - Hanskar Aukahlutir frá Kuryakyn.

Gjafakort
Icebike.is

Iðavöllum 10 , sími 421 5452
230. Keflavík

Lagertilboð meðan birgðir endast!

Rafmagn batterís bílar frá 1-6 ára kr. 12.995. Rafmagns batteríshjól frá 3ja-6 ára, kr. 8.995. Infrarexlampi á tilboði kr. 3900. Netlagerinn, Síðumúla 13, opið frá 10-22 alla daga fram að jólum. Sími 865 4015. netlagerinn.is

ICEBIKE auglýsir opið á laugardögum í desember Jólagjöf hjólamannsins fæst hjá okkur. Mikið úrval af Mótorhjól - Fjórhjól Hlífðarfatnaður Skór Hjálmar Hanskar Aukahlutir frá Kuryakyn Gjafakort Icebike.is Iðavöllum 10 230 Keflavík sími 421 5452

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Vélar og verkfæri

Verkfærahaldarar fyrir CNC vélar. Ásborg, vélar+verkfæri. Smiðjuvegi 11 S. 564 1212

Handlyftivagnar 2.500 Kg Hraðlyfta (QL). Verð 24.900 þús. PON ehf s. 552 0110.

Til bygginga

Hanna og smíða stiga. Fást á ýmsum byggingarstigum. Sérlausnir í þrengslum. 25 ára reynsla. Uppl. í s. 894 0431.

Bárujárn. Bárujárn á vetrartilboði. Blikksmiðja Gylfa ehf, Kletthálsi 9, 567-4222.

Verslun

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Ýmislegt

Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@k-matt.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Dýrahald

Kóngapúðluhvolpar til sölu

Foreldrar innfluttir og margverðlaunaðir með ættbækur frá HRFÍ. Ljúfir, gáfaðir og rólegir hundar sem fara ekki úr hárum. Nánari uppl. á www.standardpoodle.tk og S 691 7409 María.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

56 fm íbúð 2 herb. íbúð ásamt geymslu og sameiginllegu þvottahúsi til leigu í rólegu hverfi 108 Rvk. Aðeins kemur til greina rólegt, reglusamt og reyklaust fólk. Íbúðin laus í janúar. Leiga 110 þ. á mán. með hússjóð. Trygging skilyrði. Uppl. í s. 695 8772.

50 fm íbúð m/sérinng. í 105 Rvk. til Júní 2007. verð 100.000 á mám. 1 mám fyrirfram. uppl. í síma 8918829

ATVINNA

Atvinna í boði

Söluturn

Starfskraftur óskast í afgreiðslu í alla virka daga. Góð laun fyrir heiðarlega, stundavísa og þjónusulundaða manneskju.

Uppl. í s. 892 2365.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?

Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Garfield er týndur!

Bröndóttur 6 ára fress týndist frá heimili sínu á Holtsgötu þann 18. des. sl. Hann er eyrnamerktur með hvítar loppur. Vinsamlegast hafið smb. í s. 868 5524 eða Kattholt í s. 567 2909. Hans er sárt saknað.

Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

TIL SÖLU

Einfalt mál

EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT

Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga

Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2

Markaðurinn á Vísi alla daga

VIÐSKIPTAFRÉTTIR
ALLA DAGA VIKUNNAR

Allt sem þú þarft…

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.

…alla daga



Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla

Starfsfólk Eignamiðlunar

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 · S. 588 9090 · www.eignamidlun.is

FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI
Fyrirtækjasala Íslands

Óskar Mikaelsson, Björgvin Ó. Óskarsson Valgeir Kristinsson,
Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.atv.is • atv@atv.is

Frum

Við viljum þakka viðskiptavinum okkar farsæl og ánægjuleg viðskipti á árinu.

Óskum þeim og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og áframhaldandi farsældar á nýju ári.

Starfsfólk Fasteigna & Fyrirtækja, Síðumúla 35.

NÆTURVAKTIN Á DVD

NÆTUR-VAKTIN

allir 12 þættirnir á 2 diskum troðfullir af aukaefni; tilurð þáttanna / upptökur frá spunum, gerð næturvaktarinnar og yfirlestur (commentary) frá höfundum og aðalleikurum.

Eigum við að ræða það eitthvað?

skemmtilegri

sena
okkar heimur // þín skemmtun

Sumar og jól

Hvernig er að eyða jólahátíðinni á suðurhveli jarðar? **Sigurður Ólafsson** segir frá jólahaldi í Chile.

Það er von á rauðum jólum hér í Talca, borginni þar sem ég bý í Chile. Þegar þetta er skrifað tæpri viku fyrir jól ná lengstu spár reyndar bara fjóra daga fram í tímann en þar sem hitinn losaði þrjátíu stig í dag, í gær, í fyrradag og daginn þar áður líka og síðustu dropar komu úr lofti einhvern tíma í september þá ætla ég að leyfa mér að fullyrða að spá mín um rauð jól í Talca þarfnist ekki mikilla vikmarka.

Í Talca er um þessar mundir álíka margt sem minnir á komandi jólahátíð og sólríkir júlídagar á Íslandi gera. Fyrir utan hásumar og komandi sumarsólstöður fara Chilebúar mun síður hamförum í jólaskreytingum en þekkist mun norðar á hnettinum. Vissulega er að finna jólatré hér og jólasvein þar á stangli um borgina en almennt gerir sjaldgæft skrautið ekki annað en undirstrika fyrir manni fáránleikann við það að ætla sér að halda jól hátíðleg með steikjandi sól beint fyrir ofan hvirfilinn á manni í stað þeirrar íslensku sem um þessar mundir gerir lítið meira en að endurkasta örlitlu af birtu sinni á landsmenn í fáeina klukkutíma á degi hverjum.

Til að varpa enn betur ljósi á viðsnúning hlutanna hér á suðurhveli jarðar þá má ef til vill segja að sönn jólastemning hafi fremur ríkt hér í Chile í liðnum júlí þegar sá sjaldgæfi viðburður átti sér stað í höfuðborginni Santíago að óvenju harður vetur leiddi til snjókomu. Svíar sem hér dvöldu um þær mundir segja mér að þá hafi þeir einmitt fyllst jólaanda tæpu hálfu ári á undan áætlun þegar þeir sáu jólasnjóinn líða úr himinhvolfinu yfir chilesku höfuðborginni.

Jólin snúast fyrst og fremst um frelsarann

Þeir útlendingar sem ég hef hitt hér og rætt hérlenda jólasiði við segja mér að í Chile séu jólin enn fyrst og fremst trúarhátíð þar sem fólk minnist fæðingu frelsarans í stað þeirrar sem við þekkjum þar sem jólin snúast fyrst og fremst um að minnast ekki Visareikningsins óhjákvæmilega í upphafi febrúar. Að hætti kaþólskra er jólaskrautið hér oft í formi fjárhúss þar sem Jesúbarnið í jötunni er miðpunkturinn innan um aðrar persónur og leikendur þeirrar örlagaríku sögu. Hingað til hef ég séð margar útgáfur þessarar fjárhússenu, allt frá litlu borðskrauti til mannhæðarhárra gína í búðargluggum sem stillt er upp í sín réttu hlutverk.

Þrátt fyrir mjög ólík ytri skilyrði þá eiga Chilebúar það samt sameiginlegt með Íslendingum að aðaljólahátíðin fer fram 24. desember en ekki 25. desember, eins og víðast hvar gengur og gerist. Yfirleitt koma fjölskyldur saman undir kvöld á aðfangadegi. Sumir fara saman til kirkju en aðrir verja öllu kvöldinu í heimahúsi. Matur er ekki borinn á borð fyrr en þegar vel er liðið á kvöldið og líkt og á Íslandi er allur gangur á því hvað þá stendur til boða. Á vissum heimilum ríkir sú hefð að bera á borð kjúklingasúpu en annars er valið nokkuð frjálst og margir velja raunar að fara þá troðnu slóð að grilla hið rómaða suður-ameríska nautakjöt úti í garði. Að þessari máltíð lokinni er hins vegar nokkuð föst hefð að hafa köku sem nefnist Pan de Pasqua og svipar nokkuð til enskrar jólaköku. Með eru gjarnan drukknir chileskir líkjörar, einna helst drykkir sem nefnast Rompon og Cola de Mono.

Það er síðan ekki fyrr en á miðnætti sem óþolinmæði barnanna er svalað og fjölskyldan sest niður við jólatréð til þess að taka utan af gjöfunum. Mjög algeng jólagjöf til chileskra barna er reiðhjól enda hafa þau, eðli málsins samkvæmt, lítið við sleða eða skauta að gera í jólahitabylgjunni miðri. Fólk nýtur þess að vaka lengi fram eftir á jólanótt í góðum félagsskap. Börnin fá að leika lausum hala þessa nótt og safnast gjarnan saman í hverfunum til þess að bera saman gjafirnar.

Ströndin, sundlaugin og sumarylur

Að lokinni þessari andvökunótt tekur við hljóður jóladagsmorgunn þar sem allir sofa út sem lengst þeir mega. Upp úr hádegi fer fólk hins vegar að tínast út úr húsi. Algengt er að fólk setjist við sundlaugarbarm, skelli sér á ströndina eða njóti lífsins á annan hátt í sumarylnum. Jólin marka nefnilega ákveðið upphaf sumarvertíðarinnar í Chile, börnin ljúka skólaárinu rétt fyrir jólin og algengt er að sumarfrí fjölskyldna hefjist fljótlega upp úr þessum tíma.

Um áramótin falla síðan öll vötn til Valparaíso, gamallar og fagurrar hafnarborgar en þangað tekur klukkutíma að aka frá höfuðborginni Santíago. Þar er hver einasta koja uppbókuð mörgum vikum fyrir áramót. Á sjálft gamlárskvöld breytist borgin síðan í eina, stóra áramótaveislu og heimamenn segja að á miðnætti sé slegið upp mögnuðustu flugeldasýningu sem sögur fara af í Chile og þó mun víðar væri leitað. Íslendingurinn lætur nú reyndar segja sér það tvisvar að sýningin í Valparaíso standist þau viðmið sem hann hefur í huga heiman frá Fróni þar sem heimsmet eru slegin árlega í sprengjugleði með tilheyrandi drunum og glæringum.

Við tekur síðan janúar sem, ólíkt hinum íslenska, er ekki fullur af drunga og hversdagsleika heldur áframhaldandi sumri og sól. En þó má snúa þessu okkur í hag því að á meðan sumrið fjarar smám saman út þegar líður á fyrstu mánuði ársins hjá Chilebúum lengist dagurinn um hænufet á degi hverjum á nyrðri grundum. Um mitt árið hefur taflið síðan algjörlega snúist við: Chilebúar horfa á jólasnjóinn líða úr loftinu á sínum slóðum á meðan við fögnum sumri og sól okkar megin – í chileskum jólaanda.

SANTI KLÁS Suðrænn jólasveinn fyrir utan verslun í Talca.

JÓLASTEMNING Í SUMARHITANUM

EKKERT JÓLASKRAUT Jólaskraut er hvergi sjáanlegt á aðalgötunni í Talca.

Afgreiðsla og þjónustuver Íbúðalánasjóðs eru lokuð í dag 24. desember.

Við vekjum athygli á því að Íbúðalánasjóður er samt sem áður opinn allan sólarhringinn – einnig um hátíðarnar – því á www.ils.is getur þú unnið greiðslumat og sótt um íbúðalán.

Hátíð í hverjum bæ

Íbúðalánasjóður óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Við þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður

Góð myrkratjöld eru lykilatriði

Landsmenn leggja mismikið upp úr því að skreyta og lýsa upp hús sín yfir hátíðarnar. Sumir ganga þó lengra en flestir aðrir og taka sér frí frá vinnu til að setja upp jólaljósin, greiða tugþúsunda rafmagnsreikning og jafnvel hanna rafkerfi húsanna til að það geti tekist á við álagið sem fylgir öllu jólaskrautinu í desember. Fréttablaðið ræddi við húsbændurna í tveimur helstu jólahúsum landsins.



Urriðakvísl 3, Reykjavík
Húsbóndi: Smári Ingvarsson

Fjöldi pera?
Ég er ekki með nákvæma tölu en þær eru nokkur þúsund. Fjöldinn er í raun aukaatriði, ég horfi frekar gæðin og fegurðina sem hlýst af ljósunum.

Hvenær byrjaðirðu að skreyta svona mikið?
Það eru sennilega 12-14 ár síðan. Þá var ég á ferðalagi í New York og sá rosalega fallegar perur sem ég keypti. Grunnurinn að jólaskrauti hússins í dag er frá New York. Síðan er búið að bæta við smám saman, ýmsar gerðar af litlum seríum, slatti af fígúrum og sleðum og lestum o.s.frv.

Hvenær byrjarðu að skreyta?
Ég miða við að hafa sem mest tilbúið fyrsta sunnudag í aðventu. Venjulega byrja ég að um miðjan nóvember en árið í ár var sérstaklega erfitt vegna þess hversu illa viðraði. Ég var miklu seinna á ferðinni en áður.

Hvað tekur langan tíma að setja upp skrautið?
Líklega heila viku, ef ég gerði ekkert annað. En ég geri þetta smám saman, um helgar og á kvöldin.

Hvað ertu lengi að taka það niður?
Um það bil eina helgi. Það tekur mun styttri tíma en að setja skrautið upp.

Hvað hefur skrautið kostað?
Þetta eru engar stórar tölur. Meirihlutinn er keyptur í Ameríku þannig að upphæðirnar eru óverulegar. Andvirði skrautsins á húsinu í dag er líklega rétt um 100 þúsund krónur.

Hvað er rafmagnsreikningurinn hár í desember?
Mjög hár. Í kringum 80-100 þúsund krónur þegar ég hef kveikt á ljósunum allan sólarhringinn.

Hvar geymirðu allt skrautið?
Í kjallaranum hjá mér. Það tekur um 4-5 fermetra.

Geturðu sofið fyrir allri birtunni?
Já, já. Það er miklu leiðinlegra í myrkrinu. Hef alltaf verið frekar ljósglaður.

Týsvellir 1, Reykjanesbæ
Húsbóndi: Grétar Ólason

Fjöldi pera?
Líklega á bilinu 30-40 þúsund.

Hvenær byrjaðirðu að skreyta svona mikið?
Ég hef alltaf verið mikið fyrir að skreyta en það var ekki fyrr en ég flutti í þetta hús sem ég byrjaði að skreyta svona mikið. Húsið er á góðum stað og byggt með hliðsjón af jólaskrautinu. Allt rafkerfi hússins er til dæmis gert til að þola álagið sem fylgir jólunum.

Hvenær byrjarðu að skreyta?
Síðustu vikuna í nóvember. Ég miða við að kveikja allt fyrsta sunnudag í aðventu. Stelst oft að kveikja á laugardegi til að geta lagað það sem klikkar.

Hvað tekur langan tíma að setja upp skrautið?
Heila viku, að minnsta kosti. Síðustu ár hef ég tekið mér vikufrí frá vinnunni til að geta sett upp ljósin.

Hvað ertu lengi að taka það niður?
Það er allavega mun fljótlegra. Ég þarf ekki að taka mér frí í vinnunni.

Hvað hefur skrautið kostað?
Ég hef ekki tölu á því en þetta er mikið keypt erlendis og í Ameríku kostar skrautið lítið sem ekkert.

Hvað er rafmagnsreikningurinn hár í desember?
Hann er hár, orðum það svo.

Hvað geymirðu allt skrautið?
Ég er með það í sérstöku húsnæði. Ef vel staflað, þá tekur það 12-14 fermetra flöt.

Geturðu sofið fyrir allri birtunni?
Já, ég er með góð myrkratjöld.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum viðskiptin.

AÐFANGADAGUR OPIÐ FRÁ 9.00 - 12.00

BÓNUS **BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI Í DESEMBER: www.bonus.is

Jólahald hjá gæludýrunum

Hreindýralifur, túnfiskur og hunangsstangir eru dæmi um hvað gæludýr fá í matinn á aðfangadagskvöld þegar gæludýraeigendurnir gæða sér á hamborgarhrygg, kalkún, rjúpum og fleiru. Dýrin þola þó ekki allt og árlega skapast annir á dýraspítölum milli jóla og nýárs vegna magaveikra dýra. Sigríður Dögg Guðmundsdóttir ræddi við dýraeigendur og dýralækni um jólahald dýra.

Jólahátíðin gengur nú í garð með tilheyrandi matarveislum og gjafaflóði. Margir gæludýraeigendur vilja gera vel við dýrin sín yfir jólin og færa þeim sérstakan mat og jólagjafir og klæða þau jafnvel upp á. Dýralæknar vara þó eindregið við því að fólk gangi of langt í velgjörðinni þar sem mörg dýr þoli illa skyndilegar breytingar á mataræði.

Hundurinn Funi, sem verður þriggja ára í mars, heldur nú fyrstu jólin sín með nýjum eigendum. Þar sem Funi er alltaf á sérstöku fæði vegna ofnæmis fær hann einnig sérstakan jólamat.

„Ég eldaði fyrir hann hreindýralifur sem hann fær að gæða sér á ásamt þurrmatnum meðan við borðum jólamatinn klukkan sex á aðfangadagskvöld," segir eigandi hans, Inger Anna Lena Þórðardóttir Ericson. Funi mun einnig gæða sér á sérstöku jólaofnæmiskexi sem Inger keypti í Bandaríkjunum og flutti með sér í handfarangri til að það bærist heilt yfir Atlantshafið.

Eins og aðrir fjölskyldumeðlimir fær Funi innpakkaðar jólagjafir sem hann fær að rífa upp sjálfur. „Ég keypti handa honum bæði hundaól og hálsól í felulitum og sérstakt ofnæmisnagbein. Svo fær hann líka nýtt bæli og hundanámskeið í jólagjöf."

Inger segir Funa ekki fá nein sérstök jólaföt. „Ég er ekki mikið fyrir dýraklæðnað. Hann verður í mesta lagi með jólasveinahúfu ef hann vill vera með hana."

Kötturinn Tommy fær alltaf nóg að borða um jólin og fær sérstakan rétt á sama tíma og aðrir fjölskyldumeðlimir fá jólamatinn á aðfangadagskvöld að sögn eigandans, Magnúsar Sævars Magnússonar.

„Uppáhaldsmaturinn hennar er túnfiskur og gæðir hún sér á honum meðan við gæðum okkur á jólamatnum. Það má segja að túnfiskur sé rjúpur kattanna og fær Tommy hann reglulega þessa daga. Síðan er alltaf passað að hún hafi nóg að borða og þurfi aldrei að sníkja yfir jólin."

Þegar aðrir í fjölskyldunni klæða sig upp í jólafötin fær Tommy sérstakan jólabúning. Í stað ólarinnar sem hún ber venjulega fær hún rauða jólaslaufu sem hún hefur yfir jólin. Tommy, sem er tveggja ára gömul, fær iðulega jólagjafir og þá ekki bara frá eigendum sínum að sögn Magnúsar. „Móðir mín á hund og um næstsíðustu jól fékk hún jólapakka frá honum sem vakti mikla lukku. Við höfum líka gefið henni jólagjafir sem eru yfirleitt litlar gervimýs eða litlir boltar sem hún hleypur með út um allt. Og svo vill þetta týnast undir sófanum og kemur síðan í ljós seinna í hreingerningum við gífurlega gleði hennar."

Kanínan Bowie fær svipaðan mat um jólin og hún fær allan ársins hring þar sem litlu er við það að bæta, segir eigandi Bowie, Valgerður Valgeirsdóttir. Valgerður eignaðist Bowie, sem er nefndur eftir söngvaranum David Bowie vegna þess að hann er með hálft auga brúnt og og hálft blátt, fyrir einu og hálfu ári. Eru þetta því önnur jól þeirra saman.

„Um jólin borðar hann eins og venjulega hey, þurrfóður, sætar kartöflur, ferskt grænmeti á borð við brokkólí, gulrætur og sykurbaunir. Ég hef reyndar gert vel við hann með því að gefa honum hunangsstangir. Þannig fær hann aðeins meira sælgæti yfir jólin. En besta jólagjöfin væri ef hann gæti fengið ferskt gras og fíflablöð eins og hann borðar á sumrin, það er í uppáhaldi ásamt sætum kartöflum."

Valgerður segir suma kanínueigendur gefa kanínum sínum dót til að leika sér með en það eigi ekki upp á pallborðið hjá Bowie. „Honum finnst ekkert gaman að henda boltum til og frá. En ég mun mögulega bara gefa honum hunangsdropa sem eru nammi eða einhvers konar stangir með kornum."

Bowie fær engin jólaföt enda tíðkast það ekki að klæða kanínur í föt að sögn Valgerðar. „Ég veit allavega ekki til þess að svo sé og vona eiginlega ekki."

Valgerður á einnig froska en segir ansi erfitt að ætla að reyna að gera jólin hjá þeim eitthvað hátíðleg. „Það er helst að þeir fái rækjur úr rækjubrauðtertunni hennar mömmu."

Ekki vera of góð við dýrin

Annatími er hjá dýralæknum milli jóla og nýárs þegar gæludýraeigendur koma með dýr sem hafa fengið í magann eftir að borða nýstárlegan jólamat að sögn Ólafar Loftsdóttur, dýralæknis á Dýraspítalanum í Víðidal.

„Við biðjum fólk að vera ekki of gott við dýrin sín þar sem það fer illa í dýrin að fá mat sem þau eru ekki vön. Það þarf að halda sig frá reyktum og mikið unnum mat. Svínahamborgarhryggurinn og hangikjötið er dæmi um reyktan mat. Við biðjum fólk því um að sýna aðgát hvað þetta varðar."

Ólöf bendir á að vilji fólk gera sérstaklega vel við dýrin sín í mat umfram venjubundið fæði geti það gefið þeim kjúklingakjöt eða einhvers konar ókryddaðan mat. „Margir sem eiga ketti gefa þeim til dæmis rækjur á jólum. Fiskur er líka fínn. Fólk verður bara að hafa það í huga að ef dýr fá skyndilega eitthvað sem þau eru ekki vön fá þau í magann."

Ólöf segir mikið að gera á dýraspítalanum milli jóla og nýárs þegar fólk komi með gæludýr sem eru með uppköst og niðurgang eftir jólamat sem þau hafa ekki þolað.

„Ég man líka eftir einu tilviki í fljótu bragði þar sem komið var með drukkinn kött eftir að honum var gefin koníaksbætt fiskisúpa. Þannig að fólk ætti að sleppa því að gefa dýrum sínum þann rétt."

Magaveiki er þó ekki það eina sem hrjáir dýr sem koma veik inn á milli jóla og nýárs.

„Við höfum verið að vara sérstaklega við því að köttum þykir mjög gaman að leika sér að svokölluðum krulluböndum sem eru oft sett utan um jólapakkana. Fólk þarf að passa að þeir geri það ekki þar sem við höfum nokkrum sinnum þurft að gera aðgerðir á köttum sem hafa gleypt svona krullubönd og sækja þau í þarmana. Þangað komin þræðast krullaböndin upp á þarmana og verða eins og hnífar þarna inni. Þannig að þó að krullaböndin séu spennandi þarf að passa að kettir séu ekki að leika sér með þau. Þeir eru fljótir að byrja að tyggja þau og ef þau komast ofan í maga er voðinn vís."

Annað sem Ólöf varar sérstaklega við er að hundum sé gefið súkkulaði. „Súkkulaði, og sérstaklega dökkt súkkulaði, er eitrað fyrir hunda og geta þeir orðið fárveikir af neyslu þess."

Hvað jólagjafir varðar bendir Ólöf á að flestar dýraverslanir selji jólasokka með alls konar gæludýranammi. Það sé sniðug gjöf handa dýrunum því það sé eitthvað sem þau eiga að þola nema við sérstakar aðstæður, til dæmis ef dýrin eru með ofnæmi.

Ólöf hvetur gæludýraeigendur til að verja tíma með dýrunum sínum um jólin þar sem góður tími gefst til þess. „Fólk ætti bara að nýta fríið sem tilheyrir jólunum til að fara út að ganga með hundunum og hrista af sér jólakúluna. Jólin ættu meira að snúast um að verja tíma með þeim heldur en að gefa þeim of mikinn jólamat."

Við óskum þér öruggra jóla

– og stöndum vaktina

Undanfarnar vikur hafa verið mjög annasamar hjá björgunarsveitum enda hefur hver óveðurslægðin á fætur annarri gengið yfir landið.

Mörg hundruð sjálfboðaliða hafa komið samborgurum sínum til hjálpar, oft við erfiðar og hættulegar aðstæður.

Við stöndum áfram vaktina.

Við verðum með **yfir 2000 manns** til taks yfir hátíðarnar, dag og nótt.

Aðalbakhjarlar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru:

N1 SJÓVÁ GLITNIR

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Gleðileg jól!

HUGSAÐ UM UMHVERFIÐ Í Washington vildu menn sýna að þeim væri alvara í umhverfismálum og notuðu því díóðuljós á jólatréð sem notar talsvert minna rafmagn en hefðbundin rafmagnspera.

LJÓSADÝRÐ LOFTIÐ FYLLIR Á Place Vendôme í París.

SKAUTASVELL VIÐ KÓNGSINS NÝJATORG Í KAUPMANNAHÖFN Margir Íslendingar sækja Kaupmannahöfn heim á jólaföstunni.

Hátíð ljóssins

Á jólunum minnist heimurinn ekki aðeins fæðingu frelsarans, sem gjarnan er nefndur ljós heimsins, heldur er sjálfu ljósinu fagnað. Brátt fer að sjá fyrir endann á skammdeginu og sól hækkar á lofti. Fram að því tendra menn ljós í húminu til að bæta upp fyrir sólarleysið og jafnvel til að kalla fram sólskinið. Í dag fær ljósið að lifa um allan heim, hvort sem það er kertaljós, friðarljós eða rafmagnsljósasería í glugga hjá litlu barni. Um allan heim hefur ljós verið tendrað.

LÓSINU FAGNAÐ Í San José er haldin ljósahátíð í desember til að fagna komu ljóssins. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

JÓLAKROSSGÁTAN

JÓL 2007 MP & BH	VANDRÆÐI	HORTUGA	KER TVEIR EINS		LAXBRÓÐIR		ATA HEITI		ÁTT	SLÓR	HEIMA									
→																				
MATARÍLÁT						ÁVÖXTUR YFIRSTÉTTAR														
ÁTT SAMKVÆMI			MOKA HJÁKONA						ÖFUG RÖÐ SVEIGUR			KLASTUR	ÞYRPINGAR	↓					
	MÓTBÁRUR	HRÆÐSLA EFNA-SAMBAND		VÖRN				STARF			DEPLA DRUSLA									
FÁTÆKRA-HVERFI					UPPLÝSA FRAMVEGIS						GAP KÁL				FISKUR STOÐ					
SIGAÐ				FLAGG SAMTÍMIS				FLATFÓTUR SAMTÖK						GEÐ BÓKA-FLOKKAR						
GÍMALD					SÆKJAST EFTIR Á FÆTI				STOFUR MAÐUR							ÁTT VELLYST-INGAR				
NÚMER			MÁLMUR TEMJA				REKKJUVOÐ ÚTDEILDI			450 LIÐSFOR-INGJAEFNI			ANGAR EINS							
TIGNA		AÐHÆFA FRÚ						KEYRA LITAREFNI				STÓLPI AUÐUR								
↳					SKÓLI FÖNN			HRESSAR LOFTTEGUND							NASAGAT			PÍLUNA		
SVEIGUR						DREPIN KOSNING					ÓNÁÐAR EINS UM T								EINS UM N	
	ÁTT			DRYKKUR HAF			GUFU-HREINSAÐ ÍSLENSKIR								SKJÓGUR ÍSLENSKIR	←				
														ÁSYNJA						
	ÓGÆFA					BORÐANDI						MAGRAR								

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

SMÁRA BÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ · ÁLFABAKKA SAMBÍÓIN · Borgarbíó Akureyri

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá bíómiðann á 1000 kr. og 700 kr. fyrir börn 12 ára og yngri gegn framvísun þessarar úrklippu í miðasölu viðkomandi kvikmyndahúss. Gildir meðan myndin er í sýningu.
Ath: Almennt miðaverð 1200 kr. fyrir fullorðna og 850 kr. fyrir börn 12 ára og yngri, eldri borgara og öryrkja.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Afgreiðslutímar yfir hátíðar

Slysa og bráðamóttaka Landspítala við Hringbraut og í Fossvogi er opin allan sólarhringinn og sinnir neyðartilfellum. Aðalsímanúmer er 543 1000. Beint innval á bráðamóttöku Landspítala við Hringbraut er 543 2050 og beint innval á slysadeild Landspítala í Fossvogi er 543 2000.

LÆKNAVAKT HEILSUGÆSLUNNAR

Vitjanasíminn 1770 er opinn allan sólarhringinn.
Læknavaktin er opin á aðfangadag frá klukkan 9 til 18 og opnar aftur klukkan 20.30 og verður opin til 23.
Á jóladag og annan í jólum er opið eins og venjulega frá 9 til 23.30.

NEYÐARLÍNAN

Neyðarlínan er opin allan sólarhringinn í númeri 112 og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðar og lögreglu um allt land.

RAUÐI KROSSINN

1717 er sími vinalínunnar og Rauða krossins og er svarað í því númeri hvenær sólarhrings sem er yfir hátíðarnar.

STÍGAMÓT

Stígamót eru lokuð yfir hátíðarnar. Hægt er að leita til Neyðarmóttökunnar.

SÁÁ

Skrifstofur SÁÁ og Bráðamóttakan á Vogi verða lokuð yfir hátíðarnar. Bent er á slysadeild og bráðamóttöku Landspítala komi alvarleg tilfelli upp.

KVENNAATHVARFIÐ

Kvennaathvarfið er opið allan sólarhringinn yfir hátíðarnar. Síminn er 561 1205 eða 869 7225.

TANNLÆKNAÞJÓNUSTA

Opið verður á stofum eftirtalinna tannlækna yfir hátíðarnar:

Aðfangadagur
Torfi S. Stefánsson, Spönginni 33, Reykjavík. Sími 577 1666. Opið á milli 9.30 og 12.

Jóladagur
Torfi S. Stefánsson, Spönginni 33, Reykjavík. Sími 577 1666. Opið á milli 11 og 13.

Annar jólum
Torfi S. Stefánsson, Spönginni 33, Reykjavík. Sími 577 1666. Opið á milli 11 og 13.
Sjúklingum er bent á að snúa sér til slysadeildar sjúkrahúsanna komi upp alvarleg tilfelli utan opnunartíma.

APÓTEK

Lyf og heilsa

Aðfangadagur
Apótekið í Austurveri er opið frá 10 til miðnættis.
Apótekið í JL-húsinu er opið frá 9 til 12.
Önnur apótek Lyfja og heilsu eru opin frá 9 til 12.

Jóladagur og annar í jólum
Opið í Austurveri frá 10 til miðnættis en önnur apótek eru lokuð.

Lyfja
Afgreiðslustaðir Lyfju í Lágmúla og á Smáratorgi verða opnir á aðfangadag frá klukkan 8 til 18.
Á jóladag er opið frá klukkan 8 til 24 á Smáratorgi og 10 til 24 í Lágmúla. Á annan í jólum er opið frá 8 til miðnættis. Önnur apótek fylgja hefðbundnum opnunartíma verslana.

Árbæjarapótek
Opið frá 9 til 12 á aðfangadag og lokað á jóladag og annan í jólum.

Rimaapótek
Opið frá 9 til 12 á aðfangadag og lokað á jóladag og annan í jólum.

Lyfjaval
Opið á aðfangadag frá 10 til 13 og lokað á jóladag og annan í jólum.

Bílaapótekið
Opið á aðfangadag frá klukkan frá 10 til 14. Á jóladag og annan í jólum er lokað.

Apótekarinn á Akureyri
Opið á aðfangadag frá 9 til 12. Lokað á jóladag. Opið á annan í jólum frá 11 til 13.
Þeir sem þurfa á lyfjum að halda geta haft samband við læknavaktina utan þjónustu apótekanna ef brýna nauðsyn ber til.

STÓRMARKAÐIR

10-11

Krónan

Aðfangadagur
Opið frá 9 til 13.

Lokað á jóladag og annan í jólum.

Nóatún

Aðfangadagur
Opið frá 9 til 13. Nema í Smáralind þar sem opið er frá 10 til 13.

Jóladagur
Lokað.

Annar í jólum
Lokað.

SAMGÖNGUR

Strætó bs.

Aðfangadagur
Ekið á öllum leiðum samkvæmt áætlun laugardaga en akstri lýkur um það bil klukkan 14.

Jóladagur
Lokað.

Annar í jólum
Ekið eftir áætlun sunnudaga.

Herjólfur

Aðfangadagur
Siglt frá Vestmannaeyjum klukkan 8.15 og frá Þorlákshöfn klukkan 11.

Jóladagur
Engar siglingar.

Annar í jólum
Siglt frá Vestmannaeyjum klukkan 8.15 og 16 og frá Þorlákshöfn klukkan 12 og 19.30.

Flugfélag Íslands

Aðfangadagur
Síðasta brottför
frá Reykjavík er klukkan 12.30
frá Akureyri klukkan 13.40
frá Egilstöðum klukkan 12.55
frá Vestmannaeyjum klukkan 09.50
frá Ísafirði klukkan 11.20

Jóladagur:
Ekki er flogið á jóladag.

Annar í jólum:
Flogið er samkvæmt áætlun á annan í jólum. Nánari upplýsingar á www.flugfelag.is

SÉRLEYFISHAFAR Á BSÍ

Brottför frá BSÍ

Aðfangadagur
Hverageröi og Selfoss 8.30 og 12,
Þorlákshöfn, Eyrarbakki, Stokkseyri og Selfoss 10,
Hvolsvöllur og Vík 12.30 (aðeins ekið að Hvolsvelli),
Borgarnes 13.

Jóladagur
Lokað.

Annar í jólum
Ekið samkvæmt helgaráætlun nema hvað ekki er farin morgunferð á Snæfellsnes.

SUNDLAUGAR

Sundlaugar í Reykjavík og nágrenni

Aðfangadagur
Í sundlaugarnar í Reykjavík verður opið frá 8 til 12.30, að frátalinni Kjalarneslaug þar sem opið er frá 10 til 12.30, í Kópavogi frá 8 til 12 og í Hafnarfirði frá 6.30 til 11 í Sundhöll og Suðurbæjarlaug frá 06.30 til 11.15.

Jóladagur
Lokað.

Annar í jólum
Opið í Laugardalslaug og Árbæjarlaug frá 12 til 18.
Sundlaug Akureyrar

Aðfangadagur
Opið frá 8 til 11.

BUBBI

OG STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR

Í LAUGARDALSHÖLL

NÝÁRSTÓNLEIKAR

4. OG 5. JANÚAR 2008

AUKATÓNLEIKAR
4. JANÚAR KL. 20

Bubbi Morthens og öll bestu lögin hans í nýjum „Big Band“ búningi í útsetningu Þóris Baldurssonar.

11 DAGAR Í TÓNLEIKA

SÉRSTAKIR GESTIR

Garðar Thór Cortes og Raggi Bjarna.

- Fimmtugasti hver sem kaupir miða á midi.is fær geisladisk með Bubba að eigin vali.
- Allir geisladiskar Bubba á tónleikatilboði í verslunum Skífunnar.

TUBORG LÉTTÖL

MasterCard

20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.borgun.is/klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR

Einnig í verslunum BT á landsbyggðinni

CONCERT
WWW.CONCERT.IS

STUÐ MILLI STRÍÐA Jólastuð

VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HEFUR ALDREI VERIÐ HRAUSTARI

Blessuð jólin eru alveg við það að ganga í garð einu sinni enn. Velflesta hlakkar dálítið til, aðallega vegna pakkanna, frísins og sjónvarpsupptökunnar af fílum í sirkus að leika listir sínar. Á hverju ári spinnst þó einhver einkennileg neikvæð umræða um jólin.

Einn þáttur jólanna sem er á ári hverju útmálaður sem neikvæður er áhrif þeirra á heilsufar landsmanna. Jólin eru sögð óheilsusamleg letihátíð sem neyði fólk til að borða óhollan mat og liggja í leti þó það sé flestum á móti skapi. „Við erum fórnarlömb jólanna og þess óhóflega neyslubrjálæðis sem þá fer í gang“ kveinar aumingjakórinn eins og hann hafi ekki nokkur einustu áhrif á eigin örlög. Uss, þið jólatuðarar, þið gleymið tveim órjúfanlegum þáttum jólanna sem leggjast á eitt um að landsmenn upplifa sennilega meiri hreyfingu og hollara mataræði í desember en alla hina mánuði ársins samanlagt: göngutúrarnir og mandarínurnar.

Rassinn á velflestum Íslendingum er stór og sem límdur við upphitað bílsætið. Sá fjöldi jeppa sem lagt er uppi á gangstéttar ber þess vitni að margir kæra sig ekki um að ganga fleiri en fimmtíu skref í einni lotu. En á jólunum lætur jafnvel forhertasti letihaugur sig hafa það að þramma í þágu hátíðarinnar. Fyrir jól kjagar fólk í örvæntingu um verslunarmiðstöðvarnar, en að ganga þær enda á milli er heljarinnar þrekraun. Um sjálf jólin fara svo allir í gleðilegan göngutúr með fjölskyldunni. Þannig er það bara.

Svo eru það mandarínurnar. Hver sá sem kveðst hata grænmeti og finnst ávextir subbulegir til átu, gæðir sér jafnvel á mandarínum allan desembermánuð með bros á vör. Þjóðin fær vetrarskammtinn af einhverjum æðisgengnum bætiefnum úr þessu óhóflega ávaxtaáti og er af þeim sökum í vellíðunarvímu langt fram í febrúar. Mandarínur sýna svo ekki verður um villst að besta leiðin til að auka neyslu grænmetis og ávaxta er að takmarka framboð þeirra. Gleðileg jól!

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ÁSTRÍÐA
GRIMMD
ÖFUND
SVIKRÁÐ
GRÆÐGI
SPENNA
FRÁBÆRT BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!
TVÆR STÖÐVAR AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS 6.790 KR. Á MÁNUÐI Í JANÚAR OG FEBRÚAR.
MÖGNUÐ ÍSLENSK SPENNUÞÁTTARÖÐ
PRESSA
HEFST SUNNUDAGINN 30. DESEMBER
KJARTAN GUÐJÓNSSON
SARA DÖGG ÁSGEIRSDÓTTIR
ORRI HUGINN ÁGÚSTSSON
ARNDÍS HRÖNN EGILSDÓTTIR
STEFÁN HALLUR STEFÁNSSON
ÞORSTEINN BACHMANN
skemmtilegri
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:

Kl. 19
Jólatónleikar Ríkisútvarpsins verða sendir út kl. 19 í kvöld. Dagskráin er glæsileg; Sinfóníuhljómsveit Íslands og hópur hæfileikaríkra einleikara flytja verk á borð við Óbókonsert í C-dúr op. 7, nr. 3 eftir Jean-Marie Leclair og Concerto grosso nr. 8, „Jólakonsertinn“ eftir Arcangelo Corelli.

menning

menning@frettabladid.is

Snjókorn nýrrar kynslóðar

Sérlega áhugaverður jólaþáttur er á dagskrá Rásar 1 á jóladag kl. 18.15. Þau Haukur Ingvarsson og Elísabet Indra Ragnarsdóttir dagskrárgerðarmenn eru umsjónarmenn þáttarins sem ber hinn sérlega bjartsýna titil Snjókorn. Í þættinum er lögð áhersla á hátíðlegt efni sem er flutt og samið af nokkrum af fremstu listamönnum yngri kynslóðarinnar.
„Okkur Elísabetu Indru langaði mikið til þess að búa til jólaþátt sem er hátíðlegur án þess þó að vera byggður upp af gömlu efni af safninu. Með þættinum langar okkur bæði til þess að skoða jólahátíðina með augum okkar kynslóðar og jafnframt að laða ungt fólk að Rás 1,“ segir Haukur.
Fjöldi ungra listamanna kemur fram í þættinum. Til dæmis má nefna að skáldið Guðrún Eva Mínervudóttir samdi texta fyrir þáttinn, hljómsveitin Múm tók upp þrjú lög sérstaklega fyrir þáttinn og leikararnir Jörundur Ragnarsson og Heba María Þorkelsdóttir lesa upp jólaljóð eftir Gyrði Elíasson, Kristínu Ómarsdóttur, Þorstein frá Hamri og Hannes Pétursson.

„Við byrjuðum vinnuna við þáttinn á því að velta fyrir okkur hvaða listamenn við vildum helst fá til samstarfs við okkur. Okkur til ómældrar ánægju voru allir þeir listamenn sem við höfðum samband við boðnir og búnir til þess að taka þátt í verkefninu með okkur. Efnið í þættinum er allt tekið upp sérstaklega og því þurfa hlustendur ekki að eiga von á því að hafa heyrt efnið áður. Hátíðarhald ungs fólks og hugmyndir þess um jólin birtist hlustendum því ljóslifandi í þættinum,“ segir Haukur.
Það er sannarlega löngu orðið tímabært að ungt fólk láti meira til sín taka á elstu útvarpsstöð þjóðarinnar og því má sannarlega fagna þessu átaki Elísabetar og Hauks. Óhætt er að hvetja lesendur til að nota tækifærið í rólegheitum jóladags og kynna sér þennan nýstárlega og framsýna útvarpsþátt. - vþ

GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR
Samdi texta sérstaklega fyrir þáttinn Snjókorn.

Gröfin gerir góða hluti

Ekkert lát virðist vera á velgengni íslenskra glæpasagnahöfunda, hérlendis sem erlendis. Sagan Sér grefur gröf eftir Yrsu Sigurðardóttur var níunda mest selda skáldsagan í kilju í Austurríki í síðustu viku og hækkar sig um eitt sæti frá vikunni þar áður. Yrsa hefur ekki áður náð svo góðum árangri á erlendum metsölulista og því er þessi sala mikið fagnaðarefni. Þá situr Sér grefur gröf í 50. sæti þýska kiljulistans sem birtur var í vikunni en bókin stökk beint í 39. sæti listans þegar hún kom út fyrr í mánuðinum. - vþ

LEIKLIST Ólafur Egill Egilsson í leikgerð þeirra Baltasars Kormáks af verki Antons Tjekov, Ivanov. Leikmynd er eftir Grétar Reynisson. MYND: ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Ivanov á annan í jólum

Þjóðleikhúsið frumsýnir Ivanov eftir Anton Tjekov að kvöldi annars í jólum sem er hefðbundinn stórfrumsýningardagur leikársins þar á bæ. Þá er jafnan sett á oddinn metnaðarfullt verk af klassískum toga, vandlega skipað í hlutverk og hátt reitt til höggsins. Fyrr á tíð var þetta kvöld einn af hátindum í samkvæmislífi Reykvíkinga og fylgt eftir með gleðskap í Þjóðleikhússkjallaranum. Nú er enn mikill hátíðabragur á frumsýningunni í þennan tíma þótt kaupandi frumsýningargestum hafi fækkað. Boðsgestir eru meirihluti þeirra sem í salnum situr. Það munar líka um að fyrir breytingar á sal hússins voru þar á frumsýningu hátt í sjö hundruð gestir en eru núna tæplega fimm hundruð.

Ivanov er sviðsettur af Baltasar Kormáki, samstarfsmenn hans hafa áður lagt í með honum: Helga Stefánsdóttir gerir búninga og Grétar Reynisson hannar leikmyndina, Páll Ragnarsson lýsir og Sigurður Bjóla sér um hljóðmynd. Það er valinn hópur sem kemur fram í sýningunni, raunar hefur sá hópur fengið ákjósanlegt tækifæri því hann var á liðnu sumri í aðlögun sama verks að kvikmyndamiðlinum og var þráður verksins og persónur þá fluttur til í tíma og rúmi, sveitasetur á síðustu áratugum keisaratímans í Rússlandi var heimfært upp á íslenskan samtíma og atburðir verksins gerðust á eyju við Ísland á okkar tímum. Leikendur hafa því unnið við persónusköpun þessa fólks í rúma sex mánuði. Slík vinnubrögð ættu að skila mun vandaðri vinnu, skýrari ásetningi þar sem kvikmyndin er langt tilhlaup að leiksýningu.

Baltasar er orðinn vel heima í verkum Tjekovs. Hann var starfandi í leikhópi Þjóðleikhússins þegar röð verka eftir rússneska snillinginn voru tíð á sviðum Þjóðleikhússins undir stjórn leikstjórnarteymis frá Litháen. Hér á landi tóku menn að leika verk eftir Tjekov um miðja síðustu öld, Fyrst Þrjár systur í Iðnó, þá Kirsuberjagarðinn í Þjóðleikhúsinu, Leikfélagið flutti Vanja frænda á áttunda áratugnum og Kirsuberjagarðinn sem var síðasta sviðsetning félagsins í Iðnó. Verulegur kippur komst á sviðsetningar á verkum hans er líða tók á öldina, jafnvel hið stóra og flókna verk hans sem nefnt hefur verið Skógarpúkinn var leikið hér í þrígang, auk sviðsetninga af verkunum fjórum sem talin eru með stórvirkjum leikbókmennta síðari alda: Máfnum (sem stundum er efast um að sé rétt þýðing), Vanja frænda, Þremur systrum og Kirsuberjagarðinum. Fram undan er sviðsetning á því síðastnefnda hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Ivanov var leikinn hér í fyrsta sinn á vegum Nemendaleikhúss veturinn 1998/1999.

Oft er sagt að texti leikskáldsins sé nær óþýðanlegur, blæbrigði rússnesku þess tíma sem hann skrifaði á séu svo margræð að allt af tapist í þýðingu tónlist málsins, blærinn skaddist. Það eru þeir Baltasar Kormákur og Ólafur Egill Egilsson sem vinna íslenskan texta sýningarinnar eftir enskum aðlögunum sem tiltækar voru. Textinn var spunninn í vor og breyttist enn í vinnslu leikhópsins í sumar og á æfingum haustsins. Væri því nær að tala um að sviðsetning Þjóðleikhússins byggi á verki Tjekovs.
Ivanov er landeigandi skuldum vafinn. Hann er leiður á lífinu, gifti sig á sínum tíma til fjár stúlku af gyðingaættum sem gekk af trúnni og skírðist til rússnesku orþodoks-trúarinnar. Í tengslum við þau hjón er hópur fólks og í þeirra hópi er ung stúlka, dóttir eins lánardrottins Ivanovs. Samdráttur hennar og landeigandans er einn möndull átaka verksins. Það var samið að beiðni leikflokks 1887 en fram að því hafði höfundurinn einkum lagt stund á smásagna- og smáþáttaskrif. Hann hafði kynnst aðstæðum lágstétta og hærri stétta af eigin raun en árið eftir frumsýningu Ivanovs fór hann í langa og erfiða ferð til Sakhalín í Síberíu sem breytti afstöðu hans til allra hluta. Verkið býr samt yfir mörgum þeim efnisþáttum sem hann átti síðar eftir að grannskoða í síðari verkum, en þau vega salt milli harmleiks, melódrama og kómedíu.

pbb@frettabladid.is

Von er draumur vakandi konu

BÓKMENNTIR

Nóvembernætur

Eygló Ída Gunnarsdóttir

★★★

Spennandi ferðalag

Falleg og skemmtileg bók. Skáldið tekur lesandann með sér í stutt en spennandi ferðalag þar sem tvær persónur eru í forgrunni; ljóðmælandinn „ég“ sem er ung kona og „þú“ sem er leyndardómur bókarinnar og spurning; ástmaður, drottnari svikari, skepna, jafnvel ljóð. Dramatíkin er ást sem brást, haltu/slepptu, ástin og andhverfa hennar, ótti, söknuður, kvöl, hefnd, bölsýni og veik von. Þrjátíuogsex smáljóð án titils – eins og hjá Emily Dickinson og ástæðan sú sama; vantrú á útlínur og ramma og ótrú á rétt og dilkadrátt.

„Ég“ – sem er óupptekin af því að vera skáld – tekst á við tilfinningalegt skipbrot; ljóðagerðin fylgir þeim hugblæ hlýðin og auðmjúk, læðist með veggjum og biðst velvirðingar á sjálfri sér en getur ekki þagað yfir þungbæru óréttlæti og kúgun þótt þögnin húðstrýki orðin og reyni að halda þeim niðri. Skáldamálið er því fábrotið og stíllinn einfaldur, nánast talmál; vopnabúr ljóðhefðar karlsins látið í friði, átök við samruna efnis og forms engin, ljóðin nær klæðlaus. Kostir og lestir: Ljóðin eru samkvæm sjálfum sér og aldrei tilgerðarleg eða ofurseld ytri lögmálum, en hvorki nýstárlegur kveðskapur, forspár né auðugur að skáldlegum brögðum.

Innri átök ljóðanna eru þeim mun ríkari og hverfast um einbeittan öxul. Þar takast kynin á, ég og þú, undirgefni og drottnun, óvirk kona og ofvirkur karl, dagur og nótt, þar er þolandi í kyrrstöðu & bið gegn geranda á spani, ósk um samruna kynjanna gegn staðreyndum sundrungar, hugleiðing um einingu, kynleysi og tvíkyn. Unga konan, ljóðmælandinn, er lengst af algerlega óvirk og aðgerðalaus en óskar hreyfingar og breytingar í tómu núi; heimur ljóðanna er það sem var eða verður, ekki það sem er. Spennan felst í hvort breyting verði.

Óskin er neyðarkall ljóðanna og sprengikraftur þótt hún sé hugsanlega orðið tómt; „ég vildi að ég gæti“ segir í fyrsta ljóði og endurtekið reglulega í öllum litbrigðum; „ég vildi að ég mætti, ég óskaði þess í hljóði, mig langar svo, mig langar svo“. Angistaróp undirokunar sem óskin sjálf kæfir í fæðingu og treystir þá á ljóðið eitt. En óskina getur enginn uppfyllt – og rofið þannig kyrrstöðuna/óvirknina – nema skáldkonan sjálf afþví innanljóðs er óskin heitbundin eigin undirgefni og háð því að allri drottnun sé vísað á dyr.

Um það efast „ég“ uns kemur að uppgjöri í ljóðum 28 og 29 með óvæntum kennslum („mér varð á í messunni“, sem þögnin og skömmin stinga uppí umsvifalaust), og vonbjörtum uppsteyt á næstu síðu með tíðaskilum til framtíðar; „svo sýni ég ykkur öllum í tvo heimana“ – sem lokaljóðin gera bókstaflega; sýna tvo heima, andstæð öfl með enn sterkara aðdráttarafli, ekkert kollvarp sinni. Lokaljóðin eru því trúverðug þótt þau bregðist von bæði ljóðmælandans og lesandans; ástarhatur kynjanna er þar útkljáð og engin lausn í sjónmáli, „þín“ enn óhefnt og þrautagangan eilíf mótmælaganga gegn eigin kröfugerð.

Ljóð sem treysta algerlega á anda sinn, berangursleg að utan. Traustsins verður, andinn.

Sigurður Hróarsson

Óttar á pari við þennan Dan Brown

BÓKMENNTIR

Hnífur Abrahams

Óttar M. Norðfjörð

★★★

Flétta snjöll og hrindir í gang pælingum

Þegar þessi lesandi sem hér skrifar fékk Hníf Abrahams í hendur hélt hann hreinlega að verið væri að djóka í sér. Óttar M. Norðfjörð er þekkt ólíkindatól en eftir hann liggja meðal annars tvö bindi ævisögu Hannesar Hólmsteins (einblöðungar), fyrir lá að með Hnífi Abrahams væri verið að míga utan í metsölubókina Da Vinci lykilinn eftir Dan Brown og til að bíta hausinn af skömminni er á saurblöðið hrúgað afar lofsamlegum umsögnum þekktra Íslendinga: „Dan Brown hefur eignast íslenskan keppninaut.“ „Metsölubók ársins.“ „Fræðandi rússibani sem rígheldur manni allan tímann.“ ... Klisjur sem verseraðir bókaútgefendur eru farnir að ofnota þannig að það hálfa væri nóg.

En það er svo sem ekkert djók að Óttari er rammasta alvara með að vilja verða rithöfundur. Hann er afkastamikill og hefur þrátt fyrir ungan aldur sent frá sér ljóðabækur og skáldsögur auk annars efnis. Og virðist í leit að hillu fyrir bækur sínar því óvænt veður Óttar í það eins og að drepa naut að skrifa þessa bók þar sem „leyndardómar fornaldarinnar fléttast saman við hryðjuverkasamtök nútímans í óhuggnanlega starfsemi leynihreyfinga og leynistofnana stórveldanna,“ svo vitnað sé í Þórhall Heimisson prest. En hann er einn þeirra fjölmörgu sem látnir eru leggja til í klisjubankann við upphaf bókar.

Hnífur Abrahams fjallar um eltingarleik írska prófessorsins Donnellys og írsk/íslenska aðstoðarmanns hans Swifts við handrit sem mun, þegar það kemur fram í dagsljósið, umturna sjálfum kristindómnum. Í leikinn blandast ýmis öfl, lögreglan, CIA og ónefnd huldusamtök. Óþarft er að rekja þráðinn enda hann kunnuglegur öllum þeim sem sumir hafa gleypt í sig tugi kílóa bóka af þessu tagi – og/eða hafa séð Hollywoodtrylla byggða á þeim. Ekki þarf mikið ímyndunarafl til að sjá Harrison Ford fyrir sér í hlutverki Donnelys. Það sem augljóslega truflar umfjöllun um þessa bók er að Óttar fetar algerlega nýjar brautir sem íslenskur höfundur en slóðin er þó margtroðin á alþjóðlegum markaði.

Þá er bara hvernig hefur til tekist? Meta ber hvert verk á þeim forsendum sem það gefur sér sjálft. Það er einfaldlega heimskulegt að leggja einhverja fagurfræðilega og ljóðræna Gyrðiskvarða og mælistikur við. Hnífur Abrahams ber þess fagurt vitni hversu flinkur rithöfundur Óttar er orðinn. Og svo það sé bara sagt eins er þá einfaldlega tekst honum ætlunarverk sitt. Þessi bók er algerlega á pari við það besta sem sem gerist og gengur í þessari deild. Engin ástæða er til horfa til margnefnds Dans Brown eins og hann standi ósnertanlegur uppi á einhverju fjalli. Óttar er þar einnig og virðir fyrir sér útsýnið.

Eigi bækur af þessum toga að ganga upp þarf fyrst og fremst að vera hraði í frásögninni. Það hefur Óttar á færi sínu. Fléttan er snjöll og viðfangsefnið, bók Abrahams, býður upp á athyglisverðar og skemmtilegar trúabragðapælingar sem Óttar vinnur vel úr – en þó ber að nefna að þessi lesandi er svo sem enginn trúabragðafræðingur og styðst við biblíusögunám í barnaskóla í þeim efnum. En Óttar dregur hvergi úr með að í fornum handritum þeim sem Gamla og Nýja testamentið byggja á auk Kóransins sé að finna orsök þess sem hann kallar 3. stríðið – milli múslima og kristinna. Hvor bræðranna er Guðs útvaldi Ísmael eða Ísak Abrahamssynir?

En þá er spurt um persónusköpunina sem leynir á sér sem mikilvægur þáttur í þeirri bókmenntategund sem hér er undir. Hún fær oftast að fjúka á altari hraðans. Höfundar á borð við McLean, Bagley, Ludlum, Patterson og svo Dan Brown pakkinn allur láta sér oftast duga að draga upp karaktereinkenni og innræti með vísan í útlit. Óttar einnig. Er á algjöru grunnsævi þegar samskipti og tengsl eru annars vegar -- þegar persónur sýna tilfinningar er það illa eða ekki undirbyggt og verður því barnalegt. Og þar liggur megin vandinn þegar reynt er að meta Hníf Abrahams til fiska. Sé viðmiðið Dan Brown fær Óttar fullt hús. En því miður fyrir Óttar og Dan Brown er til höfundur sem hefur sýnt fram á að það má taka tryllinn og glæpasöguna í það minnsta tveimur skrefum lengra. Hann stendur á hærri tindi og heitir Umberto Eco. Ein bóka hans, Nafn rósarinnar, er meira að segja nefnd til sögunnar í Hnífi Abrahams nánast þessu til áréttingar. Þegar Óttar leggur á þann tind á hann möguleika á fimm stjörnum hjá þeim sem hér skrifar. En ef við metum Dan Brown á þrjár – sem er ágætlega í lagt – þá fær Óttar þær að sjálfsögðu einnig.

Jakob Bjarnar Grétarsson

> FLOKKAR GJAFAPAPPÍRINN

Leikkonan Katie Holmes er afar skipulögð í jólaundirbúningnum. „Hún flokkar gjafapappírinn utan um jólagjafirnar eftir því hvort þiggjandi pakkans er fjölskyldumeðlimur, vinur eða viðskiptafélagi," segir vinur fjölskyldunnar.

fólk

folk@frettabladid.is

Sonur Farrell tekur framförum

Colin Farrell segist vera þreyttur á því að fólk haldi að sonur hans, hinn fjögurra ára gamli James, sé alvarlega veikur. Írski leikarinn greindi nýlega frá því að James sé með Angelman-heilkenni, en það er sjaldgæft form heilalömunar. Hann segir að James gangi vel. „James hefur tekið miklum framförum. Angelman er heilkenni, ekki sjúkdómur," segir leikarinn. Angelman-heilkenni hrjáir einn af hverjum 12 þúsund, og veldur því að fólk á erfitt með bæði gang og tal. Þá veldur það einnig tíðum flogaköstum, en þeir sem eru með heilkennið eru oft glaðir og jákvæðir að eðlisfari.

Í viðtali við írska blaðið Independent fyrr á árinu kvaðst Farrell vera afar stoltur af syni sínum, og sagði það blessun að vera faðir. Þá sagði hann einnig að í einu skiptin sem hann yrði var við að eitthvað væri öðruvísi við James, væri þegar hann væri í hóp annarra fjögurra ára gamalla barna. „Þá hugsa ég, „ó, já", og ég man eftir því. En frá fyrsta degi hefur mér fundist að hann sé eins og hann eigi að vera," sagði Farrell.

Farrell og barnsmóðir hans, Kim Bordenave, eru með sameiginlegt forræði yfir James. Farrell sagðist í viðtali við People ætla að verja jólunum með syni sínum. „Öll fjölskyldan verður saman. Hvað við ætlum að gera? Ekkert. Þetta venjulega – horfa á kvikmyndir, borða mat og taka því rólega."

LEIÐUR Á MISSKILNINGI Colin Farrell er þreyttur á því að fólk haldi að sonur hans sé alvarlega veikur. Hann gerir greinarmun á heilkenni og sjúkdómi. NORDICPHOTOS/GETTY

Trésmiðafélag Reykjavíkur 1899

FIT
Félag iðn- og tæknigreina
Sími: 595 6000 - www.felag.is

Jólaball FIT og TR

Jólaball Félags iðn- og tæknigreina og Trésmiðafélags Reykjavíkur verður haldið fimmtudaginn 27.desember kl. 16 í Kiwanissalnum við Engjateig. Gleðin verður með hefðbundnum hætti jólasveinar, nammipokar, kaffi og kökur. Verð 1000kr. fyrir fullorðna en frítt fyrir börnin.

Stjórnir FIT og TR

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Jólastemning á X-mas

Mugison, Sprengjuhöllin, Hjaltalín og Jakobínarína voru á meðal þeirra sem komu fram á níundu jólatónleikum X-ins 977, X-mas, á Gauki á Stöng. Stemningin var prýðisgóð enda hafa tónleikarnir alltaf verið vel sóttir og vinsælir í gegnum árin.

Alls stigu tólf hljómsveitir á svið og spiluðu jólalög með sínu sniði. Allur ágóði af tónleikunum rennur til samtakanna Foreldrahús.

ROKK OG RÓL Stemningin á Gauknum var góð enda rokkaði hver sveitin á fætur annarri sem mest hún mátti. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

VINKONUR Vinkonurnar Ásdís og Ólöf stilltu sér upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins.

SKÁL! Fanney og Hreiðar skáluðu, enda virtust þau skemmta sér vel á tónleikunum.

SAMAN Á X-MAS Steinar, Silja og Þórdís létu sig ekki vanta á tónleikana.

Fíton/SÍA

Hefur þú áhuga á að starfa í forystu VR?

Samkvæmt lögum VR auglýsir kjörstjórn eftir framboðum í stjórn og trúnaðarráð félagsins.

Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda inn skriflegt erindi til kjörstjórnar á skrifstofu VR.

Skrifleg meðmæli 10 félagsmanna þarf vegna framboðs til setu í stjórn.

Framboð til setu í trúnaðarráði er hægt að senda rafrænt á **kjorstjorn@vr.is**

Framboðsfrestur er til 8. janúar 2008

Kjörstjórn

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti

VR

Fór strax á barinn

Vilhjálmur prins var ekki lengi að nýta tækifærið þegar unnustan Kate Middleton kvaddi Bretland og hélt til Barbados þar sem hún dvelst ásamt fjölskyldu sinni yfir jólin. Kate var varla flogin yfir Big Ben þegar Vilhjálmur fór ásamt félögum sínum á einn fínasta bar Lundúna, Tramp, og ef marka má myndirnar frá heimferðinni fékk hann sér nokkuð ótæpilega í tána. En breskir fjölmiðlar telja sig sjá nokkur batamerki á hegðun prinsins, sem hingað til hefur ekki verið við eina fjölina felldur. Tramp er nefnilega mikill hefðarstaður og alls ólíkur þeim strippklúbbum sem Vilhjálmur hefur stundað ásamt bróður sínum Harry. Og Bretar binda miklar vonir við það að Vilhjálmur festi bráðum sitt ráð því Kate og prinsinn hafa verið nánari en nokkru sinni og þótt þau dvelji fjarri hvort öðru yfir jólin ætla þau að taka á móti nýju ári í sameiningu.

DJAMMARI Vilhjálmi þykir fátt jafn skemmtilegt og að skála í góðu víni með félögum sínum.

FARIN Kate verður á Barbados með fjölskyldu sinni um jólin en kemur heim í faðm hins aðalborna þegar nýju ári verður fagnað.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Frumsýning 26. desember á Stóra sviðinu
ÍVANOV
eftir Anton Tsjekhov
Aðlögun og leikstjórn: Baltasar Kormákur
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

RUSSELL CROWE Leikarinn Russell Crowe hefur fjarlægt spilakassa í ruðningsklúbbi sínum.

Fjarlægir spilakassa

Óskarsverðlaunaleikarinn Russell Crowe hefur bannað spilakassa í ruðningsklúbbi sem hann er meðeigandi að í Ástralíu. Um 160 spilakassar voru í klúbbnum og til að gera staðinn fjölskylduvænni og komast hjá taprekstri ákváðu Crowe og meðeigandinn Peter Holmes að losa sig við þá.

Áður en hægt var að fjarlægja kassana þurftu þeir að fá leyfi stjórnarmeðlima í klúbbnum. „Við erum ekki í siðferðislegri herferð heldur trúum við því að vegna lágra tekna staðarins þurfi hann fremur á færri en fleiri kössum að halda," sagði í bréfi sem þeir sendu stjórninni.

Í vinnu hjá Hernum á jólum

Erla Björk Jónasdóttir er ung móðir og háskólanemi sem ákvað að eyða aðfangadegi á afar óhefðbundinn hátt, sem sjálfboðaliði hjá Hjálpræðishernum. Að því loknu keyrir hún upp á Akranes til að borða jólamatinn og fer loks á vakt sem ofnamaður hjá Norðuráli.

„Ég ákvað að hætta bara að vorkenna sjálfri mér og reyna frekar að hjálpa þeim sem á þurfa að halda," segir Erla Björk og hlær. „Ég er einstæð með tvö börn en þau verða bæði hjá pabba sínum yfir jólin í fyrsta skipti. Ég er að læra félagsráðgjöf og veit að það vantar oft fólk í svona vinnu, ekki síst yfir hátíðarnar. Þess vegna hringdi ég bara í Hjálpræðisherinn og bauð fram aðstoð mína." Hvað varðar vaktina í Norðuráli segist hún gjarnan taka aukavaktir þar samhliða náminu. „Ég er ofnamaður þar eins og kallað er. Það er oft skortur á þeim og ég er eiginlega bara að reyna að flýta því að mín jól komi. Í ár verða þau ekki fyrr en 28. desember þegar krakkarnir koma heim," segir Erla og brosir.

Anne Marie og Harold Reinholdtsen sitja í yfirstjórn Hjálpræðishersins. Anne Marie segir að hvern aðfangadag komi á milli 20 og 25 sjálfboðaliðar til aðstoðar við jólahaldið. „Flestir eru einstæðingar en hingað kemur líka fjölskyldufólk sem vill leggja sitt af mörkum. Sumir koma ár eftir ár en svo hringja alltaf einhverjir nýir sem vilja koma. Við erum að sjálfsögðu afar þakklát fyrir það. Starfið felst að mestu í því að þjóna til borðs, vaska upp, taka til, úthluta gjöfum og svo bara að spjalla við fólkið og sjá til þess að allir geti átt hér notalega jólastund." Anne Marie segir að líklega verði fjöldi matargesta á bilinu 120-150 manns. „Það er erfitt að gera sér grein fyrir því fyrir fram en mest hefur fjöldinn farið í 200 manns." **sigrunosk@frettabladid.is**

SJÁLFBOÐALIÐI Á AÐFANGADAG Erla Björk Jónasdóttir ásamt börnum sínum Anniku Katrínu og Emil Theodór. Erla Björk bauð Hjálpræðishernum aðstoð sína á aðfangadag. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Angelina Jolie léttist af sorg

Leikkonan Angelina Jolie vekur athygli fyrir nokkurn veginn allt sem hún gerir. Undanfarið hefur slúðurpressan vestra sýnt holdafari hennar mikinn áhuga, en Jolie léttist áberandi mikið á árinu.

Hún vill þó meina að kílóin hafi hrunið af við að syrgja móður sína sem lést af völdum krabbameins í janúar, 56 ára að aldri. „Það sem angrar mig er að í stað þess að segja: Hún lítur út fyrir að vera að takast á við eitthvað tilfinningalegt, segir fólk: Er hún nógu grönn til að passa í þröngar gallabuxur?" segir Angelina vonsvikin. „Ég vil að fólk skilji að ég er ekki viljandi að grenna mig heldur reyna að komast í gegnum afar erfitt ár."

Stjarnan segir sambýlismann sinn, leikarann Brad Pitt, hafa verið sér stoð og stytta við andlát móðurinnar. „Brad er svo góður vinur og stóð sig frábærlega þegar móðir mín lést. Hann sat hjá mér og hélt í hönd mömmu. Svo eyddi hann nóttinni í að fá okkur systkinin til að segja skemmtilegar sögur af henni. Hann minnti okkur á alla þá ást og gleði sem við erum svo heppin að hafa í lífinu. Hann var ótrúlegur," segir Angelina Jolie um barnsföður sinn.

Tali fyrir öruggu kynlífi

Alicia Keys vill að Jamie Lynn Spears tali fyrir því að unglingar stundi öruggt kynlíf. Alicia telur að Jamie Lynn, sem eins og margir vita tilkynnti í vikunni að hún ætti von á barni, aðeins sextán ára gömul, ætti að nýta stöðu sína til að koma í veg fyrir að aðrir unglingar stökkvi upp í rúm.

„Ég held að hún gæti notað þetta tækifæri til að tala um hversu mikilvægt það er að stunda öruggt kynlíf, og að það sé erfitt fyrir unglinga að halda aftur af sér en að það sé að sama skapi afar mikilvægt, því þetta breytir öllu lífinu. Þetta er mjög alvarlegt mál," segir söngkonan.

Alicia sagði við sama tækifæri að hún héldi að frægð og frami Jamie Lynn gæti hafa verið ein orsök þess að hún byrjaði að stunda kynlíf svo ung. Hún segir að skemmtanaiðnaðurinn sé þess eðlis að fólki finnist engin takmörk fyrir því hvað það geti fengið eða gert. „Þú færð allt sem þú biður um. Þú gætir verið þrettán, þú gætir verið níu, þú gætir verið fjörutíu og sjö. Það skiptir engu máli," segir Alicia. „En málið er að þetta verður mjög erfitt, því flestir í bransanum eru mjög ungir, og það er auðvelt að hafa áhrif á okkur," bætir hún við.

SEXTÁN OG ÓLETT Fréttir af þungun Jamie Lynn Spears bárust í vikunni, en hún er aðeins sextán ára. gömul.

Á AÐ NOTA TÆKIFÆRIÐ Alicia Keys segir að Jamie Lynn Spears ætti að nota tækifærið til að segja öðrum unglingum að stunda öruggt kynlíf.

Chris er góður pípari

Chris Martin, forsprakki hljómsveitarinnar Coldplay, hefur getið sér gott orð sem pípari í athvarfi fyrir heimilislausa í London. Samkvæmt heimildarmanni í athvarfinu hefur hann verið duglegur við að hjálpa þar til undanfarin ár.

„Chris hefur séð um pípulagnirnar fyrir athvarfið. Hann gerir þetta frítt á hverju ári. Hann þykir víst mjög handlaginn," sagði heimildarmaðurinn. Talsmaður athvarfsins vildi ekkert tjá sig um pípulagningahæfileika söngvarans. „Um sjö þúsund sjálfboðaliðar hjálpa okkur um jólin. Sumir eru frægir en við getum ekki nefnt þá á nafn sem vilja ekki að sagt sé frá starfi þeirra."

CHRIS MARTIN Forsprakki Coldplay þykir afar fær pípulagningamaður.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikstjórinn **Woody Allen** ætlar á næsta ári að leikstýra sinni fyrstu kvikmynd í heimaborg sinni New York í nokkur ár. Allen sagði skilið við heimaland sitt fyrir nokkrum árum og ákvað að taka upp myndir sínar í Evrópu vegna þess að honum þótti það auðveldara. Nú virðist honum hafa snúist hugur. Talið er að sinnaskiptin eigi rætur sínar að rekja til vandamála sem tengjast myndinni Vicky Christina Barcelona, sem var tekin upp í spænsku borginni í sumar.

Leikarinn **Kiefer Sutherland**, sem þarf að eyða jólahátíðinni á bak við lás og slá, fær enga stjörnumeðferð í fangelsinu. Hann þarf að elda fyrir samfanga sína og þvo óhreina tauið af heimilislausu fólki sem fær að gista í fangelsinu af og til.

Vegna þess hve fólkið er óhreint þegar það mætir á staðinn hefur Kiefer leyfi til að fara tvisvar á dag í sturtu. Honum verður sleppt úr haldi í janúar eftir að hann hefur afplánað dóm sinn fyrir ölvunarakstur.

Leikarinn **Rupert Everett** segir það litlu skipta þótt leikkonan **Jodie Foster** hafi komið út úr skápnum á dögunum. Hún sé orðin allt of gömul til að hafa einhver áhrif á gang mála í Hollywood. „Hún er 45 ára og nennti bara ekki að standa í þessu lengur. Eftir að hafa náð ákveðnum aldri getur fólk verið samkynhneigt í Hollywood. Fyrir þann tíma er það ekki bara slæmt fyrir ferilinn heldur ómögulegt," segir Rupert, sem er sjálfur samkynhneigður.

Söngkonan og vandræðagemlingurinn **Amy Winehouse** á söluhæstu plötu ársins í Bretlandi. Hún hefur selt yfir 1,5 milljónir eintaka af plötu sinni Back to Black síðan hún kom út í október í fyrra. Fyrsta plata hennar, Frank, sem kom út 2003, hefur jafnframt selst í yfir 300 þúsund eintökum á árinu vegna vinsælda Back to Black.

LUKKULEIKUR
BYRS OG HONEY NUT CHEERIOS

Milljón ástæður til að taka þátt!

Nældu þér í Honey Nut Cheerios í næstu búð og taktu þátt í léttum leik. Fjöldi glæsilegra vinninga!

Heildarverðmæti vinninga er 1 milljón króna!

DREAMWORKS BEE MOVIE™
KOMIN Í BÍÓ

BEEMOVIE.COM DREAMWORKS

Bee Movie TM & © 2007 DreamWorks Animation L.L.C. All Rights Reserved

VINNINGAR Í LUKKULEIKNUM

- Vinningur að verðmæti 300.000,-
- Ferðavinningur fyrir tvo
- 50.000 króna ferðaávísun
- Gjafakörfur frá Nathan & Olsen
- Árskort í bíó
- Miðar í bíó
- DVD myndir

Honey Nut Cheerios

BYR SPARISJÓÐUR

H&M gegn alnæmi

Verslanakeðjan H&M og samtökin Designers Against AIDS hafa leitt saman hesta sína, og senda frá sér tískulínu á nýju ári. Línan er unnin í samstarfi við stórstjörnur á borð við Rihönnu og Timbaland.

Afrakstur samstarfs H&M og Designers Against AIDS verður tískulína fyrir bæði stelpur og stráka, sem seld verður í verslunum tískurisans. Hún miðar að því að vekja athygli á og veita fræðslu um sjúkdóminn, sem hefur áhrif á líf margra ungra manneskja um heim allan. 25% af ágóða af sölu fatnaðarins mun renna til samtaka sem berjast gegn útbreiðslu alnæmis um heim allan.

Í hópi stjarnanna sem leggja verkefninu lið er tónlistarfólkið Rihanna og Timbaland, hljómsveitirnar Good Charlotte, Scissor Sisters og The Cardigans og tískugúrúarnir Henrik Vibskov, Jade Jagger og Katharine Hamnett. „Að styðja YouthAids í gegnum Fashion Against AIDS er frábær leið til að hvetja aðdáendur mína til að leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn alnæmi," segir Rihanna, en í dag eru um tólf milljónir manna á aldursbilinu 15 til 24 ára smitaðar af HIV-veirunni.

Allir sem leggja hönd á plóginn gefa vinnu sína. Tískulínan samanstendur af stuttermabolum, hlýrabolum og hettupeysum úr 100% lífrænni bómull. Allur fatnaðurinn er einnig prýddur einhvers konar áletrunum eða munstri, og verða klæðin merkt þeirri stjörnu sem átti hugmyndina að skilaboðunum. Hver og ein flík er þar að auki merkt með miða sem á stendur: „This might be the most important piece of clothing you've ever had your hands on" sem útleggst: Þetta gæti verið mikilvægasta flík sem þú hefur nokkurn tíma átt.

FRÁBÆR HVATNING Rihanna segir samstarfið góða leið til að vekja athygli aðdáenda sinna á alnæmisvandanum.

Magni selur og selur

Fyrsta sólóplata rokkstjörnunnar Magna Ásgeirssonar hefur selst í rúmum fimm þúsund eintökum hérlendis og nálgast gullsölu óðfluga. Platan hefur jafnframt selst vel á iTunes, Amazon.com og fleiri vefsíðum.

„Hún er búin að seljast mjög vel úti, sérstaklega miðað við að við erum tæknilega séð ekki búnir að eyða krónu í hana," segir Magni, sem vill ekkert tjá sig um fjölda seldra eintaka. „Þetta er ágætis slatti."

Platan náði eitt sinn sextánda sæti á lista yfir mest seldu rokkplöturnar á Amazon, sem gefur þó langt í frá nákvæma mynd af sölunni því listinn er uppfærður á klukkutíma fresti.

Hann segist ekki vera búinn að græða mikið á plötunni erlendis. „Það litla sem kemur í vasann fer í herferðina þegar að henni kemur," segir Magni, sem ætlar að herja á Bandaríkin í febrúar eða mars með auglýsingum og útvarpsspilun. Umfangsmikið tónleikaferðalag er þó ekki í bígerð. „Ég ætla að spila úti eins lítið og ég mögulega get. Ég er orðinn hundleiður á þessum ferðalögum."

Magni var önnum kafinn á dögunum við að árita plötuna ásamt vinkonu sinni Birgittu Haukdal. „Mörgum fannst það skrítið að við vorum saman að árita," segir hann og viðurkennir að Birgitta hafi haft töluvert meira að gera en hann.

MAGNI OG BIRGITTA Magni og Birgitta árituðu plöturnar sínar saman á dögunum við góðar undirtektir.

Magni, sem verður á heimaslóðum fyrir austan um jólin, spilar með Á móti sól á Eskifirði á annan í jólum og á Broadway um áramótin. „Sálin hefur verið þarna í gegnum tíðina og það hefur alltaf verið hrikalega gaman. Við ætlum að reyna að standa okkar plikt og gera strákana hreykna af okkur," segir hann í léttum dúr. **- fb**

NICOLE KIDMAN
SAM ELLIOTT
EVA GREEN
DAKOTA BLUE RICHARDS
AND DANIEL CRAIG
THE GOLDEN COMPASS
PlayStation.2
THE GOLDEN COMPASS
12+
Sjáðu myndina, Spilaðu leikinn
ego
Coca-Cola
spron
Viðskiptavinir, sem greiða með korti frá SPRON, fá
20% afslátt
af miðaverði á myndina
JÓLAMYNDIN 2007
ÆVINTÝRIÐ HEFST 26. DESEMBER
HÁSKÓLABÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
REGNBOGINN
SMÁRA BÍÓ
Borgarbíó
Akureyri
KEFLAVÍK
SAMBÍÓIN
SELFOSS

> Þú endar sem miðjumaður

Eiður Smári Guðjohnsen var í viðtali við enska blaðið Independent fyrir leik Barcelona og Real Madrid. Eiður Smári fer þar yfir það að hann vildi ekki fara frá Barcelona í haust en katalónska félagið var búið að finna félag sem vildi kaupa hann. Í viðtalinu kemur fram að Dick Advocaat sá í honum miðjumann þegar Eiður var ungur í herbúðum PSV Eindhoven. „Þegar ég var hjá PSV sagði Advocaat að ég myndi enda sem miðjumaður og það væri gott að fá mig til að skora mörk þegar ég væri ungur. Ég lít bara á sjálfan mig sem góðan fótboltamann ekki sem miðju- eða sóknarmann," sagði Eiður í viðtalinu.

sport

sport@frettabladid.is

RAGNAR INGI SIGURÐSSON SKYLMINGAMAÐUR ÁRSINS: BESTA ÁRIÐ HANS Á FERLINUM TIL ÞESSA

Vill ná árangri til þess að hvetja aðra

FH-ingurinn Ragnar Ingi Sigurðsson var valinn Skylmingamaður ársins en var í sérflokki hér heima á árinu 2007 auk þess að fara mikinn á alþjóðlegum vettvangi þar sem hann tryggði sér fjórða Norðurlandameistaratitilinn á fimm árum og vann sigur á Norður-Evrópumótaröðinni. „Þetta er búið að vera flott ár og það má alveg segja að þetta sé besta árið mitt hingað til því það gekk nánast allt upp hjá mér," segir Ragnar Ingi, sem ætlar að reyna að komast á Ólympíuleikana. „Nú er fram undan hjá mér undirbúningur fyrir úrtökumót fyrir Ólympíuleikana sem verður í apríl í Istanbul. Þetta verður mjög erfitt og því skiptir það miklu máli að ná að undirbúa sig sem best fyrir þetta og komast á sem flest mót þangað til," segir Ragnar.

Ragnar var ákveðinn að standa sig á þessu ári. „Ég tapaði Norðurlandsmeistaratitilinum í fyrra. „Ég var í öðru sæti í fyrra þar sem ég tapaði með einu stigi. Ég ætlaði mér að koma tvíefldur til baka á þessu ári og stefndi á að klára það fyrst sigrinum var stolið frá mér í fyrra," segir Ragnar en það er ekki nóg með að hann sé að gera frábæra hluti sjálfur heldur er hann á fullu að þjálfa. „Ég er með FH-deildina og þar náðum við tveimur Norðurlandameisturum á árinu fyrir utan mig. Það var einn í elsta hópnum sem ég er að þjálfa og einn í yngri hópnunum sem unnu gull," segir Ragnar, sem er stoltur af sínu fólki. „Þetta gefur manni mikið. Það er mjög gaman að skylmingunum, bæði að þjálfa og eins að standa í þessu sjálfur," segir Ragnar, sem gerir sér grein fyrir því að árangur hans virkar hvetjandi á krakkana. „Maður er nú með þeim eldri sem eru að keppa hérna heima þótt maður sé ekki gamall. Hluti af því af hverju maður heldur áfram að keppa sjálfur er að ég vil ná árangri til þess að hvetja aðra," segir Ragnar sem segir mikinn uppgang vera í skylmingum hér á landi.

YFIR FIMM MÖRK Í LEIK Vignir Svavarsson ætlar að kveðja dönsku deildina sem einn af markahæstu mönnum hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Danska handboltadeildin:

Vignir skorar mest Íslendinga

HANDBOLTI Vignir Svavarsson er markahæsti Íslendingurinn í dönsku úrvalsdeildinni þegar deildin fer í jóla- og EM-frí.

Vignir, sem mun spila með Lemgo í Þýskalandi á næsta tímabili, hefur skorað 85 mörk í fyrstu 16 leikjum Skjern í vetur eða 5,3 mörk að meðaltali í leik.

Vignir er í 8. sæti á heildarlistanum, aðeins tveimur mörkum frá fjórða sætinu, en langt á eftir Milutin Dragicevic hjá Jerringbro-Silkeborg sem er markahæstur með 112 mörk.

Vignir hefur skorað 19 mörkum meira en næsti Íslendingur á listanum, sem er Snorri Steinn Guðjónsson hjá GOG Svendborg. Snorri Steinn hefur skorað 66 mörk og er í 24. sæti listans, sjö mörkum á undan félaga sínu hjá GOG, Ásgeiri Erni Hallgrímsyni, sem er með 59 mörk. - óój

MARKAHÆSTU ÍSLENDINGAR Í DANMÖRKU:

1. Vignir Svavarsson, Skjern	85
2. Snorri Steinn Guðjónsson, GOG	66
3. Ásgeir Örn Hallgrímsson, GOG	59
4. Sturla Ásgeirsson, Árhus	44
5. Arnór Atlason, FCK	42
6. Hannes Jón Jónsson Fredericia	36
7. Þorri Gunnarsson TMS, Ringsted	29
8. Gísli Kristjánsson, Fredericia	27
9. Fannar Þorbjörnsson, Fredericia	13
9. Sigurdur Eggertss., Skanderborg	13

SÁTTUR Sir Alex Ferguson hrósaði Ronaldo mikið í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Alex Ferguson um Ronaldo:

Fullkomin frammistaða

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United var ánægður með Portúgalann Cristiano Ronaldo í leiknum gegn Everton í gær.

„Þetta var fullkomin frammistaða hjá honum í þessum leik og hann gerði engin mistök. Fyrsta markið hans var stórfenglegt og hann sýndi enn á ný að hann getur allt og það er hægt að búast við mörkum frá honum hvenær sem er," sagði Sir Alex eftir leikinn. - óój

Ronaldo fékk jólagjöfina snemma

Manchester United minnkaði forskot Arsenal á toppi ensku úrvalsdeildarinnar niður í eitt stig með því að vinna Everton 2-1 á Old Trafford. Ronaldo skoraði bæði mörkin og er orðinn markahæstur í deildinni.

FÓTBOLTI Cristiano Ronaldo tryggði Manchester United dýrmæt þrjú stig með því að skora sigurmarkið gegn Everton úr vítaspyrnu tveimur mínútum fyrir leikslok. United vann 2-1 og er því einu stigi á eftir toppliði Arsenal sem vann einnig nauman sigur á Tottenham í fyrradag.

Ronaldo hafði einnig komið United í 1-0 með stórglæsilegu marki í fyrri hálfleik. Tim Cahill náði að jafna skömmu síðar en Everton hafði fyrir leikinn leikið 13 leiki í röð án þess að tapa. Á síðustu vikum hafði Everton komist í hóp sex efstu liða í deildinni, alla leið í undanúrslit deildarbikarinns og inn í 32 liða úrslit UEFA-bikarsins.

Leikurinn var mjög harður í byrjun og fjögur spjöld fóru á loft á fyrstu fimmtán mínútunum. Everton brotnaði ekki við að lenda undir en það voru þó leikmenn Manchester United sem voru með undirtökin þótt þeim gengi illa að brjóta á bak baráttuglatt lið Everton. Það stefndi því allt í að vörn Everton myndi halda út þegar útsjónarsemi Ryan Giggs gaf dómaranum Howard Webb enga aðra möguleika en að benda á vítapunktinn.

Fyrra mark Ronaldo var stórglæsilegt og alveg í anda þessa snjalla portúgalska kantmanns sem fékk boltann út á hægri kantinn, lék upp að vítateig og nýtti sér sofandahátt í vörn Everton með því að skjóta frábæru vinstri fótar skoti óverjandi í fjærhornið. Vítaspyrnuna nýtti hann líka af miklu öryggi og þessi tvö mörk þýða að hann er komin með sextán mörk á tímabilinu.

Cristiano Ronaldo var líka himinlifandi í leikslok. „Ég er mjög ánægður með að það séu að koma jól en ég held að ég hafi fengið jólagjöfina mína snemma í ár," sagði Ronaldo í léttum tón.

„Mér fannst liðið spila vel í dag en þetta var mjög erfiður leikur. Fyrri hálfleikurinn var ekki nægilega góður en við spiluðum betur í þeim síðari, sköpuðum okkur fleiri færi og áttum skilið að vinna. Þetta er mikilvægur sigur fyrir okkur þar sem að það er nóg af leikjum framundan og því ekki mikill tími til að hvíla sig," sagði Ronaldo eftir leikinn.

Portúgalinn er nú orðinn markahæsti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar og hefur nú skorað 11 deildarmörk í vetur eða einu marki meira en þeir Emmanuel Adebayor hjá Arsenal og Nicolas Anelka hjá Bolton.

„Ég held að það hafi verið rétt að dæma vítið því það greip Steven smá stundarbrjálæði," sagði David Moyes, stjóri Everton, eftir leikinn en hrósaði jafnframt umræddum Steven Pienaar sem hafði lagt upp jöfnunarmark liðsins áður en hann braut á Ryan Giggs innan vítateigs. „Hann var frábær í leiknum og hefur verið frábær síðan að hann kom. Þetta var bara eitt af því sem kemur fyrir. Allir mínir menn gáfu allt sitt til þess að ná einhverju út úr þessum leik og mér fannst við spila vel. Ég er mjög ánægður með mitt lið að ná koma hingað og spila svona vel," sagði Moyes eftir leik.

ooj@frettabladid.is

SEXTÁN MÖRK Cristiano Ronaldo hefur haft nógu að fagna á þessu tímabili. NORDICPHOTOS/AFP

1-0 Cristiano Ronaldo skoraði fyrra markið með glæsilegu skoti á 22. mínútu. Markið skoraði hann með frábæru skoti langt fyrir utan teig. NORDICPHOTOS/AFP

2-1 Cristiano skoraði sigurmarkið af öryggi af vítapunktinum. Hann sendi þá fyrrum félaga sinn Tim Howard í vitlaust horn NORDICPHOTOS/AFP

Mark Viduka bjargaði andliti Newcastle á heimavelli í ensku deildinni í gær:

Joe Cole skoraði sigurmarkið

FÓTBOLTI Chelsea vann góðan 1-0 útisigur á Blackburn í ensku úrvalsdeildinni í gær en Newcastle náði aðeins jafntefli á heimavelli gegn botnliði Derby. Sigurinn þýðir að Chelsea er sex stigum á eftir toppliði Arsenal en þar sem Newcastle klikkaði á þessum skyldusigri er liðið í 10. sæti með aðeins sjö sigurleiki í fyrstu átján leikjum sínum.

Það var Joe Cole sem tryggði Chelsea sigurinn í fyrri hálfleik þar sem leikmenn Chelsea voru fljótir að nýta sér varnarmistök heimamanna í Blackburn.

Chelsea varð fyrir miklu áfalli þegar Peter Cech varð að fara meiddur af velli. Cech lenti þá í samstuði og fékk slæmt högg á mjöðmina. Hilário kom í markið og hélt hreinu þær 26 mínútur sem hann stóð á milli stangnanna. Hann varði meðal annars glæsilega frá Roque Santa Cruz.

CECH MEIDDIST Tékkneski markvörðurinn þurfti að yfirgefa völlinn. NORDICPHOTOS/GETTY

Newcastle var í miklum vandræðum með botnlið Derby sem var aðeins með sex stig eftir fyrstu 17 leiki sína á tímabilinu. Á endanum sluppu lærisveinar Sam Allardyce með 2-2 jafntefli.

Mark Viduka, sem skoraði bæði mörk Newcastle í leiknum, tryggði liðinu jafntefli með marki þremur mínútum fyrir leikslok en þetta var í annað sinn sem hann jafnaði metin í leiknum. Þá stefndi í að Derby næði að leggja Newcastle í annað skiptið á þessu tímabili en Derby vann 1-0 sigur í leik liðanna á Pride Park, sem er eini sigur liðsins til þessa í ensku úrvalsdeildinni í vetur.

„Við klúðruðum ótal færum og ég er mjög óánægður með að við skoruðum aðeins tvö mörk. Það algjörlega okkur að kenna að við unnum ekki því við réðum leiknum algjörlega," sagði Sam Allardyce, stjóri Newcastle eftir leik. - óój

ÚRSLITIN Í GÆR

Enska úrvalsdeildin:

Man. United-Everton	2-1
1-0 Cristiano Ronaldo (22.), 1-1 Tim Cahill (27.), 2-1 Cristiano Ronaldo, víti (88.).	
Newcastle-Derby	2-2
0-1 Giles Barnes (6.), 1-1 Mark Viduka (27.), 1-2 Kenny Miller (52.), 2-2 Mark Viduka (87.).	
Blackburn-Chelsea	0-1
0-1 Joe Cole (21.).	

STAÐAN Í DEILDINNI:

Arsenal	**18**	**13**	**4**	**1**	**36-15**	**43**
Man. United	18	13	3	2	32-9	42
Chelsea	**18**	**11**	**4**	**3**	**25-10**	**37**
Man. City	18	10	4	4	25-20	34
Liverpool	**17**	**9**	**6**	**2**	**31-11**	**33**
Everton	18	9	3	6	32-18	30
Portsmouth	**18**	**8**	**6**	**4**	**29-19**	**30**
Aston Villa	18	8	5	5	29-21	29
Newcastle	**18**	**7**	**5**	**6**	**26-28**	**26**
Blackburn	18	7	5	6	23-25	26
West Ham	**17**	**7**	**4**	**6**	**22-15**	**25**
Reading	18	6	3	9	24-35	21
Tottenham	**18**	**4**	**6**	**8**	**30-31**	**18**
Bolton	18	4	5	9	21-27	17
Middlesbrough	**18**	**4**	**5**	**9**	**17-30**	**17**
Birmingham	18	4	3	11	18-30	15
Fulham	**18**	**2**	**8**	**8**	**19-29**	**14**
Sunderland	18	3	5	10	17-34	14
Wigan	**18**	**3**	**4**	**11**	**18-34**	**13**
Derby	18	1	4	13	8-41	7

MARKAHÆSTIR Í DEILDINNI:

Cristiano Ronaldo, Man. United	**11**
Emmanuel Adebayor, Arsenal	10
Nicolas Anelka, Bolton	**10**
Benjani, Portsmouth	9
Yakubu, Everton	**9**
Robbie Keane, Tottenham	8
Fernando Torres, Liverpool	**8**
Marcus Bent, Wigan	7
Roque Santa Cruz, Blackburn	**7**
Carlos Tévez, Man. United	7

Óskum öllum landsmönnum
gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári!



Topp tíu listinn er klár

Ekki hafa verið færri knattspyrnumenn á topp tíu listanum í kjöri Samtaka íþróttafréttamanna um Íþróttamann ársins í tæpan áratug. Handboltamenn eru fjölmennastir en þrjár konur eru meðal þeirra tíu efstu að þessu sinni.

BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON Birgir Leifur sigraði á öðru stigi úrtökumótanna á Arcos Garden á Spáni og endaði síðan í 11-15. sæti á lokamóti úrtökumótanna sem fram fór á San Roque á Spáni. Með þeim árangri tryggði hann sér þátttökurétt á Evrópumótaröðina á Spáni á næsta ári. Hann náði sínum besta árangri á Opna ítalska mótinu þegar hann lék á 13 höggum undir pari og endaði í 11. sæti. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN Eiður Smári spilar með stórliði Barcelona á Spáni og hefur unnið sér sæti í byrjunarliðinu á ný í lok ársins þrátt fyrir að vera í samkeppni við marga af bestu knattspyrnumönnum heims. Barcelona endaði í 2. sæti spænsku deildarinnar í fyrra og datt út úr átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Eiður Smári sló markamet landsliðsins á árinu þegar hann skoraði tvö mörk gegn Lettum á Laugardalsvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

JÓN ARNÓR STEFÁNSSON Jón Arnór hefur blómstrað hjá ítalska liðinu Lottomatica Roma frá því að hann hóf að leika með því í ársbyrjun. Jón var ekki aðeins í því hlutverki að vera settur bestu leikmönnum andstæðinga sinna til höfuðs heldur hefur hann oftar en ekki verið meðal stigahæstu leikmanna Roma bæði í deildinni heima og í Meistaradeildinni. Jón Arnór hefur skorað 10,5 stig að meðaltali í ítölsku deildinni þar sem liðið er í toppbaráttunni og hefur skorað 10,8 stig í leik það sem af er í Meistaradeildinni. NORDICPHOTOS/AFP

ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS Íþróttamaður ársins fyrir árið 2007 verður útnefndur föstudaginn 28. desember næstkomandi en atkvæði í kjöri Samtaka íþróttafréttamanna hafa verið talin og því liggur ljóst fyrir hvaða tíu íþróttamenn urðu í efstu sætum í kjörinu.

29 félagsmenn eru í Samtökum íþróttafréttamanna og nýttu allir þeirra atkvæðisrétt sinn í kjörinu að þessu sinni. Atkvæðagreiðslan er leynileg og fer þannig fram að hver félagsmaður SÍ setur saman lista með nöfnum tíu íþróttamanna sem honum þykja hafa skarað fram úr á árinu.

Aðeins tveir knattspyrnumenn eru meðal tíu efstu og hafa þeir ekki verið færri síðan í kjörinu fyrir árið 1998. Knattspyrnumaður ársins að mati Leikmannavals KSÍ, Hermann Hreiðarsson, kemst sem dæmi ekki á listann að þessu sinni en Knattspyrnukona ársins, Margrét Lára Viðarsdóttir, og Eiður Smári Guðjohnsen eru meðal tíu bestu íþróttamanns ársins. Bæði voru á listanum í fyrra og er Eiður Smári nú meðal tíu efstu áttunda árið í röð en hann hefur verið meðal tveggja efstu í kjörinu síðustu fjögur ár.

Handboltamenn eru fjölmennastir á listanum en þrír leikmenn íslenska karlalandsliðsins í handbolta komust á listann og þar á meðal er Íþróttamaður ársins 2006, Guðjón Valur Sigurðsson, sem er í þriðja árið í röð á topp tíu. Hinir eru Snorri Steinn Guðjónsson, sem var einnig á listanum 2005, og Ólafur Stefánsson, sem er nú meðal tíu efstu í kjörinu í níunda sinn. Ólafur hefur verið á listanum allar götur frá og með árinu 1997 að 1998 og 2005 undanskildum.

Annar reynslubolti á listanum er Örn Arnarson, sem er nú í hópi tíu efstu í níunda sinn. Örn, sem var kosinn Íþróttamaður ársins 1998, 1999 og 2001, hefur eins og Ólafur verið meðal þeirra tíu efstu frá og með árinu 1997, fyrir utan árin 2004 og 2005.

Golfarinn Birgir Leifur Hafþórsson og körfuboltamaðurinn Jón Arnór Stefánsson eru heldur ekki fyrsta sinn á topp tíu listanum, Birgir Leifur í sjöunda sinn og Jón Arnór í fimmta sinn.

Eini nýliðinn í hópi tíu efstu er sundkonan Ragnheiður Ragnarsdóttir en kynsystur hennar Margrét Lára og badmintonkonan Ragna Ingólfsdóttir komast báðar á topp tíu listann annað árið í röð.

Kjörinu verður lýst á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 28. desember klukkan 19.35 og eins og undanfarin ár verður það sent út í sameiginlegri beinni útsendingu á RÚV og Sýn.

Áður en kjöri íþróttamanns ársins verður lýst mun ÍSÍ afhenda viðurkenningar til þeirra íþróttakarla og -kvenna hjá sérsambönd-um sínum sem þótt hafa skarað fram úr á árinu 2007.

Þetta verður í þrettánda sinn sem Samtök íþróttafréttamanna og ÍSÍ standa að sameiginlegri hátíð sem nær hápunkti þegar Íþróttamaður ársins 2007 verður útnefndur.

ooj@frettabladid.is

FYRSTUR Guðjón Valur Sigurðsson varð fyrstur Íþróttamanna ársins til þess að lyfta nýja bikarnum í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TOPP TÍU LISTINN Í STAFRÓFSRÖÐ:

Birgir Leifur Hafþórsson	kylfingur úr GKG
Eiður Smári Guðjohnsen	knattspyrnumaður hjá Barcelona
Guðjón Valur Sigurðsson	handboltam. hjá Gummersbach
Jón Arnór Stefánsson	körfuboltam. hjá Lottomatica Roma
Margrét Lára Viðarsdóttir	knattspyrnukona hjá Val
Ólafur Stefánsson	handboltamaður hjá Ciudad Real
Ragna Ingólfsdóttir	badmintonkona úr TBR
Ragnheiður Ragnarsdóttir	sundkona úr KR
Snorri Steinn Guðjónsson	handboltam. úr GOG
Örn Arnarson	sundmaður úr SH

OFTAST INN Á TOPP 10 LISTA Í SÖGU ÍÞRÓTTAMANNS ÁRSINS 1956-2007:

Guðmundur Gíslason, sund	15 sinnum
Bjarni Friðriksson, júdó	12
Valbjörn Þorláksson, frjálsar íþróttir	11
Geir Hallsteinsson, handbolti	10
Einar Vilhjálmsson, frjálsar íþróttir	10
Ásgeir Sigurvinsson, knattspyrna	10
Kristján Arason, handbolti	10
Hreinn Halldórsson, frjálsar íþróttir	9
Ólafur Stefánsson, handbolti	9
Örn Arnarson, sund	9
Eiður Smári Guðjohnsen, knattspyrna	8
Þorsteinn Hallgrímsson, körfubolti	8
Jón Arnar Magnússon, frjálsar íþróttir	8
Vilhjálmur Einarsson, frjálsar íþróttir	7
Birgir Leifur Hafþórsson, golf	7
Arnór Guðjohnsen, knattspyrna	7
Jón Þór Ólafsson, frjálsar íþróttir	7

ÍÞRÓTTAMENN ÁRSINS SÍÐUSTU TVO ÁRATUGI

1987	Arnór Guðjohnsen, fótbolti
1988	Einar Vilhjálmsson, frjálsar
1989	Alfreð Gíslason, handbolti
1990	Bjarni Friðriksson, júdó
1991	Ragnheiður Runólfsdóttir, sund
1992	Sigurður Einarsson, frjálsar
1993	Sigurbjörn Bárðarson, hestar
1994	Magnús Scheving, þolfimi
1995	Jón Arnar Magnússon, frjálsar
1996	Jón Arnar Magnússon, frjálsar
1997	Geir Sveinsson, handbolti
1998	Örn Arnarson, sund
1999	Örn Arnarson, sund
2000	Vala Flosadóttir, frjálsar Íþróttir
2001	Örn Arnarson, sund
2002	Ólafur Stefánsson, handbolti
2003	Ólafur Stefánsson, handbolti
2004	Eiður S. Guðjohnsen, fótbolti
2005	Eiður S. Guðjohnsen, fótbolti
2006	Guðjón V. Sigurðss., handbolti

RAGNHEIÐUR RAGNARSDÓTTIR Ragnheiður var valin sundkona ársins og er fyrsti íslenski sundmaðurinn sem tryggir sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum á næsta ári en hún er komin inn í bæði 50 og 100 metra skriðsundi eftir að hafa sett fjölda Íslandsmeta í þessum greinum. Ragnheiður setti nýtt Íslandsmet og varð í 20. sæti í 100 metra skriðsundi á HM í sundi í Melbourne í mars. Hún endaði í 34. sæti í 50 metra skriðsundi á sama móti. Hún endaði í 15. sæti í undanúrslitum í 50 metra skriðsundi og var einungis nokkrum hundraðshlutum sekúndu frá því að komast í undanúrslit í 100 metra fjórsundi á EM í 25 metra laug. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON Snorri Steinn var lykilmaður landsliðsins sem varð í 8. sæti á HM í Þýskalandi og var annar markahæsti landsliðsmaðurinn á árinu. Snorri skoraði 53 mörk á HM þar af fimmtán þeirra í ótrúlegum leiki þegar Ísland tapaði fyrir Danmörku í tvíframlengdum leik í átta liða úrslitum. Byrjaði árið með Minden í Þýskalandi en flutti sig yfir til danska stórliðsins GOG Gudme. Hann er talinn í hópi þriggja bestu kaupa ársins í danska boltanum á þessu keppnistímabili. Snorri Steinn var valinn í heimsliðið í byrjun desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON Guðjón Valur varð markakóngur HM í handbolta, fyrstur Íslendinga, þegar hann skoraði 66 mörk í 10 leikjum á HM í Þýskalandi. Íslenska landsliðið endaði í 8. sæti í keppninni. Var í lykilhlutverki með þýska liðinu Gummersbach sem endaði í 4. sæti Bundesligunnar og komst í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar. Hann var annar markahæsti leikmaður Bundesligunnar og var jafnframt sá leikmaður sem skoraði flest mörk utan af velli ef vítaköst eru dregin frá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR Margrét Lára hefur farið mikinn með Val og íslenska landsliðinu á árinu. Hún bætti markamet sitt í Landsbankadeildinni með því að skora 38 mörk í 16 leikjum og skoraði alls 69 mörk með valsliðinu á árinu. Margrét Lára skoraði 8 mörk í 6 leikjum í Evrópukeppninni þar sem Valsliðið vantaði aðeins eitt stig til þess að komast í átta liða úrslit. Margrét Lára bætti markamet landsliðsins og skoraði 8 mörk í 9 A-landsleikjum á árinu. Hún skoraði í öllum fjórum leikjum íslenska landsliðsins í undankeppni EM, þar á meðal sigurmarkið gegn Frakklandi sem er sjöunda besta landslið heims. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÓLAFUR STEFÁNSSON Ólafur var í lykilhlutverki þegar lið hans Ciudad Real tryggði sér spænska meistaratitilinn og endaði í 3. til 4. sæti í Meistaradeild Evrópu. Ólafur var fyrirliði íslenska landsliðsins sem var í 8. sæti HM í Þýskalandi í byrjun ársins og var þriðji markahæsti leikmaður liðsins á árinu. Ólafur hefur leikið frábærlega með Ciudad í vetur en liðið er á toppi spænsku deildarinnar og hefur unnið alla leiki sína í Meistaradeildinni til þessa. Ólafur var valinn í heimsliðið í byrjun desember. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

RAGNA INGÓLFSDÓTTIR Ragna vann tvö alþjóðleg mót á árinu og komst fjórum sinnum í úrslitaleik. Hún vann tvö gull, í einliða og tvíliðaleik á Iceland Express mótinu sem fram fór í nóvember. Ragna varð Íslandsmeistari kvenna fimmta árið í röð og vann þrefaldan sigur á Íslandsmótinu en hún er sjötta konan í sögu badmintoníþróttarinnar á Íslandi sem nær þeim árangri. Hún var í lykilhlutverki með íslenska landsliðinu þegar það vann Evrópukeppni B-þjóða í Laugardalshöllinni í janúar. Hún sigraði þá alla einliðaleiki sína á mótinu og alla tvíliðaleiki nema einn. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

ÖRN ARNARSON Örn var valinn sundmaður ársins en hann komst í tvö úrslitasund á Evrópumótinu í stuttri laug í Debrecen í desember. Hann varð í fimmta sæti í 100m baksundi með því að synda á 51,96 sekúndum sem er 22/100 frá Íslands- og Norðurlandameti hans. Örn þríbætti hins vegar Íslands- og Norðurlandametið í 50 m baksundi og náði á endanum 6. sæti í úrslitasundinu. Örn setti einnig Íslandsmet í 100 metra flugsundi á mótinu og komst í undanúrslit í 100 metra skriðsundi. Hann varð í 15. sæti í undanúrslitum í 50 metra flugsundi á HM í sundi í Melbourne og endaði í 24. sæti í 100 metra flugsundi á sama móti. Örn setti Íslandsmet í 50 metra flugsundi á mótinu í Melbourne. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stöð 2 óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla

JÓLASVEPPI GERIR BIÐINA BÆRILEGRI

Í dag kl.12:20

skemmtilegri

SPARISJÓÐURINN

EKKERT GENGUR Liðsmenn Inter klöppuðu fyrir AC Milan í upphafi leiks en tóku síðan öll stigin. NORDICPHOTOS/AFP

Stórleikur ítalska fótboltans:

Inter vann nágrannaslaginn

FÓTBOLTI Inter Milan náði sjö stiga forskoti í ítölsku deildinni með því að vinna nágranna sína í AC Milan 2-1 í gær. Inter er með 43 stig en næst koma lið Roma með 36 stig og Juventus með stigi minna.

Það dugði ekki Evrópumeisturunum að Andrea Pirlo kom þeim yfir eftir 15 mínútur því Argentínumennirnir Julio Cruz og Esteban Cambiasso tryggðu Inter sigur. Inter er enn ósigrað í deildinni í vetur og vann þarna sinn sjötta deildarleik í röð.

Tapið hjá AC Milan þýðir það hins vegar að liðið á enn eftir að vinna ítalskt lið á heimavelli sínum á tímabilinu og er nú 25 stigum á eftir nágrönnum sínum. AC Milan á reyndar þrjá leiki inni á Inter og möguleikarnir á ítalska meistaratitlinum eru orðnir afar litlir. **- óój**

Sænska fótboltadeildin:

Pálmar tekur við Djurgården

FÓTBOLTI Hornfirðingurinn Pálmar Hreinsson er tekinn við sem aðal styrktar- og þolþjálfari sænska liðsins Djurgården en hann hefur verið í þjálfarateymi liðsins undanfarið ár.

Pálmar tekur við stöðu Ola Johansson en þjálfari Djurgården er Íslendingurinn Sigurður Jónsson og gerði hann frábæra og óvænta hluti með liðið á síðasta tímbili. **- óój**

TVÖ MÖRK Ólafur Stefánsson skoraði tvö mörk í úrslitaleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ciudad deildarbikarmeistari:

Vann fimmta árið í röð

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson og félagar hans í Ciudad Real unnu spænska deildarbikarinn fimmta árið í röð í gær þegar liðið vann 25-23 sigur á Asemar Leon í úrslitaleik.

Ólafur skoraði 2 mörk í leiknum, bæði með langskotum, en hann misnotaði aftur á móti bæði vítaköstin sín. Þeir Siarheir Rutenka og Alberto Enterrios voru markahæstir í liðinu með 6 mörk hvor en Ciudad lét Danijel Saric verja fjögur af sex vítaköstum liðsins í leiknum.

Ólafur átti mjög góðan leik og skoraði sex mörk úr átta skotum þegar Ciudad Real vann heimamenn í Valladolid 34-28 í undanúrslitaleiknum á laugardagskvöldið.

Rutenka var maður helgarinnar en hann skoraði 16 mörk úr aðeins 21 skoti í leikjunum tveimur. Ciudad Real hafði unnið Portland San Antonio í þremur síðustu úrslitaleikjum en fyrsta árið vann liðið Barcelona. **- óój**

Real Madrid að stinga Barcelona af

Eiður Smári Guðjohnsen var settur út úr liði Barcelona fyrir El clásico í gærkvöldi og þurfti að horfa upp á sína menn tapa 0-1 á heimavelli og lenda sjö stigum á eftir erkifjendum sínum í Real Madrid.

FÓTBOLTI Real Madrid vann 1-0 sigur á Barcelona á Nou Camp í risaleik spænska boltans í gærkvöldi. Það var Brasilíumaðurinn Julio Baptista sem skoraði eina mark leiksins tíu mínútum fyrir hálfleik.

Þetta var aðeins annar sigur Real Madrid í 25 leikjum á Nou Camp en Barcelona hafði unnið 16 af 24 leikjum liðanna á vellinum fyrir leikinn í gær. Real Madrid er komið í frábær mál í baráttu sinni fyrir því að verja spænska meistaratitilinn því eftir leikinn í gær er liðið komið með sjö stiga forskot á Barcelona.

Enginn Eiður Smári

Það má segja að það hafi farið smá sjarmi af El clásico fyrir íslenska knattspyrnuáhugamenn þegar það kom í ljós að Frank Rijkaard hafði ákveðið að breyta liði Barcelona sem lék svo vel í 3-0 sigri á Valencia um síðustu helgi. Sú breyting hollenska þjálfarans gekk alls ekki upp og meistaradraumar liðsins urðu nánast að engu með þessu tapi því með því náði Madrídarliðið sjö stiga forskoti á toppi spænsku deildarinnar.

Eiður Smári Guðjohnsen þurfti sem sagt að sætta sig við það að setjast á bekkinn og þeir Ronaldinho og Deco voru báðir komnir inn í byrjunarliðið. Eiður settist því á varamannabekkinn við hlið manna eins og Gianluca Zambrotta, Thierry Henry og Lilian Thuram. Þar voru líka ungstirnin Giovani og Bojan sem skorti kannski að mati Rijkaard reynslu fyrir leiki sem þennan. Rijkaard valdi hins vegar að senda þá Giovani og Bojan inn á völlinn í seinni hálfleik og okkar maður sat því á bekknum allan leikinn.

Dómari leiksins, Mejuto González, var ekkert að gefa leikmönnum Barcelona mikið af ódýrum aukaspyrnum í þessum leik og skipti þar engu máli þótt risastjörnur liðsins engdust um af að því er virtist ímynduðum sársauka. Í nokkur skipti höfðu leikmenn Barcelona þó eitthvað til síns máls.

Barcelona var mun sterkari aðilinn framan af leik og leikmenn Real Madrid gátu þakkað fyrir það að lenda ekki undir á fyrsta hálftíma leiksins. Fyrst bjargaði Casillas boltanum af tánum á bæði Samuel Eto'o og Deco í sömu sókninni og síðan varði hann frábærlega frá Ronaldinho í dauðafæri beint fyrir fram markið.

Það voru hins vegar leikmenn Real Madrid sem skoruðu fyrsta markið og það mark var ekki af lakari gerðinni. Julio Baptista og Ruud van Nistelrooy spiluðu hálofta þríhyrningaspil í gegnum vörn Börsunga og Baptista afgreiddi boltann síðan viðstöðulaust upp í fjærhornið rétt innan vítateigs.

Liðsheild Real Madrid var sterk í þessum leik en einstaklingsframtakið var oftast í fyrirrúmi hjá heimamönnum í Barcelona. Þeir reyndu að sækja á þéttskipaða vörn Real Madrid í seinni hálfleik en lítið gekk. Það skipti engu þótt Rijkaard setti þá Giovani og Bojan inn á til þess að reyna að lífga upp á leik liðsins. Niðurstaðan er mikið áfall fyrir hollenska þjálfarann, sem ákveður að breyta sigurliði og stendur uppi bæði stiga- og markalaus.

Leikurinn er líka tvöföld vonbrigði fyrir okkar mann sem gerði sér miklar vonir um að fá að byrja leikinn. Eitthvað segir manni þó að í næsta leik, sem verður gegn CD Alcoyano í bikarnum 2. janúar, verði Eiður Smári Guðjohnsen aftur kominn inn í byrjunarlið Barcelona.

ooj@frettabladid.is

STÓR MISTÖK? Frank Rijkaard tók Eið Smára Guðjohnsen út úr byrjunarliðinu og stóð uppi marka- og stigalaus. NORDICPHOTOS/AFP

FRÁBÆRT ÚTHLAUP Iker Casillas bjargaði Real Madrid með vel tímasettu úthlaupi í fyrri hálfleik. NORDICPHOTOS/AFP

FRÁBÆRT MARK Julio Baptista fagnar sigurmarki sínu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

KVARTAÐ OG KVEINAÐ Ronaldinho stóð sig best í að biðla til dómarans þegar hann vildi ítrekað fá vítaspyrnu dæmda. NORDICPHOTOS/AFP

Grindavíkurliðið er komið á skrið í Iceland Express-deild kvenna og hefur unnið sex deildarleiki í röð:

Frábær desembermánuður hjá Tiffany

KÖRFUBOLTI Tiffany Roberson, miðherji Grindavíkurliðsins í Iceland Express-deild kvenna, á mikinn þátt í að lið hennar er búið að vinna sex leiki í röð í deildinni.

Roberson hefur skorað 27,7 stig og tekið 17,7 fráköst í leik í sigurgöngunni en það er frammistaða hennar í þremur leikjum gegn aðalkeppinautum liðsins í desember sem gerir Grindavíkurliðið að líklegum meistaraefnum í deildinni. Roberson átti stórleiki í öllum þremur leikjum mánaðarins en sá besti hjá henni var þegar Grindavík vann KR, 86-84.

Þetta var í annað skiptið í röð sem Grindavík stöðvar langa sigurgöngu og vinnur topplið deildarinnar á heimavelli sínum í jólamánuðinum en Roberson var með 30 stig og 20 fráköst í 92-90 sigri á Keflavík 1. desember. Keflavíkurliðið var þá á toppnum líkt og KR fyrir leikinn á miðvikudagskvöldið og hafði auk þess unnið átta fyrstu leiki sína á tímabilinu. KR hafði unnið sex leiki í röð þegar það mætti í Röstina en réð engan veginn við Roberson sem var með 39 stig, 26 fráköst og 5 stoðsendingar í leiknum og fékk 61 stig í framlagseinkunn fyrir leikinn.

Roberson hefur hækkað stigaskor, fráköst og framlagt sitt í hverjum mánuði tímabilsins til þessa eins og sjá má í töflu sem fylgir greininni. Hún hefur farið frá því að vera með 21 stig og 17,5 fráköst í október í að vera með 33,7 stig og 18,3 fráköst að meðaltali í jólamánuðinum. Roberson var með 29,0 í framlagi í fyrsta mánuði sínum hér á landi en var komin upp í 44,0 í framlagi fyrir desember.

Það má leiða líkur að því að Tiffany sé nú fyrst að komast í sitt besta leikform sem sést ekki síst á spilatíma hennar. Hún hefur farið úr því að spila 33,3 mínútur í leik í október í það að spila 41,0 mínútur að meðaltali í leik í desember en Grindavík lenti þá í framlengingu í einum leik sinna.

Nú hljóta Grindvíkingar bara að vona að hún tapi ekki miklu af forminu í veisluhöldum fjölskyldunnar í Bandaríkjunum yfir hátíðarnar. **- óój**

RÆÐUR ENGIN VIÐ HANA? Tiffany náði tveimur leikjum í desember þar sem hún skoraði yfir 30 stig og tók jafnframt 20 fráköst eða fleiri. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

TÖLFRÆÐI TIFFANY EFTIR MÁNUÐUM Í VETUR:

Framlag í leik	
Október	29,0
Nóvember	32,2
Desember	44,0
Stig í leik	
Október	21,0
Nóvember	24,2
Desember	33,7
Fráköst í leik	
Október	17,5
Nóvember	18,0
Desember	18,3
Nýting (Skot utan af velli - víti)	
Október	51,6% - 70,8%
Nóvember	44,9% - 71,4%
Desember	55,9% - 82,1%

vodafone Iceland Express 1011 vördur

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

EKKERT JÓLAFRÍ YFIR HÁTÍÐARNAR

NÝÁRSDAGUR

ARSENAL – WEST HAM

BOLTINN

Man. Utd. – Everton
Newcastle – Derby
Blackburn – Chelsea

West Ham – Reading
Sunderland – Man. Utd.
Portsmouth – Arsenal
Derby – Liverpool
Chelsea – Aston Villa
Tottenham – Fulham
Everton – Bolton

FIMMTUDAGUR 27. DESEMBER

Man. City – Blackburn

LAUGARDAGUR 29. DESEMBER

West Ham – Man. Utd.
Everton – Arsenal
Chelsea – Newcastle
Tottenham – Reading
Sunderland – Bolton
Portsmouth – Middlesbrough

SUNNUDAGUR 30. DESEMBER

Derby – Blackburn
Man. City – Liverpool

MÁNUDAGUR 1. JANÚAR

Fulham – Chelsea
Arsenal – West Ham
Aston Villa – Tottenham
Man. Utd. – Birmingham
Middlesbrough – Everton
Reading – Portsmouth

MIÐVIKUDAGUR 3. JANÚAR

Liverpool – Wigan
Newcastle – Man. City
Bolton – Derby
Blackburn – Sunderland

4 4 2 MEÐ GUÐNA BERGS

Guðni Bergsson og Heimir Karlsson standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum.

FRÁBÆRT BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!
TVÆR STÖÐVAR AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS 6.790 KR. Á MÁNUÐI Í JANÚAR OG FEBRÚAR.
sýn sjarmi fjölvarp
MasterCard

sýn
enski boltinn

dagskrá

> Bill Murray

„Kvikmyndaleikur hentar mér vel því ég þarf eingöngu að vera góður í níutíu sekúndur í einu.“ Bill Murray er svo sannarlega með munninn fyrir neðan nefið en hann leikur í Ghostbusters sem Skjár einn sýnir í dag.

HVAR ER JÓNAS?

SJÓNVARPIÐ KL. 19.25

Vart hefur farið framhjá nokkrum landsmanni að í nóvember í ár hafa verið ýmis hátíðahöld í tilefni af því að hinn 16. nóvember voru 200 ár liðin frá fæðingu þjóðskáldsins góða Jónasar Hallgrímssonar. Margt hefur verið gert til að minna landsmenn á þessi tímamót og hver Jónas var – en ekki er allt búið enn því gerð hefur verið leikin heimildarmynd um skáldið, náttúrufræðinginn og Fjölnismanninn sem ber heitið Hver var Jónas? Þessa mynd fá landsmenn að sjá í Sjónvarpinu í kvöld.

Valdimar Leifsson kvikmyndagerðarmaður gerði myndina og hefur hann unnið að henni undanfarin 3 ár þó að þunginn af vinnunni hafi átt sér stað í sumar. Í myndinni er leitast við, á lifandi og léttan hátt, að varpa ljósi á hinar mörgu hliðar Jónasar og því sem hann áorkaði á sinni skömmu ævi – ekki síst er leitast við að varpa ljósi á þann mann sem Jónas hafði að geyma. Atriði eru þá tekin upp á raunverulegum stöðum í Kaupmannahöfn og í stúdíói og þau síðan sett saman í tölvu.

Tónlistin skipar veglegan sess í myndinni en hún er samin sérstaklega fyrir myndina af Guðna Franzsyni tónlistarmanni. Meðal annars syngja hann og Eivør Pálsdóttir nýtt lag hans við ljóðlínurnar þekktu „Ég bið að heilsa“ – og svo er það bara þjóðarinnar að dæma hvort það sé að minnsta kosti ekki jafngott og það „gamla“.

HRAUN Í ÖXNADAL

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunsjónvarp barnanna Bubbi byggir, Magga og furðudýrið, Trillurnar, Pósturinn Páll: Töfrajól, Kóala bræður, Latibær og Ofurþjarkinn og apahersveitin

10.55 Ferðalag keisaramörgæsanna

12.20 Systkini í skíðaferð

13.45 Jólamamma

15.15 Balletthátíð í Prag

16.50 Renée Fleming syngur helgisöngva

17.50 Táknmálsfréttir

18.00 Jólaball Stundarinnar okkar Stígur og Snæfríður skemmta börnunum ásamt hljómsveit og hressum jólasveini.

18.30 Skoppa og Skrítla í Tógó (1:2)

19.00 Fréttir

19.20 Veður

19.25 Hver var Jónas? Ný leikin heimildarmynd um skáldið, náttúrufræðinginn og Fjölnismanninn Jónas Hallgrímsson eftir Valdimar Leifsson.

20.45 Jólahátíð (Noel) Bandarísk bíómynd frá 2004 um fimm New York-búa sem hittast á aðfangadagskvöld og vonast eftir kraftaverki.

22.20 Hroki og hleypidómar (Pride and Prejudice) Bresk bíómynd frá 2005 byggð á sögu eftir Jane Austen. Meðal leikenda eru Keira Knightley, Talulah Riley, Rosamund Pike, Jena Malone, Carey Mulligan, Donald Sutherland, Brenda Blethyn, Simon Woods og Matthew Macfadyen.

00.25 Ungfrúin góða og húsið

02.00 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Tristan + Isolde

08.05 Looney Tunes: Back in Action

10.00 Mrs. Doubtfire

12.00 Pokémon 5

14.00 Looney Tunes: Back in Action

16.00 Mrs. Doubtfire

18.00 Pokémon 5

20.00 Tristan + Isolde

22.05 Mr. and Mrs. Smith Gamansöm glæpamynd með stórleikurunum og parinu Brad Pitt og Angelinu Jolie í aðalhlutverkum.

00.00 And Starring Pancho Villa as Himself

02.00 Mrs. Harris

04.00 Mr. and Mrs. Smith

STÖÐ 2

07.00 Land Before Time XII: Day of the Flyers

08.25 Ný skammarstrik Emils

10.00 Jólaævintýri Scooby Doo

10.35 Svampur Sveinsson - Bíómyndin

12.00 Hádegisfréttir

12.20 Grallarajól (Daffy Duck´s Thanks-For-Giving Special)

12.45 Miracle On 34th Street Sannkölluð jólamynd í gamansömum dúr um jólasvein sem þykist vera hinn eini sanni jólasveinn. Myndin, sem vann þrenn Óskarsverðlaun, fær þrjár og hálfa stjörnu hjá Maltin. Aðalhlutverk: Natalie Wood, John Payne, Maureen O´Hara, Edmund Gwenn. Leikstjóri: George Seaton. 1947.

14.20 Logi í beinni

15.20 Snow Hugljúf og góð jólamynd fyrir alla fjölskylduna.

16.50 Christmas With The Kranks

18.30 Fréttir

18.50 Garðar Thor Cortes og gestir Einstakir hátíðartónleikar Garðars Thórs Cortes sem haldnir voru í Háskólabíói í desemberbyrjun.

19.40 Charlie and the Chocolate Factory Bráðskemmtileg fjölskyldumynd með Johnny Depp sem byggð er á frægri barnabók eftir Roald Dahl. Kalli litli hefur dettur í lukkupottinn þegar hann kaupir sér súkkulaðistykki og finnur einn af hinum eftirsóttu gullmiðunum. Verðlaunin eru heimsókn í glæsilegustu sælgætisgerð í heiminum, hina ótrúlegu sælgætisgerð Villa Wonka, þar sem allt getur gerst. Aðalhlutverk: Johnny Depp. Leikstjóri: Tim Burton. 2005. Leyfð öllum aldurshópum.

21.35 The Da Vinci Code Kvikmyndagerð vinsælustu spennusögu síðari ára Da Vinci-lykilsins. Óskarsverðlaunaleikarinn Tom Hanks leikur dulmálsfræðinginn Robert Langdon sem tekur að sér að rannsaka dularfullt morð á safnverði á Louvre-safninu, morðgáta sem reynist svo tengjast fornri leynireglu, leitinni að hinum heilaga gral og leyndardómnum á bak við Maríu Magdalenu. Aðalhlutverk: Tom Hanks, Jean Reno, Ian McKellen, Audrey Tautou. Leikstjóri: Ron Howard. 2006. Bönnuð börnum.

00.00 Bridget Jones 2: Mörk skynseminnar

01.45 The Terminal

03.50 Miracle On 34th Street

05.25 Garðar Thor Cortes og gestir

06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

08.50 Sterkasti maður í heimi 1982

09.50 KF Nörd (15:15)

10.45 Hefnd nördanna (KF Nörd - FC Z)

11.40 2006 Fifa World Cup Offical Film

13.10 Inside Sport

13.40 Cristiano Ronaldo Glæsilegur heimildarþáttur um einn besta knattspyrnumann heims í dag.

14.30 Michael Jordan Celebrity Invitational Þáttur þar sem fjallað er um boðsmót Michael Jordan í golfi en þar mæta frægir íþróttamenn og leikarar til leiks í skemmtilegri keppni.

16.00 HM háspunktar: 20 eftirminnilegustu atvikin

16.55 Spænski boltinn Útsending frá leik Sevilla og Racing í spænska boltanum.

18.40 Merrill Lynch Shootout Einstaklega skemmtilegt mót þar sem margir af fremstu kylfingum heims mæta til leiks.

21.20 Tiger in the Park

22.15 Bardaginn mikli (Mike Tyson - Lennox Lewis)

23.10 Alí´s 65th

00.00 Presidents Cup 2007 Þáttur þar sem fjallað er um Forsetabikarinn 2007.

SÝN 2

09.15 1001 Goals Bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar skoðuð.

10.10 1001 Goals

11.05 Reading - Sunderland (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Reading og Sunderland sem fram fór laugardaginn 22. desember.

12.45 Premier League World

13.15 Arsenal - Tottenham (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Arsenal og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 22. desember.

14.55 Liverpool - Portsmouth

16.35 4 4 2

18.00 Man. Utd. - Everton (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Man. Utd og Everton sem fram fór sunnudaginn 23. desember.

19.40 Newcastle - Derby (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Newcastle og Derby sem fram fór sunnudaginn 23. desember.

21.20 Blackburn - Chelsea (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Blackburn og Chelsea.

SKJÁREINN

10.25 Vörutorg

11.25 Dr. Phil (e)

12.15 Goshtbusters Frábær gamanmynd frá 1984 um þrjá vísindamenn sem taka höndum saman og gerast Draugabanar í New York.

14.00 A Diva´s Christmas Carol Skemmtileg jólamynd sem byggð er á frægri sögu eftir Charles Dickens.

16.05 The Miracle of the Cards Hugljúf mynd sem byggð er á sannri sögu um átta ára dreng sem greinist með krabbamein. 17.35 Boot Camp Hel Weekend, fyrri hluti (e) Fyrri hluti skemmtilegs þáttar þar sem fylgst er með íslenskum hetjum ganga í gegnum erfiðustu æfingar bandaríska hersins.

18.30 The Drew Carey Show (e)

19.00 Charmed (e)

20.00 Land og synir: Lífið er yndislegt 1997-2007 Upptaka frá ógleymanlegum tónleikum sem hljómsveitin Land og synir hélt í Íslensku óperunni fyrir skömmu í tilefni af 10 ára afmæli sveitarinnar. Á efnisskránni voru lög sem spanna feril sveitarinnar síðastliðinn áratug og sum þeirra gædd nýju lífi.

21.00 Everest(1:2) Fyrri hluti spennandi framhaldsmyndar í tveimur hlutum. Myndin er byggð á sannri sögu um hóp ungra fjallgöngugarpa sem freista þess að komast á tind Everest. Á leiðinni á tindinn komast þeir að því að það eru ekki bara náttúruöflin sem þeir þurfa að berjast við heldur eru einnig innbyrðiserjur sem gætu reynst þeim hættulegar.

22.30 The Drew Carey Show

22.55 Drive Gamansöm spennumynd frá árinu 1997.

00.40 NÁTTHRAFNAR

00.40 C.S.I. Miami

01.30 Ripley's Believe it or not!

02.15 Trailer Park Boys

02.40 Vörutorg

03.40 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SIRKUS

16.00 Hollyoaks

16.30 Hollyoaks

17.00 The George Lopez Show (22:22)

17.30 Johnny Zero (8:13) Hörkuspennandi þáttur um fyrrum fanga sem er fastur á milli tveggja heima þegar bæði lögreglan og glæpagengið úr hverfinu reyna að fá hann til liðs við sig. 2004. Bönnuð börnum.

18.15 Ren & Stimpy

18.35 Ren & Stimpy

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

20.00 The George Lopez Show (22:22)

20.30 Johnny Zero (8:13)

21.15 Ren & Stimpy

21.40 Ren & Stimpy

22.00 Planet of the Apes (Apaplánetan) Stórbrotin ævintýra- og hasarmynd. Velkomin til ársins 2029. Geimfarinn Leo Davidson er í hefðbundinni vettvangskönnun þegar hann lendir skyndilega á óþekktri plánetu. Þar ráða ríkjum talandi apar en mannfólkið hefur verið hneppt í þrældóm. Mennirnir una hag sínum illa og ljóst að uppreisn verður ekki umflúin. Aðalhlutverk: Mark Wahlberg, Tim Roth, Helena Bonham Carter, Michael Clarke Duncan. Leikstjóri. Tim Burton. 2001. Bönnuð börnum.

00.00 Jól hjá Janice Dickinson

00.45 E-Ring (21:22)

01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Nútímafólk Ágúst Guðmundsson, leikstjóri og forseti Bandalags íslenskra Listamanna, sest hjá Randveri Þorlákssyni

20.30 Nútímafólk Leikarahjónin Brynhildur Guðjónsdóttir og Atli Rafn Sigurðsson heimsækja Randver Þorláksson.

21.00 Nútímafólk Sveinn Einarsson og Randver Þorláksson spjalla saman um íslenskt leikhús fyrr og nú.

21.30 Nútímafólk Þorvaldur Þorsteinsson, myndlistarmaður og rithöfundur, er spjallgestur kvöldsins hjá Randver Þorlákssyni.

> Jim Carrey

Þrátt fyrir oft stórbrotinn í leik í nokkrum myndum hefur Jim Carrey aldrei hlotið tilnefningu til óskarsverðlaunanna. Hann er hins vegar sá leikari sem oftast hefur unnið til verðlauna á kvikmyndahátíð MTV-tónlistarsjónvarpsstöðvarinnar eða alls níu sinnum. Carrey leikur í myndinni Fun With Dick and Jane sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.

dagskrá

annan í jólum – 26. desember

SHREK Í JÓLASKAPI

STÖÐ 2 KL. 19.00 OG 19.25

Stöð 2 frumsýnir glænýja jólamynd með Shrek og félögum. Myndin hefur hvergi verið sýnd áður, fór ekki í bíó og hefur ekki verið gefin út á DVD. Myndin verður sýnd tvisvar í röð; fyrst með íslensku tali, þar sem stórleikarar á borð við Hjálmar Hjálmarsson og Laddi ljá Skrekk og Asna raddir sínar, og svo strax á eftir í upprunalegu útgáfunni, þar sem Mike Myers, Eddie Murphy, Cameron Diaz og Antonio Banderas fara mikinn. Myndin var sérstaklega talsett fyrir Stöð 2.

Það koma jól eins og alls staðar annars staður í fenjunum þar sem Skrekkur, Fíóna og börnin búa í í friði og spekt. En ef Skrekkur hélt að hann myndi eiga náðug jól, þá hafði hann hróplega rangt fyrir sér því Asni og Stígvélaði kötturinn eru á leið í heimsókn. Þessi einstaka jólamynd með Shrek var frumsýnd í Bandaríkjunum fyrr í desember og fékk metáhorf.

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunsjónvarp barnanna Bubbi byggir, Sammi brunavörður, Magga og furðudýrið, Trillurnar, Geirharður boijng boijng og Gæludýr úr geimnum

09.55 Leitin að Nemó (Finding Nemo)

11.35 Hver röndóttur! (Racing Stripes)

13.20 Fílasaga

14.35 Jólaævintýri Prúðuleikaranna

16.00 Í grænum lundi

17.35 Þefari (Sniffer)

17.50 Táknmálsfréttir

18.00 Disneystundin Herkúles, Sígildar teiknimyndir og Fínni kostur

18.54 Víkingalottó

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Þetta er ekkert mál Heimildarmynd um kraftakarlinn Jón Pál Sigmarsson sem lést árið 1993.

21.20 Bræðrabylta Myndin fjallar um tvo samkynhneigða glímumenn og ástarsamband þeirra.

21.45 Börn Bíómynd eftir Vesturport og Ragnar Bragason sem leikstýrir. Meðal leikenda eru Nína Dögg Filipusdóttir, Ólafur Darri Ólafsson og Gísli Örn Garðarsson. Tónlistina samdi Pétur Ben. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

23.20 Íslenski draumurinn

00.55 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Fun With Dick and Jane

08.00 Seven Years in Tibet

10.15 Bewitched

12.00 In Good Company

14.00 Seven Years in Tibet

16.15 Bewitched

18.00 In Good Company

20.00 Fun With Dick and Jane Sprenghlægileg gamanmynd með Jim Carrey og Téu Leoni í aðalhlutverkum.

22.00 Mississippi Burning

00.05 Touching the Void

02.00 Footsteps

04.00 Mississippi Burning

STÖÐ 2

07.00 Clifford´s Really Big Movie

08.15 Algjör Jóla-Sveppi

09.15 Refurinn Pablo

09.25 Kalli kanína og félagar

09.35 Kalli kanína og félagar

09.40 Könnuðurinn Dóra

10.05 Pocoyo

10.15 Rasmus fer á flakk

12.00 Hádegisfréttir

12.25 Elf (Álfur)

14.00 The Sound of Music (Tónaflóð) Heimsfræg söngvamynd sem sópaði að sér verðlaunum, m.a. fimm Óskurum. Nunnan María ræðst sem barnfóstra hjá von Trapp fjölskyldunni í Austurríki árið 1938. Á heimilinu eru sjö börn svo María hefur í nógu að snúast. Maltin gefur þrjár og hálfa stjörnu. Aðalhlutverk: Christopher Plummer, Julie Andrews, Eleanor Parker. Leikstjóri. Robert Wise. 1965. Leyfð öllum aldurshópum.

16.50 When Angels Come To Town

18.30 Fréttir

19.00 Shrek the Halls Myndin verður sýnd tvisvar í röð; fyrst með íslensku tali og síðan með upprunalegu röddunum Mike Myers, Eddie Murphy, Cameron Diaz og Antonio Banderas. 2007. Leyfð öllum aldurshópum.

19.25 Shrek the Halls

19.55 Harry Potter and the Goblet of Fire (Harry Potter og eldbikarinn) Fjórða myndin um vinsælasta galdrastrák sögunnar Harry Potter og ævintýri hans, byggð á bókinni Harry Potter og eldbikarinn. Aðalhlutverk:. Timothy Spall, Eric Sykes, David Tennant, Daniel Radcliffe. Leikstjóri: Mike Newell. 2005.

22.30 The Holiday Rómantísk og jólaleg gamanmynd með stórleikurunum Jude Law, Cameron Diaz og Kate Winslet í aðalhlutverkum. Diaz og Winslet leika tvær óhamingjusamar ungar konur sem búa sitthvoru megin Atlantshafs, önnur í Los Angeles og hin í úthverfi Lundúnar. Þær ákveða að gera skiptast á íbúðum yfir jólahátíðina og það á eftir að reynast happadrjúg ákvörðun því báðar komast þær í nálægð við hina einu sönnu ást. En eru þær tilbúnar að þiggja þessa bestu jólagjöf allra. Aðalhlutverk: Cameron Diaz, Kate Winslet, Jude Law. Leikstjóri: Nancy Meyers. 2006.

00.45 Troy

03.25 The Sound of Music

06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

09.35 Premier League - All Stars

11.35 Tiger in the Park

12.30 Merrill Lynch Shootout

15.10 Sumarmótin 2007 (Símamótið)

15.50 Sumarmótin 2007 (Rey - Cup mótið)

16.30 Sumarmótin 2007 (Pæjumótið)

17.15 Sterkasti maður í heimi 1983

18.15 Hefnd nördanna (KF Nörd - FC Z)

19.10 Þýski handboltinn Bein útsending frá leik RN Löwen og Gummersbach í þýska handboltanum.

21.35 Bardaginn mikli (Joe Louis - Max Schmeling)

22.30 Michael Jordan Celebrity Invitational Þáttur þar sem fjallað er um boðsmót Michael Jordan í golfi en þar mæta frægir íþróttamenn og leikarar til leiks í skemmtilegri keppni.

00.00 Þýski handboltinn Útsending frá leik RN Löwen og Gummersbach í þýska handboltanum sem fór fram miðvikudaginn 26. desember.

SÝN 2

08.35 Arsenal - Tottenham

10.15 Man. Utd. - Everton

11.55 Goals of the season

12.50 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik West Ham og Reading í ensku úrvalsdeildinni.

14.50 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Sunderland og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni. Sýn Extra. Derby - Liverpool Sýn Extra 2. Chelsea - Aston Villa Sýn Extra 3. Tottenham - Fulham Sýn Extra 4. Everton - Bolton

17.05 PL Classic Matches

17.35 Goals of the season

18.30 4 4 2

19.40 Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Portsmouth og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

21.50 Derby - Liverpool (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Derby og Liverpool sem fram fór miðvikudaginn 26. desember.

23.30 4 4 2

00.45 Chelsea - Aston Villa

SKJÁREINN

11.00 Vörutorg

12.00 Desperetly Seeking Susan Skemmtileg mynd frá 1985 þar sem söngkonan Madonna er í sínu fyrsta hlutverki í kvikmynd.

13.45 St. Elmo's Fire Frábær kvikmynd frá 1985 um nokkra vini sem er nýútskrifaðir háskóla og eiga í erfiðleikum með að aðlagast lífinu eftir skóla. Þetta er ein vinsælasta unglingamynd allra tíma.

15.30 Everest (1:2) (e)

17.15 Boot Camp Hell Weekend (e) Seinni hluti skemmtilegs þáttar þar sem fylgst er með íslenskum hetjum ganga í gegnum erfiðustu æfingar bandarískra hersins.

18.10 Dr. Phil

19.00 The King of Queens - jólaþáttur (e)

19.30 30 Rock (e)

20.00 Beyoncé: Live in Japan Upptaka frá frábærum tónleikum með söngkonunni og kynbombunni Beyoncé í Japan.

21.00 Everest (2:2) Seinni hluti spennandi framhaldsmyndar í tveimur hlutum. Myndin er byggð á sannri sögu um hóp ungra fjallgöngugarpa sem freista þess að komast á tind Everest. Á leiðinni á tindinn komast þeir að því að það eru ekki bara náttúruöflin sem þeir þurfa að berjast við heldur eru einnig innbyrðiserjur sem gætu reynst þeim hættulegar. Aðalhlutverkin leika William Shatner, Jason Priestley, Leslie Hope og Eric Johnson.

22.30 The Drew Carey Show

22.55 A Diva´s Christmas Carol (e) Skemmtileg jólamynd sem byggð er á frægri sögu eftir Charles Dickens. Það er söng- og leikkonan Vanessa L. Williams sem leikur Ebony Scrooge.

00.55 NÁTTHRAFNAR

00.55 C.S.I. Miami

01.40 Ripley's Believe it or not!

02.25 Trailer Park Boys

02.50 Vörutorg

03.50 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SIRKUS

16.00 Hollyoaks

16.30 Hollyoaks

17.00 Hollywood Uncensored

17.30 Special Unit 2 (1.:9) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.

18.15 E-Ring (22:22)

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

20.00 Hollywood Uncensored

20.30 Special Unit 2 (1.19)

21.15 E-Ring (22:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimers með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.

22.00 Behind Enemy Lines Spennumynd sem gerist á stríðshrjáðu landssvæði Balkanskagans. Siglingafræðingurinn Leslie Reigart og félagi hans Stackhouse eru skotnir niður af óvinum og handteknir. Þeir sæta harðri meðferð og virðast ekki eiga afturkvæmt. Yfirmaður þeirra leggur allt í sölurnar til að bjarga þeim en innan hersins eru ekki allir jafn skilningsríkir þegar kemur að slíkri aðgerð. Stranglega bönnuð börnum.

23.45 American Dad 3 (e)

00.10 Wildfire (1.13)

00.55 Totally Frank

01.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Hvað ertu að hugsa? Þorgrími Þráinssyni er margt til lista lagt. En hvað er hann að hugsa þessa dagana?

20.30 Hvað ertu að hugsa? Guðjón Bergmann og Róbert Jack ræða um hversdagsheimspeki og hvernig hún nýtist okkur dags daglega.

21.00 Hvað ertu að hugsa? Þeir sem farið hafa á námskeið í Hraðlestrarskólanum segja slíkt hafa breytt lífinu. Jón Vigfús Bjarnason skólastjóri er gestur Guðjóns Bergmanns.

21.30 Hvað ertu að hugsa? Erna Magnúsdóttir hjá Ljósinu leyfir Guðjóni Bergmann að svipast um í hugskoti sínu.

> Johnny Depp

Depp hefur tvisvar sinnum hjálpað bresku hljómsveitinni Oasis í hljóðveri. Spilaði Depp meðal annars á gítar í laginu Fade In-Out sem kom út á plötunni Be Here Now árið 1997. Noel Gallagher, aðalgítarleikari Oasis, var víst of fullur til þess að geta spilað. Depp lætur hins vegar gítarinn í friði í myndinni Finding Neverland sem Stöð 2 sýnir í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON ÓSKAR LANDSMÖNNUM GLEÐILEGRA JÓLA

Af rjúpnahjörtum og fyrsta litasjónvarpinu

Aðfangadagur jóla hefur í gegnum tíðina verið nátengdur sjónvarpinu í mínum huga. Enn þann dag í dag fer ég í jólaskap þegar barnaefnið sem sýna skal á aðfangadag er kynnt. Sveppi og Pétur Jóhann sjá um þetta núna. Þeir ætla að gera börnum þessa lands lífið bærilegt. Einmitt. Allir eiga minningar um það helvíti á jörð að bíða eftir að jólin yrðu hringd inn. Tíminn stendur í stað og ekkert virðist geta komið í veg fyrir örvilnun og síðar brjálæði. Pabbi, í kvikindisskap sínum, steikti alltaf rjúpurnar snemma og það bætti enn á vanlíðanina. En hann færði okkur systkinum léttsteikt rjúpnahjörtu að naga, á meðan teiknimyndirnar runnu upp hver á eftir annarri. Enn þann dag í dag finn ég lyktina af steiktum rjúpnahjörtum þegar ég sé teiknimyndir.

Litir, eins og lykt, tengjast minningum um jólin. Ég bjó á Stöðvarfirði og þangað kom póstskipið bara á vorin. Því eru fyrstu æskuminningar mínar meira og minna í svörtum eða gráum tónum. En undantekningin var jólin. Þá komu menn á hestum með jólapakka frá kaupstöðum eins og Seyðisfirði og Norðfirði. Þeir voru í öllum litum regnbogans og það færði birtu og yl inn í annars viðburðasnautt líf okkar. Svo var lagður vegur á Stöddann og allt breyttist. Fersk matvara tók að berast okkur og át á súrsuðum selshreifum lagðist af að mestu á okkar heimili. Löngu síðar var tilveru okkar síðan bylt í eitt skipti fyrir öll. Einhver kom með litasjónvarp.

Þá varð fyrst spennandi að horfa á teiknimyndirnar. Ég er ekki frá því að þá hafi ég í fyrsta skipti tekið eftir því að það blæddi úr litlu rjúpnahjörtunum sem ég var að éta. Ég varð þó ekki afhuga rjúpnaáti, einfaldlega vegna þess að ég tímdi ekki að skemma þessa sönnu jólagleði sem barnaefnið á aðfangadag færði mér. Og færir mér enn.

EKKI MISSA AF

14.10 Austin Powers 3 SKJÁREINN

20.00 Les Miserables STÖÐ 2 BÍÓ

21.40 Finding Neverland STÖÐ 2

22.00 Aftansöngur jóla SJÓNVARPIÐ

22.00 Shallow Hal SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Gurra grís, Halli og risaeðlufatan, Lítil prinsessa, Bubbi byggir, Trillurnar, Sammi brunavörður, Magga og furðudýrið, Skúli skelfir, Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar og Björn bróðir

12.50 Táknmálsfréttir

13.00 Fréttir

13.15 Veður

13.20 Beðið eftir jólum með Bólu (1:8) Jól hjá Gurru grís, Músahús Mikka, Gleðileg Jóajól, Fjórði vitringurinn, Lærlingur jólasveinsins og Ég kem heim fyrir jólin

16.25 Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar

16.35 Hlé

19.50 Nóttin var sú ágæt ein Helgi Skúlason les kvæðið og Sigríður Ella Magnúsdóttir syngur ásamt kór Öldutúnsskóla.

20.10 Jólatónar Flutt eru jólalög úr dagskrá Sjónvarpsins á liðnum árum í flutningi margra þekktustu tónlistarmanna þjóðarinnar, söngvara, hljóðfæraleikara og kóra.

20.55 Mormónakórinn og Sissel Kyrkjebø

22.00 Aftansöngur jóla Biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, prédikar og þjónar fyrir altari í Dómkirkjunni í Reykjavík.

22.55 Fyrir þá sem minna mega sín Upptaka frá tónleikum Fíladelfíukirkjunnar í Reykjavík. Fram koma söngvararnir Páll Rósinkranz, Edgar Smári Atlason, Maríanna Másdóttir og fleiri ásamt kór og hljómsveit undir stjórn Óskars Einarssonar.

00.05 Hjálparhellur (Ladies in Lavender)

01.45 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Les Miserables

08.10 Bee Season

10.00 Kicking and Screaming

12.00 Fever Pitch

14.00 Bee Season

16.00 Kicking and Screaming

18.00 Fever Pitch

20.00 Les Miserables Aðalhlutverk: Liam Neeson, Geoffrey Rush, Uma Thurman, Claire Danes. Leikstjóri: Bille August. 1998. Bönnuð börnum.

22.10 Kinsey

00.00 Æon Flux

02.00 Dirty Deeds

04.00 Kinsey

STÖÐ 2

08.20 Land Before Time XI. Invasion of the Tinysauruses

10.35 Fjölskyldubíó-Garfield 2

12.00 Hádegisfréttir

12.20 Algjör Jóla-Sveppi

13.10 Jesús og Jósefína (24:24) (e)

13.30 The Polar-Express

15.10 Eloise at Christmastime

16.40 The Adventures of Elmo

18.00 Aftansöngur úr Grafarvogskirkju Bein útsending frá aftansöngi í Grafarvogskirkju. Prestur er séra Vigfús Þór Árnason. Egill Ólafsson syngur einsöng. Organisti er Hörður Bragason og Hjörleifur Valsson sér um fiðluleik.

19.05 Jólastjarna - Diddú Sigrún Hjálmtýsdóttir flytur lög af geysivinsælli jólaplötu sem hún sendi frá sér árið 1997.

19.35 Páll Óskar og Monika Upptaka frá tónleikum Páls Óskars og hörpuleikarans Moniku Abendroth í Skálholtskirkju. Flutt eru lög af geisladisknum Ljósin heima.

20.10 A Very Married Christmas Lítil og ljúf jólamynd með hjartað á réttum stað. Joe Mantegna leikur nýfráskilinn mann í ástarsorg sem upplifir hinn eina sanna jólakærleika þegar hann ákveður að gerast jólasveinn.

21.40 Finding Neverland Bandarísk verðlaunamynd frá árinu 2004 sem segir frá því hvað varð til þess að JM Barrie skrifaði Pétur Pan. Skyggnst er inn í samband hans við börnin fjögur og móður þeirra sem öll veittu honum innblástur í hið sögulega verk. Með aðalhlutverk fara Johnny Depp, Julie Christie og Kate Winslet. Leikstjórn var í höndum Marcs Forsters.

23.20 The Notebook Eldheit og sígild ástarsaga sem naut mikilla vinsælda er hún var sýnd í kvikmyndahúsum árið 2004. Söguna segir gamall maður vinkonu sinni á elliheimili. Fjallar sagan um forboðið ástarævintýri milli tveggja ungmenna sem fella hugi saman gegn vilja foreldra sinna. Foreldrar hennar vilja ekki sjá að hún sé með þessum óheflaða lágstéttarmanni og skilja þau að. Hún ákveður því að ganga að eiga annan mann. En sama hversu mjög þau reyna, ástin milli þeirra virðist aldrei geta dáið.

01.20 Vanity Fair

03.35 Before Sunset

04.55 A Very Married Christmas

06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

08.05 Spænski boltinn Útsending frá leik Barcelona og Real Madrid.

09.45 NFL deildin (New England-Miami)

11.45 Spænski boltinn (Sevilla - Racing)

14.20 Sumarmótin 2007 (Kaupþingsmótið)

14.55 Sumarmótin 2007 (Shellmótið)

15.35 Sumarmótin 2007 (N1 - mótið)

16.15 KF Nörd (15:15) Síðasti þátturinn um Knattspyrnufélagið Nörd þar sem Nördarnir fá að spreyta sig gegn Íslandsmeisturum FH frammi fyrir 7 þúsund áhorfendum á Laugardalsvellinum. Leikurinn varð hin besta skemmtun og með Nördunum léku landsfrægir gestir.

17.05 HLÉ

20.00 Premier League - All Stars Allar helstu stjörnur síðari ára í enska boltanum á einum stað.

22.00 Merrill Lynch Shootout Einstaklega skemmtilegt mót þar sem margir af fremstu kylfingum heims mæta til leiks og leika gegn áhugamönnum. Mótið er afar fjölbreytt en í úrslitum er leikinn svokallaður Texas Scramble. Verðlaunafé á mótinu er 170 milljónir króna.

SÝN 2

08.00 Blackburn - Chelsea (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Blackburn og Chelsea sem fram fór sunnudaginn 23. desember.

09.40 Season Highlights (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

10.35 Season Highlights (Hápunktar leiktíðanna)

11.30 Season Highlights

12.25 Season Highlights

13.20 Season Highlights

14.15 Season Highlights

15.10 Season Highlights

16.05 Season Highlights

17.00 Man. Utd - Everton (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Manchester United og Everton sem fram fór sunnudaginn 23. desember.

SKJÁREINN

10.40 Vörutorg

11.40 Dr. Phil (e)

12.25 La Bamba Frábær kvikmynd frá 1987 sem byggð er á sönnum atburðum og segir frá ævi söngstjörnunnar Ritchie Valens, sem lést sviplega í flugslysi.

14.10 Austin Powers in Goldmember Geggjuð grínmynd frá árinu 2002 um leyniþjónustumanninn Austin Powers. Það eru þrjú ár síðan hann átti síðast í höggi erkióvin sinn, Dr. Evil. Nú tekst Dr. Evil og félaga hans, Mini-Me, að sleppa úr fangelsi og stefnir á heimsyfirráð með aðstoð hins dularfulla Goldmember. Austin Powers verður því að taka til sinna ráða. Aðalhlutverkin leika Mike Myers, Beyoncé, Seth Green og Verne Troyer.

15.45 Will & Grace - jólaþáttur

16.10 Miss Lettie and Me Falleg sjónvarpsmynd frá árinu 2002 sem kemur öllum í jólaskap.

17.50 Óstöðvandi jólatónlist

18.45 Dr. Phil

19.30 The Drew Carey Show (e)

20.00 The Office (e)

20.30 Malcolm in the Middle - jólaþáttur (e)

21.00 The Musketeer Stórbrotin ævintýramynd sem byggð er á frægri sögu eftir Alexander Dumas um D'Artagnan og skytturnar þrjár.

22.45 The Drew Carey Show

23.10 Liberty Stands Still Spennumynd frá árinu 2002 með Wesley Snipes, Oliver Platt og Lindu Fiorentina í aðalhlutverkum. Snipes leikur mann sem hyggur á hefndir fyrir dauða dóttur sinnar sem var myrt í skotárás í skóla. Skotmark hans er einn helsti framleiðandi skotvopna í Bandaríkjunum.

00.40 NÁTTHRAFNAR

00.40 C.S.I. Miami

01.30 Ripley's Believe it or not!

02.15 Trailer Park Boys

02.40 Vörutorg

03.40 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: STÖÐ 2 STÖÐ 2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ+ STÖÐ 2 SIRKUS STÖÐ 2 SIRKUS+

GARÐAR THÓR OG GESTIR
HÁTÍÐARTÓNLEIKAR LEXUS
Á JÓLADAG KL. 18:50

skemmtilegri

LEXUS
The pursuit of perfection



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 18.00

Aftansöngur úr Grafarvogskirkju

Stöð 2 býður landsmönnum upp á beina útsending frá aftansöng í Grafarvogskirkju kl. 18 á aðfangadag. Prestur er séra Vigfús Þór Árnason. Egill Ólafsson syngur einsöng. Organisti er Hörður Bragason og Hjörleifur Valsson sér um fiðluleik. Hér er komið kærkomið tækifæri fyrir þá landsmenn sem ekki eiga heimangengt að njóta þeirrar góðu og gildu hefðar að sækja messu aðfangadag, en fátt er jú meira hátíðlegra og viðeigandi.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

The Notebook
Stöð 2 kl. 23.20

Eldheit og sígild ástarsaga sem naut mikilla vinsælda er hún var sýnd í kvikmyndahúsum árið 2004. Tilvalin mynd til að sjá á aðfangadagskvöldi. Segir okkur að gefast aldrei upp á ástinni. Ástarsögurnar verða vart mikið fallegri en sú sem sögð er í þessari mynd.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
08.00 Morgunfréttir
09.05 Okkar á milli
10.03 Veðurfregnir
10.13 Stefnumót
11.03 Kerti spil og skata
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Þessi blessuðu jól
13.50 Gefðu mér gott í skóinn
14.20 Og svo komu jólin
15.00 Útvarpsleikhúsið: Sitji guðs englar
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Grýla kallar á börnin sín
17.03 Húmar að jólum
17.50 HLÉ
18.00 Aftansöngur í Dómkirkjunni
19.00 Jólatónleikar Útvarpsins
20.04 Jólavaka Útvarpsins
22.10 Veðurfregnir
22.15 Jólaóratoría
01.00 Jólatónlist til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks
16.30 Hollyoaks
17.00 Totally Frank
17.25 Footballer´s Wives - Extra Time
17.50 Footballer´s Wives - Extra Time
18.15 X-Files (e)
19.00 Hollyoaks
19.30 Hollyoaks
20.00 Totally Frank
20.25 Footballer´s Wives - Extra Time
20.50 Footballer´s Wives - Extra Time
21.15 X-Files (e)
22.00 Shallow Hal Gamanmynd, uppfull af rómantík og dramatík. Hal Larson er vel uppalinn og fylgir ráðum föður síns og fer bara á stefnumót með gullfallegum konum. Dag einn hittir hann andlegan leiðtoga og er dáleiddur. Upp frá því fer Hal bara á stefnumót með konum sem búa yfir innri fegurð. Hann hittir svo Rosemary og sér einn fegurð hennar. En hvað gerist ef dáleiðslan hættir að virka? Aðalhlutverk: Jack Black, Gwyneth Paltrow, Jason Alexander. Leikstjóri: Bobby Farrelly, Peter Farrelly. 2001. Leyfð öllum aldurshópum.
23.50 Sjáðu
00.15 Johnny Zero (7.13)
01.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Hrafnaþing Edda Andrésdóttir spjallar við Ingva Hrafn um lífið og tilveruna og bókina sem hún skrifaði um Alzheimer-sjúkdóm föðurins.
20.30 Hrafnaþing Sigmundur Ernir Rúnarsson segir sögur af samskiptum við Guðna Ágústsson og skrifum bókarinnar Guðni af lífi og sál.
21.00 Hrafnaþing Gestir Ingva Hrafns á Hrafnaþingi eru þeir Steinar J. Lúðvíksson, rithöfundur og Jakob Jakobsson, fiskifræðingur, en þeir glugga saman í stórvirkið Síldarsaga Íslands.

DR 1

11.00 Nu' det jul **13.00** Jul i Svinget (24) **13.30** Nu' det jul **15.00** Juleaftensgudstjeneste **16.00** Disneys Juleshow **16.50** Nu' det jul **17.30** Jul i Svinget (24) **18.00** Radiserne **18.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.40** H.C. Andersen **20.30** DR's store Juleshow **22.05** Bullitt **23.55** Midnatsmessen fra Rom 2007 **01.50** Forbudte følelser

NRK 1

14.10 Kvelden før kvelden **15.45** Broadway - musikalens storstue **16.45** Country Music Awards 2007 **18.15** Freddie Mercury - et magisk liv
19.00 Dagsrevyen **19.20** Polhavets pionerer
20.15 Noreg i eit nøtteskal **21.05** Heftig og begeistret **22.45** Til "Landet i det fjerne"
23.15 Keno **23.20** Bernt Balchen, en kunstner med vinger **00.10** Classic Albums: Frank Zappa - grenseløs artist

SVT 1

2.05 Kampen för Christina **12.35** Varvara - utan mors välsignelse **13.35** Gomorron Sverige **14.25** Andra Avenyn **14.55** Årets julvärd: Anne Lundberg **15.00** Kalle Anka och hans vänner önskar God Jul **16.05** Kan du vissla Johanna? **17.00** Resande i glädje **17.30** Julbön **18.00** Bolibompa **18:00-19:00:** Var ligger tomteland? **18.30** Julkalendern: En riktig jul **18.45** Snickar Andersson och Jultomten **19.00** Karl-Bertil Jonssons julafton **19.25** Årets julvärd: Anne Lundberg **19.30** Rapport **19.45** Julkaramell från Minnenas television **20.00** Andra Avenyn **20.30** Nordisk julkonsert 21.30 Hälsoresan 23.15 Rapport **23.20** Young at heart **00.15** 4.50 från Paddington **01.40** Vita huset **02.25** Sändningar från SVT24



JÓLAMATURINN

„Eins og alltaf borða ég hjá tengdamömmu á aðfangadag. Máltíðin er breytileg á milli ára en ávallt fjórrétta. Hún er ítölsk svo við fáum eitthvert ítalskt ljúfmeti, mjög ólíkt íslenskum jólamat.“

Hörður Torfason söngvaskáld

Siggi Hall bjargar jólunum á hverju ári

„Nei, merkilegt nokk, þá hefur þetta ekkert minnkað eftir að maður hvarf af skjánum,“ útskýrir matreiðslumaðurinn Siggi Hall en hann er væntanlega meðal þeirra síðustu sem setjast að jólaborðinu á aðfangadagskvöld. Ástæðan er þó ekki að Siggi er svona seinn með allt heldur hringir fólk í hann nánast allan aðfangadag og óskar eftir aðstoð eða hreinlega fyrstu hjálp með jólamatinn. Og beiðnirnar geta verið af öllum stærðum og gerðum; allt frá því að brúna kartöflur, búa til uppstúf og eiga við frosnu jólasteikina. „Mest eru það þó brúnuðu kartöflurnar og uppstúfurinn sem eru að flækjast fyrir fólki,“ segir Siggi.

Eiginkonan, Svala Ólafsdóttir, er fyrir löngu hætt að kippa sér upp við þetta og Siggi segist reyna að taka öllu með mestu ró. „Fólki finnst það bara hafa aðgang að manni og mér rennur blóðið til skyldunnar, fyrst ég var nú einu sinni svona vitlaus að gefa þjóðinni persónu mína,“ segir Siggi, sem jafnvel er stoppaður út á götu og spurður álits á hinu og þessu. „Ég verð nú samt pirraður þegar fyllibytturnar hringja, þá nenni ég þessu ekki, en annars er ég bara blíður og þægur,“ segir Siggi.

- fgg

BJARGVÆTTUR JÓLAMATARINS Símhringingum hefur ekkert fækkað þrátt fyrir að Siggi Hall sé í pásu frá skjánum.



LÁRÉTT
2. getraun 6. hæð 8. krá 9. skýra frá 11. íþróttafélag 12. goðmögn 14. masar 16. gríðskur bókstafur 17. þrí 18. einkar 20. tveir eins 21. steintegund.

LÓÐRÉTT
1. máta 3. í röð 4. keppikefli 5. dýrahljóð 7. lengdareining 10. svif 13. veitt eftirför 15. land 16. fálm 19. tveir eins.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. gátu, 6. ás, 8. bar, 9. tjá, 11. kr, 12. tótem, 14. malar, 16. pí, 17. trí, 18. all, 20. kk, 21. talk.

LÓÐRÉTT: 1. hátt, 3. áb, 4. takmark, 5. urr, 7. sjómíla, 10. áta, 13. elt, 15. ríki, 16. pat, 19. ll.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. Boston.
2. El clásico.
3. Landsvirkjun Power.

Auglýsingasími 512 5050
– Mest lesið
FRÉTTABLAÐIÐ

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

LADDI OG BJÖRGVIN: KÓNGARNIR Í ÍSLENSKU SKEMMTANALÍFI

Veltan hundruð milljóna á rúmu ári

Hafnfirsku skemmtikraftarnir Laddi og Björgvin Halldórsson, sem báðir halda upp á fjörutíu ára starfsafmæli sín í ár, hafa samanlagt velt um 385 milljónum króna á rúmu ári með geisladiskasölu sinni, tónleikum og leiksýningum.

Laddi hefur á þessu ári selt tæp sautján þúsund eintök af plötum sínum Hver er sinnar kæfu smiður og Jóla hvað? ásamt eldri plötum sem voru endurútgefnar.

Vinsældir Ladda á plötumarkaðinum haldast í hendur við hina geysivinsælu sýningu hans Laddi 6-tugur sem var frumsýnd í Borgarleikhúsinu í febrúar. 81 sýningu er nú lokið og alls hafa rúmlega fjörutíu þúsund manns hlegið sig máttlausa yfir uppátækjum Eiríks Fjalars, Saxa læknis og félaga.

Björgvin hefur á árinu selt plötur sínar Íslandslög 7, Íslandslög 1-6, Jólagestir 4 og Jólagestir 1-3 ásamt safnplötunni Þó líði ár og öld sem kom út 2005 í tæpum tuttugu þúsund eintökum. Að auki hélt Björgvin þrenna jólatónleika fyrir troðfullri Laugardalshöll á dögunum sem um níu þúsund manns sáu. Einnig eru teknir með í reikninginn þrennir tónleikar Björgvins með Sinfóníuljómsveit Íslands í lok september í fyrra fyrir framan níu þúsund manns og plata með tónleikunum sem hefur selst í um átján þúsund eintökum.

Má því með sanni segja að þessir tveir stuðboltar hafi borið höfuð og herðar yfir aðra í skemmtanbransanum að undanförnu og uppskorið rækilega eftir því. Þótt þeir fái ekki nema hluta af veltunni í eigin vasa ættu þeir að eiga fyrir salti í jólagrautinn og rúmlega það.

Með veltu er átt við það hversu mikið fólk hefur greitt fyrir plöturnar þeirra og aðgang að tónleikunum og sýningunum. Ekki er reiknað með skatti eða kostnaði sem þeir eða útgáfufyrirtæki þeirra hafa þurft að inna af hendi vegna verkefnanna.

freyr@frettabladid.is

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
Íslandslög 1-6: 5.000 eintök
Íslandslög 7: 4.200 eintök
Jólagestir 1-3: 4.500 eintök
Jólagestir 4: 5.000 eintök
Þó líði ár og öld: 500 eintök
Sinfóníuplata: 18.000 eintök
Sinfóníutónleikar: 9.000 manns
Jólatónleikar: 9000 manns

Velta samtals: Um 208 milljónir

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON Björgvin fyllti Laugardalshöll sex sinnum á rúmu ári.

LADDI Þórhallur Sigurðsson, Laddi, ætti að vera sáttur við ársuppskeruna.

ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON
Hver er sinnar kæfu smiður: 8.500 eintök
Jóla hvað?: 5.500 eintök
Endurútgáfur: 2.500 eintök
Laddi 6-tugur: 40.000 manns

Velta samtals: Um 177 milljónir

Heldur hátíðirnar á tveimur heimilum

„Við keyptum hús á Selfossi í nóvember og erum að klára að standsetja það núna, en við ætlum að búa á báðum stöðunum,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra, sem segir það ekki stórmál að standa í slíkum framkvæmdum í desember. „Við tókum okkur ágætan tíma í þetta og það einfaldar málin að við erum ekki að flytja heldur koma okkur fyrir á öðrum stað til viðbótar.“ Björgvin og sambýliskona hans María Ragna Lúðvígsdóttir ætla ásamt sex börnum þeirra að skipta hátíðunum í tvennt og halda þær á báðum heimilunum, annars vegar í nýja húsinu á Selfossi og hinsvegar á bænum Skarði í Gnúpverja- og Skeiðahreppi þar sem þau hafa búið undanfarin ár. „Við verðum í Skarði um jólin en milli jóla og nýárs ætlum við að klára að koma okkur fyrir í húsinu á Selfossi. Áramótunum ætlum við svo að eyða þar.“

Björgvin segir að það henti fjölskyldunni einfaldlega betur að eiga tvö heimili. „Það er helmingi styttra fyrir mig að keyra í vinnuna frá nýja staðnum, styttir vegalengdina úr 100 km niður í 50 km. Það var annað hvort að flytja í bæinn eða flytja nær honum og við vorum öll mjög spennt fyrir því að flytja á Selfoss. Það hafði líka sitt að segja að við fundum hér skemmtilegt hús. Við gátum hins vegar ekki hugsað okkur að sleppa heimilinu uppi í hreppi og ætlum þess vegna að eiga það áfram.“

Jólahaldið á heimilinu er hefðbundið að sögn Björgvins en það er enn tvísýnt með jólamatinn. „Það er hefð úr fjölskyldu konunnar að borða rjúpur á jólunum en ég er alinn upp við að borða hamborgarhrygg. Við tókum hennar hefð upp í því en ég held reyndar að ekki sé búið að útvega rjúpurnar núna svo það er heldur tvísýnt,“ sagði Björgvin fyrir helgina. Eflaust er þó búið að leysa úr þessu nú.

- sók

NÓG AÐ GERA Í DESEMBER Björgvin G. Sigurðsson hefur haft nóg að gera í jólamánuðinum því hann, konan og sex börn þeirra eru að koma sér fyrir á nýju heimili.



Bensínorkan óskar landsmönnum kærleiksríkra jóla og áramóta

allan hringinn



ORKAN BÍNSÍN

ÞAÐ MUNAR UM MINNA

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

jol.is

BAKÞANKAR
Þráins Bertelssonar

Jólakort frá Íslandi

Hallóhalló, öllsömul þarna úti í geimnum og fyrir handan, uppi og niðri og allt um kring! Við ætlum að halda jólin að þessu sinni á smáeyju sem heitir Ísland og er rétt fyrir neðan það sem eftir er af Norðurheimskautinu. Hér er lítið af ferðamönnum á þessum árstíma og engin hætta á að barnshafandi konum sé vísað til sængur í gripahúsum ef þær eru með Master eða Visa. Ekki samt svo að skilja að frúin sé ólétt :-).

HÉRNA Á ÍSLANDI væri ábyggilega margt að sjá ef það væri ekki þreifandi myrkur mestallan sólarhringinn á þessum árstíma. Ljós punktur í öllum sortanum er þó sterkur lampi sem varpar ljósi út í geiminn. Út af honum gengur ljóssúla sem sjá má langt að og táknar ósk um frið og ljós í veröld átaka og myrkurs. Það voru þó ekki Íslendingar sem áttu þessa hugmynd heldur var það kona frá Japans-eyjum sem fattaði að hér er ódýrt rafmagn sem Íslendingar nota annars mestan part til að framleiða mengun.

ÍSLENDINGAR eru upp til hópa sómafólk, friðsamir, óáleitnir og duglegir að bjarga sér. Samt eru gikkir innan um og saman við sem hugsa ekkert um hvernig þeir geti unnið þjóð sinni gagn. Þeir pæla eingöngu í því hvernig hægt sé að komast til valda, græða á náunganum og ota sínum tota og ættmenna sinna og jábræðra. Manni finnst auðvitað skrýtið að svoleiðis pakk skuli ekki vera gert brottrækt úr þessari norðlægu Paradís en Íslendingar sýna frekjuhundum mikið langlundargeð sem ber vott um gott hjartalag eða langvarandi skort á B6, B12 og D-fjörefnum.

AUK ÍSLENDINGA býr hérna mýgrútur af huldufólki, draugum, tröllum og jólaveinum. Flest af því liði forðast sem mest að eiga samskipti við mannfólkið nema einstöku huldumenn sem vinna svart við lækningastörf og fáeinir draugar sem eru eftirsóttir uppistandarar á miðilsfundum. Mataræðið hérna er fremur einhæft, kjöt eða fiskur, pitsur og hamborgarar. Eva er soldið skúffuð yfir því hvað ávextirnir hérna eru dýrir og lélegir, einkum eplin, en það kann að stafa af því að Íslendingar eru yngsta þjóð í Evrópu og hafa ekki enn komist almennilega upp á lag með að láta skilningstréð bera ávöxt sér til matar.

Bestu óskir um gleðileg jól!
Ykkar Eva, Adam og börnin

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 24. desember, 358. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.22	13.27	15.32
Akureyri	11.38	13.12	14.45

Heimild: Almanak Háskólans